

## ÚRSKURÐUR

### ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

---

#### MÁL NR. 5/2014

Kæra Íslandsbanka hf. á ákvörðun Neytendastofu [nr. 8/2014](#).

1. Þann 23. febrúar 2015 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 5/2014: Kæra Íslandsbanka hf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 8/2014 frá 27. febrúar 2014. Í málinu úrskurða Hildur Dungal, Egill Heiðar Gíslason og Halldóra Þorsteinsdóttir.
2. Með kæru, dags. 26. mars 2014, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu nr. 8/2014 frá 27. febrúar 2014, um að kærandi hafi brotið gegn 12. gr. þágildandi laga nr. 121/1994 um neytendalán og 5. gr. þágildandi laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins með því að taka ekki tillit til verðbóta við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar og setja inn 0% sem verðbótaforsendu við útreikning hlutfallstölunnar og framlagningu upplýsinga vegna lánveitingar samkvæmt skuldabréfi 9. mars 2005. Þá var talið að kærandi hefði brotið gegn 4. tölulið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 og 5. gr. laga nr. 57/2005 með því að taka ekki tillit til verðbóta við útreikning á heildarlántökukostnaði og síðastgreinda ákvæðinu, sbr. 7. tölulið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994, með því að taka ekki tillit til verðbóta við framsetningu greiðsluáætlunar.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu nr. 62/2005, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán.

#### MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi til Neytendastofu, dags. 24. október 2012, kvartaði Sabrina Casadei yfir viðskiptaháttum forvera kæranda, sem eftirleiðis verður vísað til sem kæranda, í tengslum við skilmála verðtryggðs húsnæðisláns sem hún hefði tekið hjá honum. Í bréfinu kemur fram að Sabrina hafi hætt að greiða af verðtryggðu húsnæðisláni hjá bankanum kæranda 2010 þar sem hún hafi verið mjög ósátt við að bankinn hefði þá enn ekki brugðist á sanngjarnan og viðeigandi hátt við forsendubresti í kjölfar efnahagshrunsins. Kæranda hafi þó verið send skrifleg yfirlýsing þess efnis að Sabrina teldi sér heimilt að fresta greiðslum og víkja lánessamningnum til hliðar og hafi verið færð lagaleg rök fyrir því. Jafnframt hafi fylgt yfirlýsing Sabrinu um að hún héti því að standa við sínar skuldbindingar samkvæmt lánessamningnum í samræmi við lög. Miðað við túlkun kæranda á framkvæmd samningsins teldi Sabrina hins vegar að sér hefði ekki verið gefinn kostur á að efna samninginn í samræmi við lög. Enn fremur hefði kærandi ekki á sannfærandi hátt veitt gild lagaleg rök fyrir túlkun sinni á samningnum. Þá kom fram að Sabrina væri ekki upphaflegur lántaki en umfjöllun hennar tæki mið af því að hún væri lántaki, enda hefði hún yfirtekið lánið.

5. Í bréfinu kemur fram að umræddum lánessamningi fylgi greiðsluáætlun sem geri ráð fyrir að verðbólga sé 0%. Sjá megi á henni hvernig hver greiðsla lækki höfuðstólinn og að greiðslurnar séu allar nánast jafnar að krónutölu og litlar breytingar séu á afborgunum og vaxtagreiðslum á milli mánaða. Engar upplýsingar sé að finna í samningnum um áhrif verðlagsvísitölu á lánið aðrar en þær að greiðsluáætlun byggji á þágildandi vísitölu og kveðið sé á um að skuldin fylgi vísitölunni. Þar að auki beri að greiða verðbætur af öllum greiðslum. Lánveitandi hafi ekki uppfyllt þá grundvallarskyldu 2. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 um að upplýsa lántakanda um hvernig þessi kostnaðarliður breytist og hversu mikið vægi hann kunni að hafa í heildarlántökukostnaði. Sérstaklega sé það ámælisvert í ljósi þess að lánveitandi hafi vitað að lántaki í þessu tilfalli væri erlendur ríkisborgari sem væri hvorki líklegur til þess að þekkja til verðtryggingar húsnæðislána né þróunar verðbólgu á Íslandi. Greiðsluáætlun sem gerði ráð fyrir 0% verðbólgu út lánstímamann væri augljóslega óraunsæ, sérlega villandi og beinlínis blekkjandi.
6. Í bréfi Sabrinu kemur fram að kröfur kæranda séu of háar og mun hærri en árleg hlutfallstala kostnaðar segi til um. Kærandi hafi svarað því á þann hátt að 12. gr. laga nr. 121/1994 mætti skilja þannig að hún kvæði á um að við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar skyldi m.a. miða við að verðlag héldist óbreytt út lánstímamann og enn fremur að þar sem greiðsluáætlun byggði á þágildandi vísitölu, fylgdi heildarlántökukostnaðurinn breytingum á vísitölunni. Kærandi héldi því þannig fram að þegar hlutfallstalan væri uppfærð í samræmi við breyttan lántökukostnað rúmaði hún hækkun greiðslna af völdum aukinna verðbóta.
7. Af bréfi Sabrinu verður ráðið að hún telji þennan skilning kæranda ekki samræmast orðalagi ákvæða laga nr. 121/1994. Vísað er til 11. gr. laganna og bent á að hvergi í lögnum komi fram að hlutfallstala kostnaðar geti tekið breytingum yfir lánstíma. Í tilskipun 87/102/EBE, sem innleidd hafi verið í íslenskan rétt með lögum nr. 121/1994, sé gert ráð fyrir breytingum á hlutfallstölu kostnaðar en þá þurfi sérstaklega að tilgreina við hvaða aðstæður megi breyta henni. Varla sé því hægt að fallast á að hlutfallstalan geti þannig breyst sjálfkrafa út frá vísitölubreytingum þegar ekki sé um að ræða nein ákvæði í lánessamningi varðandi breytingar á hlutfallstölu. Ef ekki sé tekið fram í lánessamningi hvort og þá hvernig hlutfallstalan geti tekið breytingum skorti heimild til þess að breyta henni og upphaflega hlutfallstalan eigi því að haldast óbreytt.
8. Í 7. gr. laganna komi skýrt fram hvað felist í heildarlántökukostnaði og tæmandi upptalning fylgi yfir það sem sé undanskilið. Í ljósi þess að verðbætur séu ekki undanskildar séu þær augljóslega hluti af lántökukostnaði sem neytendum sé ætlað að greiða. Beri því að líta svo á að þær séu meðtaldar í uppgengum heildarlántökukostnaði. Lánveitanda sé ætlað að leggja raunsætt mat á breytilega kostnaðarliði og heildarlántökukostnaður eigi að endurspegla það mat. Megi því segja að lánveitandi sleppi verðbótum í uppgengnum heildarlántökukostnaði og sé þar með ekki heimilt að krefja lántakanda um greiðslur verðbóta.
9. Þá sé varla hægt að fallast á að lánveitandi geti breytt heildarlántökukostnaði sem beri að gefa upp samkvæmt 7. gr. laga nr. 121/1994 út frá túlkun hans á hvernig beri að standa að útreikningi á hlutfallstölu. Þótt lánveitandi túlki 12. gr. laganna á þann hátt að sleppa beri verðbótum úr heildarlántökukostnaði við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar, beri

honum samt að gefa upp heildarlántökukostnað samkvæmt 7. gr. sem gefi hvergi tilefni til þess að undanskilja verðbætur. Það sem skipti þó meira máli sé að sú túlkun lánveitanda, að ekki skuli tekið tillit til verðbóta í útreikningi á hlutfallstölunni, sé röng. Árleg hlutfallstala kostnaðar eigi samkvæmt tilskipun 87/102/EBE meðal annars að tryggja að neytendur geti nýtt hana til að bera saman mismunandi lánakjör. Eina leiðin til þess að neytendur geti borið sama verðtryggð lán við óverðtryggð lán á grundvelli árlegrar hlutfallstölu kostnaðar sé að kostnaður vegna verðbóta sé innifalinn í hlutfallstölunni og þá miðað við forsendur sem teljist raunsæjar.

10. Í bréfinu er síðan vikið að orðalagi 12. gr. laga nr. 121/1994. Af samhengi ákvæðisins sé ljóst að orðalag þess um að verðlag, vextir og önnur gjöld teljist kostnaðarliðir. Sé litið framhjá þessu samhengi sé mögulegt að túlka verðlagshlutann á þann hátt að ef verðlag teljist óbreytt út lánstímann merki það 0% verðbólgu út lánstímann. Það hljóti þó að teljast algjörlega óraunhæf forsenda sem skekki verulega upplýsingagildi hlutfallstölu og væri í hróplegu ósamræmi við tilgang og markmið laganna og tilskipunarinnar. Þar sem kröfuhafi hafi valið sér þessa vafasömu túlkun á 12. gr. sé ástæða til þess að kanna nánar bakgrunn lagasetningarinnar í þessu tilliti.
11. Næst er efni 6. gr. tilskipunar 87/102/EBE rakið og ályktað að greinilega sé átt við að allir breytilegir kostnaðarliðir séu gefnir upp. Því eigi réttilega að gefa upp verðbótapátt miðað við verðbólgu eða verðbólguhörfur þess tíma á sama hátt og t.d. gefa ætti upp upphafsvexti í tilviki breytilegra vaxta. 12. gr. laga nr. 30/1993 hafi verið efnislega nokkuð samhljóða framangreindri tilskipun. Orðalag 12. gr. laga nr. 121/1994 virðist á hinn bóginn hafa komið fram þegar starfshópur, sem falið var að endurskoða lög nr. 30/1993, gaf út frumvarp til breytinga. Þess beri þó að geta að í fyrri útgáfu frumvarpsins hafi ekki verið að finna slíka breytingu á ákvæðinu. Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins sem hópurinn gaf út komi fram vegna breytinga á 12. gr. að þar væri eingöngu lagt til að gera ákvæðið skýrara með því að kveða á um verðtryggingu í stað vísitölubindingar og verðlagsviðmiða. Ekki hafi verið getið um neinar efnislegar breytingar greinarinnar. Augljóslega hefði þess verið getið og útskýrt í athugasemdum ef til stæði að afnema verðbótarkostnað úr árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Það hefði verið grundvallarbreyting og þar að auki í ósamræmi við tilgang tilskipunarinnar. Þarna hafi því augljóslega verið um að ræða óheppilega orðalagsbreytingu, en ekki efnislega breytingu á viðkomandi ákvæði.
12. Af framansögðu sé ljóst að 12. gr. laga nr. 121/1994 beri að túlka á þann veg að gefa eigi upp kostnað vegna verðbóta miðað við verðlagsþróun þess tíma. Lánveitandi verði sjálfur að bera ábyrgð á því að hafa mistúlkað þessa lagagrein og taka afleiðingum þess. Hann hefði auðveldlega getað leitað frekari lögskýringa í ljósi þess vafa sem hafi verið til staðar. Einnig beri að geta þess að í innsendum umsögnum um frumvarpið virtist enginn hafa gert athugasemd við þetta tiltekna orðalag 12. gr. og enn fremur beri að hafa í huga að í áðurnefndum starfshópi hafi verið fulltrúi frá bönkum og sparisjóðum.
13. Í bréfinu er fjallað um heildarlántökukostnað og bent á að hugtakið sé skilgreint í 7. gr. laga nr. 121/1994. Geti kröfuhafi ekki borið fyrir sig að hann innihaldi ekki verðbætur, enda skýrt kveðið á um það með tæmandi upptalningu hvaða kostnaðarliðir séu þar ekki meðtaldir.

Kröfuhafi verði því að bera sjálfur ábyrgð á þeim mistökum að hafa gert með því að gefið sér að heildarlántökukostnaðurinn væri án verðbóta. Þrátt fyrir að lánveitandi hafi kosið að túlka 12. gr. laga nr. 121/1994 þannig að verðbætur væru ekki inni í árlegri hlutfallstölu kostnaðar eigi 14. gr. laganna engu að síður við, en í 2. mgr. sé kveðið á um að lánveitanda sé eigi heimilt að krefjast greiðslu frekari lántökukostnaðar en tilgreindur sé í samningi skv. 4. tölulið 1. mgr. 6. gr. laganna. Sé árleg hlutfallstala kostnaðar, sbr. 5. tölulið 1. mgr. 6. gr. of lágt reiknuð sé lánveitanda eigi heimilt að krefjast heildarlántökukostnaðar sem gæfi hærri árlega hlutfallstölu kostnaðar. Enn fremur segi í 3. mgr. að ákvæði 1. og 2. mgr. gildi ekki ef lánveitandi geti sannað að neytanda hafi mátt vera ljóst hver lántökukostnaðurinn átti að vera. Af þessum sökum sé ljóst að í þeim tilvikum sem lánagreiðslur séu umfram það sem hlutfallstalan segi til um þurfi lánveitandinn að sanna að neytandinn hafi mátt vita um hver lántökukostnaðurinn átti að vera.

14. Að því er varðar þann samning er málið varði bendir Sabrina á að kröfuhafi þurfi að sanna að hann hafi heimildir til að rukka verðbætur umfram of lágt reiknaða hlutfallstölu. Kröfuhafa nægi ekki að sanna að lántakandinn hafi mátt vera ljóst hver lántökukostnaður átti að vera út frá sinni eigin túlkun ef sú aðferð stangist á við lög. Kröfuhafi þurfi því einnig að sanna að sá lántökukostnaður, sem lántakandi hafi mátt vita hver átti að vera, sé lagalega bindandi fyrir lántakanda. Í sönnunarbyrði kröfuhafa felist því að sýna fram á lögmæti þess að uppfæra árlega hlutfallstölu kostnaðar í samræmi við vísitölu.
15. Einnig megi líta til þess að ef þær upplýsingar sem lánveitandi veitti, þ.e.a.s. um heildarlántökukostnað, hafi ekki verið þær sömu og skýrt séu skilgreindar í neytendalánalögum, teljist hann hafa brotið 5. og 6. gr. þeirra laga og beri þar af leiðandi bótaábyrgð samkvæmt 15. gr. Almennt hljóti kröfuhafi að teljast bótaskyldur vegna allra þeirra greiðslna sem hafi verið ofgreiddar. Það blasi við að neytendatilskipunin geri ekki ráð fyrir verðtryggingu eins og tíðkast hafi hér á landi. Reyndar megi líta svo á að lánveitendur verðtryggðra neytendalána reyni að komast fram hjá lögum um neytendalán með því að freista þess að breyta talnagildum lagalegra skilgreindra hugtaka með tengingu við vísitölu. Það sé ekki ásættanlegt að lánveitendur komist upp með að fara fram hjá lögum og geri að engu megintilgang þeirra um að veita neytendum lágmarksvernd gegn óhóflegum og ótakmörkuðum breyttum lántökukostnaði auk þess að veita þeim mikilvægar upplýsingar um lánakjör og tryggja eðlilega samkeppni á fjármálamarkaði. Lögin séu gagnslaus ef lánveitendur geti ótakmarkað nýtt sér bindingar við vísitölur til þess að breyta lánakjörum að vild.
16. Í þeim tilvikum sem kærandi kynni að byggja á ákvæði í lánsamningi sem kvæði á um að skuldin væri bundin vísitölu neysluverðs skyldi bent á að vísitölubindinguna skorti lagastoð. Í lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 sé þess hvernig getið eða gert ráð fyrir að höfuðstóll, heildarlántökukostnaður eða eftirstöðvar skuldar séu bundnar vísitölu. Það geri á hinn bóginn reglugerð Seðlabanka Íslands sem eigi þó að byggja á lögum.
17. Í þessu samhengi er í erindinu rakið að umboðsmaður Alþingis hafi beint fyrirspurn til Seðlabanka Íslands um reglugerðina. Sé það mat Sabrinu að Seðlabankinn hafi viðurkennt í svari til umboðsmanns að umrædd reglugerð hafi farið út fyrir gildissvið VI. kafla laga nr.

38/2001. Þótt það heyri ekki undir hlutverk Neytendastofu að úrskurða um brot á vaxtalögum hljóti hún að þurfa að taka tillit til þess að samkvæmt IV. kafla laga nr. 38/2001 sé einungis heimilt að verðtryggja greiðslur en ekki höfuðstól eða heildarlántökukostnað. Þetta sé mikilvægt að hafa í huga þar sem kröfuhafi álit sig hafa heimild til þess að uppfæra árlega hlutfallstölu kostnaðar út frá vísitölubindingu skuldar. Lántakandi hafni því, en væntanlega geti Neytendastofa úrskurðað um hvort og þá við hvaða skilyrði megi uppfæra hlutfallstöluna.

18. Að mati Sabrinu sé eðlilegt að Neytendastofa fari fram á það við kröfuhafa að hann færi ítarleg rök fyrir því hvernig vísitölubinding skuldar, óháð reglugerð Seðlabanka Íslands, samræmist 13. gr. laga nr. 38/2001 þar sem gildissvið verðtryggingakafla laganna sé afmarkað. Á grundvelli þess rökstuðnings ætti Neytendastofa að meta styrkleika málstaðar kröfuhafa og hversu vel vísitölubindingar hans rúmist innan þeirra laga sem heyra undir Neytendastofu. Þótt það heyri kannski ekki beinlínis undir Neytendastofu að úrskurða um lögmæti vísitölubindingar skulda, beri henni að veða og meta rök út frá lögmæti krafna og varla sé hægt að líta fram hjá ólögmæti vísitölubindingar. Í ljósi þess að heimild til verðtryggingar sé eingöngu bundin við greiðslur ætti lántakanda að vera óhætt að líta svo á að vísitölubinding skuldar eigi sér ekki lagastöð. Þar með haldist uppgjafinn höfuðstóll og heildarlántökukostnaður óbreyttur og því komi það ekki til greina fyrir kröfuhafa að uppfæra árlega hlutfallstölu kostnaðar samkvæmt verðlagsvísitölu. Þær verðbætur sem hann hygðist innheimta þyrftu því að vera áætlaðar í heildarlántökukostnaði. Þar sem engar verðbætur hafi verið áætlaðar þar beri að líta svo á að þessi hluti lántökukostnaðar hafi ekki verið gefinn upp og þar með sé kröfuhafa ekki heimilt að innheimta verðbætur.
19. Í erindi Sabrinu kemur næst fram að þörf sé á að skoða almennt hvort verðtryggingarákvæði lánessamninga standist lög. Í erindinu sé því leitast við að sýna fram á að verðtryggingarákvæði þess samnings er erindið varði brjóti gróflega gegn 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í umræddu ákvæði sé kveðið á um að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóti í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raski verulega eða séu líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóti í bága við ákvæði þessa kafla laganna séu alltaf óréttmætir. Þegar umrætt lán hafi verið tekið í febrúar 2006 hafi útlán stóru íslensku viðskiptabankanna aukist verulega. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sé staðfest stórfellt gáleysi og jafnvel ásetningur stjórnar bankanna sem hafi falist í gríðarlegri áhættuhegðun. Þótt afleiðingar efnahagshrunsins séu að mörgu leyti þekktar nú hafi stjórnarmenn bankanna vel mátt vita um þær afleiðingar sem háttsemi þeirra gæti haft á íslenskan efnahag. Þar með talin séu há verðbólga og atvinnu- og tekjumissir lánþega. Það sé skiljanlegt að bankar hafi almennt ekki viljað gera lánþegum grein fyrir þess háttar áhættu sem fólst í stefnu og starfsemi þeirra, en engu að síður hljóti þeir almennt að bera ábyrgð á því að hafa leynt þeim upplýsingum fyrir neytendum.
20. Að mati Sabrinu sé auðvelt að greina sviksamlegt eðli verðtryggingar sé hún borin saman við váttryggingar. Megi réttilega líkja verðtryggingu við stórfellt tryggingasvik. Með því að bjóða neytendum upp á tiltölulega lága nafnvexti með verðtryggingu samanborið við t.d. háa óverðtryggða vexti séu neytendur blekkir til þess að taka á sig skuldbindingar sem séu mun

áhættusamari en þeir geri sér grein fyrir. Þá bendir hún á hversu óréttmætt það sé að bankar komist upp með að tryggja sjálfa sig fyrir þeirra eigin gríðarlegu og gáleysislegu áhættuhegðun en láti neytendur borga trygginguna mánaðarlega og velta tjóninu á þá ef illa fari. Þessi verðtrygging sé ígildi þess að lánveitandi tryggi sjálfan sig fyrir tjóni af völdum verðbólgu en láti neytendur borga há tryggingagjöld en sem eigi samt sem áður að sitja uppi með tjónið. Stórir bankar geti verið í aðstöðu til þess að hagnast mjög af verðtryggingunni með því beinlínis að auka verðbólgu, t.d. með stórauðnum útlánnum og taka stöðu gegn krónunni.

21. Í ljósi þessa sé ekki hægt að neita því að verðtrygging lána teljist til mjög óréttmætra viðskiptahátta. Það hljóti að teljast eðlilegra að lánastofnanir verðtryggi neytendalánasöfn sín hjá öðrum fjármálastofnunum eða aðilum sem hafi leyfi til þess að gera afleiðusamninga. Verðtryggi lánastofnanir lánasöfn sín hjá öðrum fjármálastofnunum myndist eðlilegt og tiltölulega lágt gjald fyrir verðtryggingu en lánastofnanir séu síður líklegar til þess að geta hagnast af verðbólgu. Þetta fyrirkomulag myndi tryggja að lánveitendur gætu ekki velt stórfelldu tjóni yfir á lántakendur auk þess að veita lánastofnunum verulegt aðhald gagnvart hraðri verðbólguvaldandi útlánaþenslu. Í ljósi þessa eðlilega fyrirkomulags verðtrygginga sé hugsanlega auðveldara að sjá hversu mjög óréttmætir viðskiptahættir felist í því að lánveitendur borgi verðtrygginguna og sitji jafnframt uppi með tjónið þar sem tjónvaldurinn hafi jafnvel verið lánveitandinn sjálfur.
22. Í erindinu kemur næst fram að hvernig svo sem Neytendastofa kunni að álíta að upphæð lánagreiðslu sé umfram það sem árleg hlutfallstala kostnaðar gefi til kynna, þá hljóti a.m.k. að koma almennt til álita að heimila lánveitendum ekki að innheimta lántökukostnað sem þeir valdi beinlínis sjálfir. Sú mikla verðbólga sem t.d. kom fram í kjölfar efnahagshrunsins megi beinlínis rekja til gáleysislegra fjárhagslegrar hegðunar lánveitanda og annarra banka. Það hljóti að vera eðlilegt að gera kröfu til þess að neytandinn njóti vafans þegar gerður sé greinarmunur á almennum áætluðum verðbótarkostnaði vegna meðalverðbólgu annars vegar og hins vegar vegna verðbólguþess sem orsakað sé af áhættuhegðun lánveitenda. Í ljósi þess að lánveitandi þess láns samnings er málið lúti að geri ráð fyrir 0% verðbólgu í sínum útreikningi á hlutfallstölu án þess að gefa aðra árlega hlutfallstölu kostnaðar til viðmiðunar með uppgefnum verðbólguþess hljóti að teljast rétt að úrskurða að allar greiddar lánagreiðslur af umræddu láni sem séu hærri en hlutfallstalan sem bankinn reiknaði segi til um feli í sér ofgreiðslur sem nemi mismuninum og lánveitanda beri að endurgreiða hann.
23. Að því er varðar „úrskurðarhæfi“ Neytendastofu segir eftirfarandi í erindinu: „Í ljósi þess að Áfrýjunarnefnd Neytendastofu hefur í einu tilteknu máli fellt úrskurð um að Neytendastofa geti ekki gripið til aðgerða er varðar ákvæði samninga sem séu einkaréttarlegs eðlis og fyrir liggur óopinbert mat lögmanns neytendaréttarviðs (samkvæmt símtali við undirritaðan) á því að samkvæmt þeim úrskurði hafi hvorki Neytendastofa né aðrir aðilar eða stofnanir sem hafa það hlutverk að vernda neytendur tök á að grípa til aðgerða samkvæmt landslögum til að fá úr því skorið hvort samningsskilmálar sem ætlaðir eru til almennrar notkunar séu ósamngjarnir er óskað eftir því að Neytendastofa staðfesti fyrrnefnt mat að 2. mgr. 36. gr. b. samningalaga nr. 7/1936 sé samkvæmt úrskurðinum ekki virk, en þar með sé 1. mgr. greinarinnar í heild sinni

virk. Slík staðfesting mun veita lántakanda mjög sterka stöðu gagnvart kröfuhafa varðandi samningsákvæði sem eru einkaréttarlegs eðlis og heyra ekki undir Neytendastofu. Því er því mikilvægt að Neytendastofa staðfesti opinberlega mat sitt á áðurgreindum málgreindum 36. gr. b.“

24. Í erindinu eru síðan gerðar eftirfarandi kröfur:

1. Að fallist verði á að kærandi hafi brotið gegn upplýsingaskyldu sinni, m.a. með því að lýsa ekki með skýrum og raunsæjum hætti hvernig verðlagsvísitölubinding myndi hafa áhrif á greiðslur og eftirstöðvar lánsins.

2. Að kæranda verði bannað að innheimta verðbætur á lánið í ljósi þess hve brot hans á upplýsingaskyldu hafi verið alvarlegt og meðfylgjandi greiðsluáætlun hafi verið sérstaklega villandi.

3. Að fallist verði á að kærandi hafi ekki verið heimilt og verði bannað að uppfæra árlega hlutfallstölu kostnaðar samkvæmt vísitölu eða breyta henni með öðrum hætti.

4. Að fallist verði á að kæranda hafi ekki verið heimilt og verði bannað að krefja kvartanda um verðbætur í ljósi þess að hvorki í heildarlántökukostnaði né í árlegri hlutfallstölu kostnaðar hafi verið gert ráð fyrir neinum verðbótum.

5. Að kærandi hafi verið óheimilt og verði bannað að innheimta greiðslur sem hafi verið umfram það sem upphaflega reiknuð árleg hlutfallstala kostnaðar hafi gefið til kynna.

6. Að þrátt fyrir ákvæði um breytilega vexti verði kæranda bannað að hækka vexti á láninu umfram það sem árleg hlutfallstala kostnaðar segi til um.

7. Að kæranda verði bannað að hækka vexti á láninu af þeirri einföldu ástæðu að í hægra haus bréfsins standi stórum stöfum „*FASTIR VEXTIR*“.

8. Að fallist verði á að heildarlántökukostnaður sem upp sé gefinn í verðtryggðum lánsamningi teljist samkvæmt 7. gr. laga nr. 121/1994 innihalda allar áætlaðar verðbætur.

9. Að kærandi verði ákvarðaður bótaskyldur samkvæmt 15. gr. laga nr. 121/1994.

10. Að staðfest verði að verðtygging neytendalána teljist til óréttmætra viðskiptahátta.

11. Að staðfesti verði að 2.mgr. 36. gr. b. laga nr. 7/1936 sé ekki virk.

12. Að staðfest verði að 2. másl. 1. mgr. 36. gr. b. laga nr. 7/1936 sé virkur.

25. Þá kemur fram að þar sem umrætt skuldabréf sé í nauðungarsölufarli sé þess óskað að málið fái flýtimeðferð eða a.m.k. forgang.

26. Kvörtun Sabrinu Casadei var sent kæranda til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 31. október 2012. Í bréfinu var vakin sérstök athygli á því að umfjöllun um úrskurðarhæfi

Neytendastofu m.t.t. samningalaga, og þar með 11. og 12. kröfuliður lántaka, sé beint til stofnunarinnar og telji hún ekki þörf á skýringum eða athugasemdum bankans þar um. Svar kæranda barst með bréfi, dags. 13. nóvember 2012. Í bréfinu segir að umrætt skuldabréf hafi verið gefið út 9. mars 2005, upphaflega að fjárhæð 10.200.000 króna. Um hafi verið að ræða veðskuldabréf, jafngreiðslulán, sem bundið væri vísitölu neysluverðs með vaxtaendurskoðunarákvæði. Þann 24. febrúar 2006 hafi átt sér stað skuldskeyting á veðskuldabréfinu en þá hafi kvartandi verið samþykktur sem nýr skuldari og hafi hann ritað undir skjal sem beri heitið „Áritun um skuldaraskipti á veðskuldabréfi“ en það skjal hafi innihaldið yfirlýsingu þess efnis að hann samþykkti að gerast nýr skuldari og að hann hefði kynnt sér skilmála bréfsins sem væru óbreyttir.

27. Á þeim tíma sem skuldskeytingin hafi átt sér stað þurfi að horfa til þeirra gagna sem hafi verið aðgengileg og sem eðlilegt sé að nýr skuldari kynni sér við skuldskeytingu, en það séu lánsúmsókn, greiðsluáætlun, yfirlit yfir framkvæmdar greiðslur og fleiri fylgigögn með veðskuldabréfinu. Stuðst verði við framangreind gögn til rökstuðnings vegna kvörtunar kvartanda. Kvartandi sé íslenskur ríkisborgari og hafi verið 28 ára, fjárráða einstaklingur er hann gerðist skuldari að framangreindu veðskuldabréfi. Fyrsti gjalddagi hafi verið 1. mars 2006 og hafi það verið 12. gjalddagi veðskuldabréfsins frá útgáfudegi þess. Þann 1. nóvember 2010 hafi kvartandi hætt að greiða af skuldabréfinu og ekki greitt af því síðan. Kæranda hafi ekki borist tilkynningar þess efnis að kvartandi hafi geymslugreitt þá upphæð sem hann hafi talið sig eiga að greiða heldur hafi kvartandi eingöngu mótmælt því að honum bæri að greiða þá upphæð sem kærandi hafi reynt að innheimta.
28. Í bréfinu er kröfuliðum lántaka svarað í sömu röð og gert var í lok erindis hennar. Kærandi mótmælir fyrsta kröfulið kvartanda þar sem því er haldið fram að bankinn hafi brotið gegn upplýsingaskyldu sinni. Ljóst sé að þau gögn sem kvartandi hefði getað kynnt sér og gert hafi verið ráð fyrir að hann hefði kynnt sér hefðu veitt nægjanlegar upplýsingar svo nýr skuldari gæti gert sér grein fyrir eðli lánsins. Með einföldum samanburði á greiðsluáætluninni og greiðslusögu sammingsins hefði kvartanda átt að vera ljóst að greiðslurnar myndu sveiflast á milli mánaða, en á fyrsta gjalddaga hafi upphaflegur skuldari t.a.m. greitt 33.565 kr. og tæpu ári síðar 51.771 kr. þannig að ljóst hafi verið af greiðslusögu lánsins að afborganirnar færu hækkandi þar sem veðskuldabréfið væri bundið vísitölu neysluverðs. Að auki undirstriki einfaldur samanburður á greiðslusögunni og greiðsluáætluninni það sem nú þegar hafi komið fram, þ.e. að greiðsluáætlunin hafi verið byggð á þágildandi vísitölu og þeim vöxtum og verðskrár sem í gildi hafi verið hjá kæranda við gerð greiðsluáætlunarinnar.
29. Kvartanda hafi verið bent á fyrirvara þess efnis sem fram komi á forsíðu greiðsluáætlunarinnar en þar segi orðrétt: „Athugið að áætlun þessi er byggð á núgildandi vísitölu og þeim vöxtum og verðskrár sem í gildi eru í Íslandsbanka h.f. við gerð áætlunarinnar. Þeir þættir geta tekið breytingum í samræmi við ákvæði lánssammings.“ Framangreind tilvitnun byggir á 2. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 12. gr. laga nr. 121/1994. Framangreint hefði einnig átt að vera augljóst hefði greiðsluáætlunin verið borin saman við greiðslusöguna, en áætlunin hafi gert ráð fyrir að á fyrsta gjaldaga ætti að greiða 40.371 kr. en ekki 33.565 kr. (sem skýrist þó að vissu leyti væntanlega af því að lánið hafi verið veitt þann

9. mars 2005 en ekki í byrjun mánaðarins) og þann 1. febrúar 2006 hafi greiðsluáætlunin gert ráð fyrir að greiða þyrfti 49.778 kr., en í raun hafi fyrri skuldari þá greitt 51.771 kr. Ljóst hafi verið að greiðslurnar færu hækkandi og hefði kvartanda átt að vera framangreint ljóst enda hafi framangreindar upplýsingar verið aðgengilegar á tíma skuldskeytingarinnar.

30. Sé greiðsluáætlunin skoðuð sé ljóst að staðið hafi verið við upplýsingaskyldu lánveitanda skv. lögum nr. 121/1994 enda sé skjalið sniðið að 6. gr. laganna. Af framangreindu sé ljóst að þau gögn, sem kvartandi hafði aðgang að á þeim tíma sem láninu var skuldskeytt, hafi leitt til þess að upplýsingaskyldu kæranda var fullnægt. Kærandi mótmæli öðrum kröfulið með vísan til umfjöllunar um þær upplýsingar sem lágu fyrir er kvartandi gerðist nýr skuldari að veðskuldabréfinu og eins þriðja kröfulið, enda væri ljóst að fram hafi komið á skuldabréfinu og greiðsluáætluninni að gjöld og greiðslur myndu taka breytingum. Í áður nefndum fyrirvara komi fram að upplýsingar sem fram komi í greiðsluáætluninni taki breytingum við ákveðnar aðstæður.
31. Um fjórða kröfulið segir í erindi kæranda að gert hafi verið ráð fyrir þágildandi vísitölu þegar lánið hafi verið veitt þann 9. mars 2005 og hafi kvartandi kynnt sér þau gögn sem fyrir lágu er láninu var skuldskeytt hafi honum átt að vera ljóst að greiðslurnar myndu taka breytingum. Hann hefði einnig getað séð að þær hefðu gert það. Hvað varði þá kröfu kvartanda að kæranda hafi borið að reikna verðbólgu fyrir lánstímann sé því mótmælt sem óraunhæfu. Því til stuðnings sé vísað í að löggjafinn hafi gert sér grein fyrir því að óraunhæft væri að gefa út haldbæra verðbólguþá fyrir jafn langt tímabil og um ræði með umræddu veðskuldabréfi enda ekki gerð sú undantekningarlaus krafa á lánveitanda að reikna verðbólgu inn í greiðsluáætlunina, líkt og fram komi í 1. mgr. 12. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994. Enn síður gefi löggjafinn vísbindingar um við hvaða prósentutölu eigi að miða hvað hugsanlega verðþróun varði.
32. Að auki megi að mati kæranda benda á að nú liggi fyrir frumvarp um breytt lög um neytendalán sem feli í sér að lánveitandi þurfi ekki að reikna verðbætur inn í greiðsluáætlunina, enda hafi löggjafanum verið ljóst frá byrjun að ekki væri hægt að reikna hana með vissu og að lánveitandi hafi því verið veitt undanþága í lögnum, undanþágu sem núna eigi að gera að aðalreglu skv. nýju frumvarpi. Verði í raun ekki annað séð en að allar getgátur um verðþróun gætu einnig orðið tilefni kvartana af þessu tagi sem hér séu hafðar uppi, t.d. ef lánveitandi hafi ofmetið áhrif verðbreytinga. Fimmta kröfulið sé mótmælt með vísan til fyrri forsenda. Um sjötta kröfulið segir í bréfinu að skilmálar lánsins kveði skýrt á um að vextirnir séu breytilegir, vísað sé til nafns skuldabréfsins „*VEÐSKULDABRÉF MED VAXTAENDURSKOÐUNARÁKVÆÐI*“, auk þess sem 5. gr. skuldabréfsins beri heitið *VAXTAENDURSKOÐUN*. Ákvæði sem kvartandi hafi kvittað fyrir að hafa kynnt sér. Kröfulið sjö er einnig mótmælt með vísan til umfjöllunar um sjötta lið. Þá mótmælir kærandi kröfulið átta með vísan til umfjöllunar um þá fyrirvara sem fram komi í skuldabréfinu sjálfu og greiðsluáætlun. Því sé mótmælt að bankinn sé bótaskyldur skv. 15. gr. laga nr. 121/1994, sbr. níunda kröfulið, með vísan til þess að kærandi hafi uppfyllt upplýsingaskyldu sína við lánveitinguna og við skuldskeytinguna og hafi kvartanda átt að vera ljós sú skuldbinding sem fólst í því að skrifa undir skuldskeytingarskjölin.

33. Um tíunda kröfulið segir að kærandi mótmæli því að verðtrygging teljist til óréttmætra viðskiptahátta enda geri lög nr. 121/1994 ráð fyrir verðtryggingu, sbr. orðalag 1. mgr. 12. gr. laganna þar sem segi m.a. „*Ef lánessamningur heimilar verðtryggingu ...*“ Hafi ætlunin verið að banna lánveitendum að verðtryggja neytendalán sé heldur sérstakt að gera ráð fyrir þeim möguleika að lánessamningur geti innihaldið verðtryggingu. Að lokum segir í bréfinu að þó Neytendastofa hafi tiltekið í bréfi sínu að ekki væri þörf á athugasemdum kæranda við 11. og 12. kröfulið þá sé því komið á framfæri að bankinn mótmæli því að 2. mgr. 36. gr. b. laga nr. 7/1936 eða 2. másl. 1. mgr. 36. gr. b. sömu laga eigi við í málinu enda ljóst að lánveitingin standist ákvæði laga nr. 121/1994 með öllu.
34. Með bréfi Neytendastofu, dags. 16. nóvember 2012, var bréf kæranda sent Sabrinu og tilkynnt að gagnaöflun málsins væri lokið. Með bréfi hennar, dags. 17. desember 2012, var óskað eftir að koma að athugasemdum við skýringar kæranda. Í bréfinu segir að bankinn hafi í athugasemdum sínum reynt að sýna fram á að hann hafi uppfyllt upplýsingaskyldu sína með því að vísa til þeirra gagna sem hann vilji meina að hafi verið aðgengileg þegar kvartandi staðfesti skuldskeytinguna. Kvartandi viti að vísu ekki til þess að honum hafi sérstaklega verið kynnt greiðslusaga lánsins, en dragi almennt í efa styrkleika þessara gagna sem kærandi bendi á. Það sem almennt liggi til grundvallar því að neytendur samþykki að gangast undir verðtryggða lánessamninga sé að tekjur þeirra fylgi í grófum dráttum verðlagsbreytingum, enda sé það einmitt algengt að starfsmenn lánastofnana minni neytendur á þetta atriði ef þeir spyrji út í áhrif verðtryggingar. En í upplýsingagjöf kæranda sé engan veginn hægt að finna neinar vísbendingar sem hefðu nýst kvartanda til þess að sjá fyrir að vísitölubinding skuldarinnar myndi valda því að eftirstöðvarnar myndu hækka í stað þess að lækka og enn fremur hækka hraðar en verðmæti fasteignarinnar. Það þyrfti ekki háa verðbólgu til þess að valda neikvæðri eignamyndun, en það sé grundvallaratriði sem kærandi hafi leynt fyrir kvartanda, enda engin gögn sem sýni fram á að kvartandi hafi verið varaður við þeim áhrifum verðtryggðra lánessamninga.
35. Þeirri fullyrðingu kæranda, að kvartandi sé íslenskur ríkisborgari, sé harðlega mótmælt, enda kolrangt. Kvartandi sé erlendur ríkisborgari og hafi ekki sótt um íslenskan ríkisborgararétt. Kvartandi hafi aðeins búið í fáein ár á Íslandi þegar lánið hafi verið yfirtekið og hafi verið langt frá því að uppfylla skilyrði þess að hljóta íslenskan ríkisborgararétt á þeim tíma. Þetta hafi nokkra þýðingu í málinu þar sem kvartandi sé mjög ókunnugur íslensku lánaumhverfi, verðtryggingu og íslenskri verðbólguögu. Kvartandi hafi því verið mun óupplýstari en aðrir neytendur á íslenskum húsnæðislánamarkaði. Í bréfinu er athugasemdum kæranda svarað í sömu röð og kröfuliðir í upphaflegu erindi. Um athugasemdir bankans við fyrsta kröfulið segist kvartandi hafa haft þær væntingar að hann hafi keypt íbúð í þeim eindregna ásetningi að eignast íbúðina og greiða niður það lán sem veitt var fyrir kaupunum. Kvartandi hafi verið í góði trú um að þetta væri fjárfesting með jákvæðri eignamyndun. Það hafi engan veginn verið ljóst fyrir kvartanda að um væri að ræða lúmskan fjármálagjörning sem virkaði þannig að eftirstöðvar skuldarinnar hækkuðu og að eignarmyndun yrði neikvæð.
36. Kærandi haldi því fram að greiðslusaga lánsins hefði átt að gera kvartanda ljóst hvernig það myndi þróast. Með þessu gefi bankinn í skyn að kvartandi hafi átt að gera ítarlega rannsókn á

greiðslusögu lánsins til þess að átta sig á eðli þess. Bankinn geri því tilraun til þess að velta upplýsingaskyldu sinni yfir á kvartanda, en augljóslega hafi það verið skylda kæranda að gefa þær upplýsingar með beinum og skýrum hætti. Upplýsingaskyldan sé hjá kæranda og varla sé hún uppfyllt á þann hátt að veita óljósar vísbendingar með því að sýna kvartanda greiðslusögu lánsins og ætlast til þess að kvartandi framkvæmi mjög flókna útreikninga og samanburð sem ólíklegt sé að meðalneytandi kunni eða muni gera. Tilgangurinn með upplýsingaskyldunni sé einmitt sá að neytandinn fái skýrar og skiljanlegar upplýsingar um lánakjör en þurfi ekki sjálfur að afla þeirra með mikilli fyrirhöfn. Ennfremur muni kvartandi ekki til þess að kærandi hafi kynnt fyrir sér greiðslusöguna og fengið viðeigandi skýringar og leiðbeiningar í tengslum við það. Það sé fullmikils til ætlast af kvartanda að hún hafi átt að bera saman fyrstu greiðslu og fyrstu mánaðargreiðslu upphaflegs útgefanda skuldabréfsins og draga einhverjar ályktanir út frá mismun þessara greiðslna að teknu tilliti til þess að fyrsta greiðsla miðaðist við að lánið var gefið út 9. dag mánaðar en yfirtekið ári síðar 1. dag mánaðar. Það sé nokkuð örvæntingafullur málaltilbúnaður að í þessu felist upplýsingar um eðli lánsins sem séu settar fram á skýran hátt, enda afar ólíklegt að þetta vekti almennt eftirtekt neytenda. Ennfremur sé varla hægt að fallast á að neytandi beri ábyrgð á að komast að því hvað þetta merki og framkvæma flókna útreikninga til þess að átta sig á eðli lánsins.

37. Þá sé þess óskað að Neytendastofa skoði vandlega þær grófu blekkingar sem kærandi beiti í málaltilbúnaði sínum. Bankinn reyni að gefa í skyn að mánaðargreiðslur upphaflegs útgefanda skuldabréfsins hafi hækkað á tæpu ári úr 33.565 kr. í 51.771 kr. Þetta sé auðvitað ekki boðlegur samanburður þar sem fyrri talan sé ekki fyrir fullan mánuð. Sé hinsvegar miðað við næsta mánuð á eftir megi sjá að hækkunin á einu ári sé einungis um 2.000 kr. Það sé alls ekki svo há upphæð fyrir svo langan tíma og í samræmi við það sem neytendur geti vænst miðað við að greiðslur sveiflist lítilliga vegna einhverskonar vísitölubindingu. Þá beri einnig að geta þess að í greiðslusögu fyrsta ársins komi það þrisvar fyrir að greiðslur lækki lítilliga á milli mánaða þannig að kvartandi mætti ætla af þessari greiðslusögu að vísitölubindingin væri sveiflukennd en ylli ekki stórvægilegum frávikum frá greiðsluáætlun. Það hafi því ekki kveikt á stórvægilegum viðvörunarmerkjum þótt fyrsta mánaðargreiðsla lántaka væri u.þ.b. 2.000 kr. hærrí en sú greiðsla sem fram hafi komið á greiðsluáætlun. Það sem hafi þó verið kvartanda algjörlega hulið og ekki komi fram í greiðslusöggunni séu eftirstöðvar lánsins. Kvartandi hafi ekki haft ástæðu til þess að hafa miklar áhyggjur af smávægilegum sveiflum í upphæð mánaðargreiðslna, enda í góðri trú um að hann væri að greiða niður lánið með hverri afborgun. Greiðsluáætlunin hafi gefið það skýrt til kynna að eftirstöðvar myndu lækka en engar skýrar vísbendingar hafi verið um að eftirstöðvar myndu hækka í stað þess að lækka.
38. Þá bendir kvartandi á að kærandi hafi lokið röksemdafærslu við þennan lið með vísun til 2. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994. Augljóslega sé sú lagatilvísun algjörlega gagnslaus fyrir bankann þar sem þessi málsgrein eigi einungis við ef ekki sé unnt að reikna árlega hlutfallstölu kostnaðar. En þar sem kærandi hafi óneitanlega gefið upp hlutfallstöluna hafi honum greinilega verið unnt að reikna hana. Síðari lagatilvísun bankans sé einnig haldlaus í ljósi ítarlegs rökstuðnings og vísan til lögskýringa og tilskipana Evrópusambandsins sem kvartandi hafi lagt fram í kvörtun sinni auk frekari rökstuðnings. Í fyrsta kröfulið hafi Sabrina bent á að upplýsingaskylda hafi ekki verið uppfyllt en í öðrum kröfulið sé vísað til þess að

kærandi hafi sett fram upplýsingar sem hafi verið svo villandi að ætla megi að bankinn væri vísvitandi að blekkja kvartanda. Með því að setja fram greiðsluáætlun sem geri ekki ráð fyrir neinni verðbólgu fái kvartandi enga tilfinningu fyrir eðli lánsins og hvernig verðbólga geti haft áhrif á eftirstöðvar þess og greiðslubyrði. Sabrina hafi verið mjög líkleg til þess að túlka greiðsluáætlunina á þann hátt að eftirstöðvar lækkuðu með hverri greiðslu og ekki væri von á miklum hækkunum á greiðslubyrði. Bankinn hafi ekki haft neina ástæðu til þess að gefa ekki upp greiðsluáætlun samkvæmt verðbólguþá Seðlabankans eða notast við sambærilegar viðmiðanir. Samkvæmt tilskipun 87/102EBE beri lánveitanda að gefa eins nákvæmar upplýsingar um þróun breytilegs lántökukostnaðar og unnt sé en greiðsluáætlun fyrir verðtryggt lán miðað við 0% verðbólgu á lánstímanum hafi augljóslega verið villandi upplýsingagjöf sem virðist ekki hafa þjónað öðrum tilgangi en að auka líkur á því að kvartandi samþykkti að gangast undir skilmála þess og hafa þannig áhrif á fjárhagslega hegðun hans. Það sé hins vegar brot á 8. gr. laga nr. 57/2005.

39. Um þriðja kröfulið segir í bréfinu að í upphaflegu erindi hafi verið ítarlega rökstutt hvernig kæranda hafi ekki verið heimilt að uppfæra árlega hlutfallstölu kostnaðar. Bankinn hafi engar athugasemdir gert við lagarök kvartanda en kjósi engu að síður að notast áfram við túlkun sína á ákvæðum laga nr. 121/1994 sem kvartandi hafi þó sýnt fram á að standist ekki lög og stríði enn fremur gegn tilskipun nr. 87/102. En jafnvel þótt það komi mögulega til greina að kæranda hafi verið heimilt að uppfæra árlega hlutfallstölu kostnaðar, þá hljóti bankanum að hafa verið skylt að birta nýuppfærða hlutfallstölu mánaðarlega, þ.e. með hverjum greiðsluseðli, alveg eins og honum hafi verið skylt að birta upphaflegu hlutfallstöluna. Ef upprunalega hlutfallstalan sé eina hlutfallstalan sem kvartanda hafi verið sýnd samkvæmt lánessamningi og engar aðrar endurreiknaðar hlutfallstölur hafi komið fram á greiðsluseðlum eða með öðrum viðunandi hætti, þá sé einsýnt að upphaflega hlutfallstalan sé sú sem gildi og takmarki hækkun lántökukostnaðar. Hér geti kærandi ekki byggt kröfur sínar á ósýnilegum eða óreiknuðum hlutfallstöllum. Aftur vísi svo bankinn til 2. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 sem eigi augljóslega ekki við eins og áður hafi verið rakið.
40. Til áréttingar þyki Sabrinu rétt að vekja sérstaka athygli á b. lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 87/102EBE, þar sem segi að í skriflegum lánessamningi skuli koma fram yfirlýsing um það við hvaða aðstæður megi breyta árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Í ákvæðinu segi enn fremur að í því tilviki að ekki sé unnt að gefa yfirlýsingu um árlega hlutfallstölu kostnaðar, skuli veita neytandanum nægjanlegar upplýsingar í skriflegum samningi. Það sé alveg ljóst að hvergi í umræddum lánessamningi sé að finna yfirlýsingu um það við hvaða aðstæður megi breyta hlutfallstölunni. Kærandi virðist því einfaldlega gefa sér að þar sem skilmálar lánessamningsins feli í sér breytilegan lánskostnað jafngildi það heimild til þess að uppfæra árlega hlutfallstölu kostnaðar. Í seinni hluta áðurnefnds b. liðar 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 87/102 sé sú klausa sem ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 byggir á og kærandi beiti ítrekað í málatilbúnaði sínum án þess að gera sér grein fyrir að hún eigi ekki við, enda hafi bankinn gefið upp þessa hlutfallstölu.
41. Um athugasemdir kæranda við fjórða kröfulið segir í bréfi Sabrinu að bakgrunnur laga nr. 121/1994 hafi verið ítarlega rakinn í upphaflegu erindi og sannað umfram allan vafa að

verðbætur séu óhjákvæmilegur hluti af heildarlántökukostnaði og sé sérstaklega ekki undanskilinn við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Kærandi beri fulla ábyrgð á rangri lagatúlkun og þeim mistökum að sleppa verðbótum bæði úr hlutfallstölu og heildarlántökukostnaði. Það sé engin málsvörn fyrir bankann að hafa veitt tiltekna upplýsingar með öðrum hætti. Í þessum kröfuleið sé nefnilega sérstaklega bent á það að lánveitanda sé stranglega skylt að gefa upp alla kostnaðarliði lántökukostnaðar í þessum mjög vel skilgreindu töluleiðum. Lögin séu mjög skýr hvað þetta varði og lánveitandi geti ekki krafist lántökukostnaðar sem ekki sé tiltekinn í heildarlántökukostnaði eða í árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Það breyti því engu ef slíkar upplýsingar séu gefnar upp á annan hátt í skilmálum eða fyrirvörum skuldabréfsins. Bankinn þurfi að bera ábyrgð á þeim mistökum sínum að gefa verðbætur hvorki upp sem hluta af heildarlántökukostnaði né í árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Hann hafi því ekki heimild til þess að innheimta verðbætur og kvartandi eigi því rétt á endurgreiðslu allra verðbóta sem hann hafi áður greitt.

42. Það sé mikill misskilningur hjá kæranda að Sabrina hafi gert kröfu um að bankanum hafi borið að reikna út verðbólgu fyrir lánstímann. Hún hafi ekki gert slíka kröfu og sé því ekki ástæða til þess að taka til greina mótmæli bankans gagnvart óraunhæfri kröfu sem ekki hafi verið gerð. Þessi misskilningur bankans afhjúpi hins vegar rangan skilning á 12. gr. laga nr. 121/1994 og sé reyndar í hrópandi mótsögn við hvernig hann reikni árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við breytilega vexti. Þar hafi bankinn réttilega notast við upphafsvexti en ekki áætlaða meðalvexti yfir allan lánstímann. Kæranda ætti því að hafa verið ljóst að honum hafi ekki verið neitt til fyrirstöðu í því að meta lánskostnað vegna verðbóta með nákvæmlega sama hætti og hann hafði gert fyrir vaxtakostnaðinum, nefnilega með því að notast við þær verðbætur sem fyrir lágu í upphafi lánstímans. Hefði hann t.d. getað notast við fyrirliggjandi verðbólguþá Seðlabankans. Vissulega megi segja að viðeigandi leiðbeiningar hafi skort í lögum nr. 121/1994, en það sé ekki afsökun fyrir því að koma sér hjá þeirri ríku upplýsingaskyldu sem kveðið sé á um í lögum og tilskipun nr. 87/102 sem þau byggja á.
43. Það verði að teljast mjög bagalegt að bankinn reyni að nota þá afsökun fyrir því að hafa sleppt verðbótum við útreikning á heildarlántökukostnaði og árlegri hlutfallstölu kostnaðar að óraunhæft hafi verið að reikna út verðbólgu fyrir allan lánstímann. Það hefði verið álíka óraunhæft að reikna viðeigandi meðalgildi breytilegra vaxta fyrir sama tímabil, enda fylgi þeir að miklu leyti verðlagsvísitölu og öðrum óvissuþáttum. Kærandi hefði því með nákvæmlega sömu rökum getað sleppt breytilegum vöxtum við útreikning á hlutfallstölu. Það sé þó grundvallaratriði í 12. gr. laga nr. 121/1994 að taka beri tillit til breytilegra vaxta miðað við upphafsvexti en ekki samkvæmt einhverskonar áætluðum meðalvöxtum yfir lánstímann. Í tilskipun nr. 87/102 sé einmitt sérstaklega tiltekið að í þeim tilvikum þar sem lántökukostnaður sé breytilegur, skuli reikna hlutfallstölu út frá því hvernig þessir breytilegu kostnaðarliðir standi í upphafi lánstímans. Verðbætur ráðist því af þeim verðbólguhorfum sem séu við upphaf lánstímans. Verðbætur geti því aðeins verið gefnar upp sem 0 kr. ef verðbólguþá sé 0%. Það skipti því engu máli við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar þótt kærandi hafi ekki treyst sér til þess að spá fyrir hvernig breytilegir kostnaðarliðir breyttust yfir lánstímann. Bankanum hafi einfaldlega borið að taka alla breytilega kostnaðarliði eins og þeir stóðu í upphafi lánstímans. Það sé alveg ljóst að

verðbætur sem séu óneitanlega hluti af lántökukostnaði séu þekktar í upphafi lánstímans og þær verði ekki undanskildar.

44. Þá hafi kærandi reynt að komast hjá ákvæðum núgildandi laga nr. 121/1994 með vísun í fyrirhugaðar breytingar á lögnum. Augljóslega sé engin málsvörn í því fyrir bankann að vísa í fyrirhugaðar lagabreytingar, enda ótækt að bankinn ætli að nýta sér lagaákvæði sem ekki hafi öðlast gildi. En jafnvel þó búið væri að gera lagabreytingar gildi einungis þau lög sem í gildi hafi verið þegar lánssamningurinn var gerður. Í ljósi ítrekaðs ásetnings og mistúlkunar bankans á 12. gr. laga nr. 121/1994 sé vert að benda á að í 6. mgr. 1. gr. a. tilskipunar nr. 87/102, eins og ákvæðinu var breytt með tilskipun nr. 90/88, sem lá til grundvallar ákvæði 12. gr. laga nr. 121/1994, segi: „*Þegar um er að ræða lánssamninga, sem í eru ákvæði er heimila breytingar á vaxtagjöldum og upphæð eða stigi annars kostnaðar er fellur undir árlega hlutfallstölu kostnaðar en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður, skal reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar á þeirri forsendu að vextir og annar kostnaður verði óbreytanlegur og gildi fram til loka lánssamnings.*“ Því ætti að blasa við að kærandi hafi átt að gefa upp allan breytilegan kostnað eins og hann standi í upphafi lánstímans. Að lokum vilji kvartandi áréttta að í upphaflegu erindi hafi verið rakið ítarlega hvernig þessi túlkun haldist óbreytt frá því að lög um neytendalán tóku fyrst gildi árið 1993 og að engin efnisleg breyting hafi orðið á ákvæðinu þegar löggin voru endurútgefin árið 1994.
45. Vegna fimmta kröfuliðar er ítrekað að samkvæmt lögum nr. 121/1994 sé lánveitendum almennt óheimilt að rukka neytanda um hærri lántökukostnað en þann sem árleg hlutfallstala segi til um. Það sé eingöngu heimilt að gera að uppfylltu því skilyrði að lánveitandi færi sönnur á að neytandinn hafi vitað hver lántökukostnaðurinn yrði. Það sé alveg ljóst að kærandi hafi ekki fært neinar sönnur á að kvartandi hafi vitað hver lántökukostnaðurinn væri. Hann hafi aðeins sett fram loðnar og óljósar getgátur um að kvartandi hafi haft aðgang að gögnum sem nýta mætti til útreikninga og samanburðar. Að öðru leyti sé vísað til fyrri athugasemda við þriðja og fjórða kröfulið. Um sjötta kröfulið segir að eins og fram hafi komið um þriðja, fjórða og fimmta lið þá hafi kærandi ekkert rými til þess að hækka lántökukostnað. Þar með hafi bankinn nánast ekkert svigrúm til þess að hækka vexti á láninu og honum hljóti því að vera óheimilt að hækka vexti umfram það sem hin árlega hlutfallstala kostnaðar segi til um, eða þá að honum sé a.m.k. ekki heimilt að innheimta þá.
46. Um sjöunda lið segir að á neytendalánamarkaði sé í hugum neytenda skýr munur á föstum vöxtum og breytilegum vöxtum. Lánssamningur sem innihaldi tvö ósamrýmanleg ákvæði hljóti að teljast óskýr og eðlilegt að annað ákvæði sé úrskurðað ógilt. Við mat á því hvort ákvæðið skuli ógilda hljóti úrskurðaraðili (í þessu tilfelli Neytendastofa) að úrskurða út frá því hvað komi sér betur fyrir neytandann og með hliðsjón af sjötta kröfulið. Hvað snerti áttunda kröfulið sé heildarlántökukostnaður sé skilgreindur svo í d. lið 4. gr. laga nr. 121/1994 „*Heildarlántökukostnaður neytanda er allur kostnaður sem hlýst af töku lánsins og neytanda ber að greiða, þar með taldar vaxtagreiðslur.*“ Með orðinu „hlýst“ og orðalaginu „neytanda ber að greiða“ sé allur vafi tekinn af því að heildarlántökukostnaður innihaldi allan lántökukostnað sem neytandi greiði á lánstímanum.

47. Ef kærandi telji sig eiga rétt á að innheimta verðbætur, verði sá lántökukostnaður að vera áætlaður hluti heildarlántökukostnaðar, enda þurfi að tiltaka allan kostnað sem hljótist af láninu, þ.e. meðtalinn framtíðarkostnað. Það sé því alveg ljóst að annað hvort muni Neytendastofa úrskurða um þennan kröfulið að heildarlántökukostnaður innihaldi allar áætlaðar verðbætur (sem séu þá 0 kr. samkvæmt sundurliðun bankans á heildarlántökukostnaði) eða að heildarlántökukostnaðurinn innihaldi ekki verðbætur, en það þýði að bankanum verði óheimilt að innheimta þann kostnað, sbr. umfjöllun í fjórða kröfulið. Ítrekaðar séu fyrri kröfur og fyrri rök vegna níunda kröfuliðar.
48. Í bréfinu kemur ennfremur fram sú afstaða Sabrinu Casadei að kærandi misskilji tíunda kröfulið hennar. Bankinn virðist ganga út frá því að kvartandi túlki lög nr. 121/1994 á þann hátt að þau banni verðtryggingu. Bankinn hafi þannig sett fram algjörlega óþarfa röksemdarfærslu fyrir því að lög nr. 121/1994 geri ráð fyrir að verðtrygging sé lögleg enda sé það augljóst og komi auk þess margítrekað fram í upphaflegu erindi. Kvartandi sé einmitt sérstaklega að kvarta undan því að bankinn hafi ekki uppfyllt upplýsingaskyldu samkvæmt lögnum varðandi verðbætur af verðtryggðu húsnæðisláni. Hann gefi hvergi í skyn að verðtrygging sem slík sé óheimil í lögum nr. 121/1994. Hins vegar hafi verið á það bent í erindinu að framkvæmd verðtryggingar í lánsamningum samrýmist ekki lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. En það sé þó óviðkomandi þessum kröfulið. Neytendastofa hafi heimild til þess að úrskurða að tilteknir viðskiptahættir verði bannaðir, en væntanlega geti hún jafnframt ákvarðað að viðskiptahættir sem áður hafi verið heimilaðir í lögum verði bannaðir ef sýnt sé fram á að þeir viðskiptahættir séu óréttmætir, enda beri henni að banna óréttmæta viðskiptahætti. Í lögum nr. 57/2005 sé Neytendastofu falin heimild til þess að banna viðskiptahætti sem brjóti gegn ákvæðum laganna. Kvartandi hafi í erindi sínu sýnt fram á að verðtrygging neytendalána brjóti gegn 8. og 9. gr. laganna. Neytendastofu sé því bæði heimilt og skylt að úrskurða að verðtrygging neytendalána teljist til óréttmætra viðskiptahátta sem beri að banna.
49. Kvartandi vilji sérstaklega benda á að skilyrði þess að verðtrygging geti hugsanlega talist ásættanleg fyrir neytendur væri að þeir gætu sæmilega treyst því að tekjur þeirra hældust í takt við verðlagsvísitölu samfara því að gerð kjarasamninga tæki mið af verðbólguþáttum. En það sem raski þessum forsendum verulega séu óvænt verðbólguþáttur sem geti verið verulega langt umfram samsvarandi tekjuleiðréttingar neytenda. Það sé óneitanlega staðreynd að lánveitendur séu í raun í aðstöðu til þess að valda slíkum verðbólguþáttum með óábyrgri fjárhagshegðun, einkum í forni mikillar útlánaþenslu, en það sé óumdeilt að slíkt hafi átt sér stað í aðdraganda efnahagshrunsins. Þar sem að í verðtryggðum neytendalánasamningum sé enginn greinarmunur gerður á vísitöluhækkunum af völdum óábyrgrar hegðunar lánveitenda og öðrum þáttum sem áhrif hafi á vísitöluna sé ljóst að lánveitendur innheimti verðbætur óháð því hvort stór hluti þeirra sé til kominn vegna þeirra eigin starfsemi og hegðunar. Undir eðlilegum kringumstæðum eigi tjónvaldur að bæta tjónþola tjón sitt en ljóst sé að í tilfalli íslensku bankanna hafi þeir innheimt verðbætur af neytendum vegna þess verðbólguþáttur sem þeir hafi sjálfir borið ábyrgð á. Það sé því alveg ljóst að stór hluti verðbóta sem neytendur greiði vegna verðtryggðra lána sé kostnaður sem sé af völdum óábyrgrar hegðunar lánveitenda.

50. Einnig beri að nefna ójafnræðið sem felist í því að neytendur hafi sem einstaklingar enga möguleika á að hafa áhrif á verðlagsvísitölu en það geti þó einstakir lánveitendur gert. Það sé nóg slæmt að neytendur beri alla áhættu af verðlagsþróun en auk þess geti lánveitendur sem séu með jákvæðan verðtryggingarjöfnuð beinlínis haft hag af því að valda verðbólgu í trausti þess að lántakar greiði mun hærri verðbætur. Jafnframt sé ljóst að forsendur neytenda við töku verðtryggðra neytendalána innihaldi ekki þau verðbólguþættir sem kunnir að verða á lánstímanum vegna óábyrgrar hegðunar lánveitanda. Viðkomandi lánakjör virðist því mun hagstæðari en síðar kunnir að koma í ljós vegna þessara verðbólguþættir sem neytendur hafi ekki séð fyrir en lánveitendur beri ábyrgð á og hafi mátt vita að gætu komið til vegna t.d. áhættusamrar fjármálastefnu þeirra. Það sem hér skipti mestu máli sé ekki endilega það tjón sem hægt sé að sanna að neytandinn hafi orðið fyrir heldur að núverandi fyrirkomulag verðtryggingar verji lánveitendur fyrir hugsanlegu tjóni af verðbólgu sem þeir sjálfir valdi en skuldbindi neytendur til þess að borga tjónið með auknum verðbótum. Auk þess þurfi neytendur einnig að þola hækkað verð á vörum og þjónustu án þess að hljóta viðunandi leiðréttingu á tekjum. Í ljósi þess að verðtrygging neytendalána hér á landi taki ekki tillit til verðlagsvísitölubreytinga sem geti eða hafi orðið vegna fjárhagshegðunar lánveitenda sjálfra verði ekki hjá því komist að líta á slíka verðtryggingu sem óréttmæta viðskiptahætti.
51. Þá afhjúpi kærandi á afar athyglisverðan hátt vanþekkingu og virðingarleysi sitt fyrir lögum með óþörfum, vafasömum og haldlausum mótmælum við kröfuliði 11 og 12, sem að vísu hafi ekki verið beint til bankans. Það sé þó full ástæða fyrir Neytendastofu að athuga vel þessar athugasemdir bankans, því þær gefi sterka vísbendingu um hvernig bankinn reyni að túlka lög sér í hag á augljóslega rangan hátt auk þess að setja fram mótsagnakennd rök. Í þessum kröfuliði hafi kvartandi viljað að Neytendastofa staðfesti að stofnunin hefði ekki heimild til þess að úrskurða á grundvelli laga nr. 7/1936. Til upplýsingar fyrir kæranda vilji kvartandi taka fram að staðfesting Neytendastofu á þessum kröfuliðum komi til með að nýtast kvartanda ef hann þurfi að gera kröfu gegn bankanum því þá sé það túlkun neytanda á lánsamningnum sem gildi í þeim tilfellum sem vafi um merkingu samnings sé til staðar og ólíkar túlkanir samningsaðila geti báðar átt við. Það breyti því engu hvort kærandi telji að lánveiting hans sé í samræmi við lög, því það sé sú túlkun sem komi neytandanum betur sem gildi. Það skuli þó áréttað að bankinn taki í raun undir kröfuliði 11 sem sé skiljanlegt ef hann vilji ekki að Neytendastofa hafi heimild til þess að taka ákvörðun á grundvelli laga nr. 7/1936, en þar með viðurkenni bankinn einnig kröfuliði 12.
52. Í lok bréfsins er komið að almennum athugasemdum. Segir þar að nokkuð hafi borið á því að lánveitendur hafi túlkað ákvæði 12. gr. laga nr. 121/1994 á þann hátt að ekki skuli taka tillit til verðbóta þegar árleg hlutfallstala kostnaðar sé reiknuð út. Neytendastofa þurfi sérstaklega að hafa í huga og gæta þess að lánveitendur komist ekki upp með að túlka löginn sér í hag þannig að hún stríði gegn þeirri túlkun sem samræmist þeim tilskipunum sem viðkomandi lög byggja á og þeim lögskýringum sem fylgi frumvörpum til laganna. Kvartandi hafi í erindi sínu ítarlega sýnt fram á að hans túlkun sé í samræmi við áður nefndar lögskýringar og tilskipanir og treysti því að Neytendastofa staðfesti þá túlkun, enda afar mikilvægt að staðfest sé að Alþingi hafi innleitt tilskipunina á réttan hátt, þótt vissulega hefði innleiðingin mátt vera skýrari.

53. Þá er í erindi Sabrinu bent á að í athugasemdum kæranda sé áberandi hversu fjálglega bankinn túlki lögin sér í hag og jafnvel brjóti þau. Þá hljóti það að teljast afar bagalegt fyrir bankann hvernig hann leggi fram fylgiskjöl og röksemdafærslu sem sé Neytendastofu óviðkomandi. Kvartandi telji að sá óvandaði málalátillátur bankans, frjálstleg túlkun á lögum og undanbrögð sem fram komi í athugasemdum hans við erindinu séu í nokkru samræmi við þau vinnubrögð bankans sem hann viðhafi við gerð neytendalánasamninga. Kvartandi vilji enn fremur minna á eindreginn brotavilja kæranda ásamt öðrum íslenskum lánveitendum þegar þeir hafi veitt ólögleg gengistryggð lán þrátt fyrir að forsvarsmaður Samtaka íslenskra fjármálafyrirtækja hafi varað við því í umsögn við frumvarp að lögum nr. 38/2001 að gengistrygging væri ólögleg. Það sé niðurstaða kvartanda að viðbrögð kæranda við erindi hans staðfesti sök bankans enda hafi kvartandi ítarlega sýnt fram á í rökstuðningi sínum að kröfur hans séu réttmætar.
54. Með bréfi Neytendastofu, dags. 19. desember 2012, var kæranda kynnt fyrrgreint bréf Sabrinu og honum boðið að koma að athugasemdum sínum við það. Svar barst með bréfi, dags. 8. janúar 2013, þar segir að til að byrja með mótmæli kærandi þeim aðdróttunum sem lagðar hafi verið fram í bréfi kvartanda þess efnis að bankinn hafi beitt blekkingum, lúmskum brögðum eða leynt upplýsingum fyrir kvartanda þegar umrædd skuldskeyting hafi átt sér stað. Hvort sem kvartandi sé íslenskur ríkisborgari eður ei verði ekki horft fram hjá því að hann var fjárráða á þeim tíma sem láninu var skuldskeytt og hafi mátt gera þá lágmarkskröfu að hann kynnti sér efni þeirra skjala sem hann skrifaði undir. Því sé mótmælt að kvartandi hafi verið algjörlega grandlaus og ekki skilið efnislegt inntak þeirra gagna sem skrifað hafi verið undir og fráleitt sé að bankinn hafi með einhverju móti brotið gegn kvartanda þegar láninu var skuldskeytt, enda komi fram í skuldabréfinu sjálfu og fylgigögnum upplýsingar um hvernig skuldin muni taka breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs og hafi það verið skýrt nánar í greiðsluáætluninni. Hafi kvartandi ekki skilið gögnin rétt, sem séu samkvæmt kvartanda nánast óskiljanleg og sett fram á ófullnægjandi og óskýran hátt, hafi honum verið í lófa lagið að kalla eftir nánari útskýringum áður en skrifað var undir skuldskeytingarskjölin. Ákvæði laga nr. 121/1994 geri ekki ríkari kröfur um upplýsingaskyldu gagnvart erlendum aðilum umfram innlenda. Þar að auki sé það ekki eðlilegt að gera það að kröfu að bankinn hafi meiri upplýsingaskyldu gagnvart erlendum ríkisborgara umfram það sem eðlilegt telst um viðskiptavini bankans.
55. Hvað varði umfjöllun kvartanda um hluti sem hann telji málinu óviðkomandi og kærandi fjalli um í bréfi sínu þá hafi eingöngu verið um að ræða efnisleg svör við þeim fullyrðingum og athugasemdum sem fram hafi komið í upphaflegri kvörtun sem og fullyrðingum þess efnis að vilji hafi staðið til að greiða af láninu o.fl., sem kvartandi setti fram í bréfi sínu til að ýkja málsatvik og komu í raun efnislegri meðferð Neytendastofu ekki við. Þar sem kvartandi hafi fundið sig knúinn til að koma fram með slíkar aðdróttanir sé eðlilegt að kærandi svari þeim tilhæfalausú ásökunum sem kvartandi hafi sjálfur sett fram í upphaflegu erindi. Þannig þyki það heldur sérstakt að kvartandi sé svo hneykslaður yfir efni svars kæranda þegar upphafleg kvörtun hafi gefið fullt tilefni til að svara fullyrðingum hans að einhverju leyti, enda hún uppfull af órökstuddum fullyrðingum sem strangt til tekið komi máli hjá Neytendastofu ekki við.

56. Vegna fyrsta kröfuliðs kvartanda ítrekar kærandi þær upplýsingar sem fram komi í þeim skjölum sem kvartandi staðfesti að hafa kynnt sér. Ekki sé sjálfgefið að þrátt fyrir að kvartandi sé erlendur ríkisborgari skilji hann ekki hvernig lán hafi verið tekið eða hvaða afleiðingar breytingar á vísitölu neysliverðs myndu hafa á afborganir lánsins. Kvartandi staðfesti hins vegar að hann hafi kynnt sér efnistöð þeirra skjala er vörðuðu lánveitinguna þegar hann skrifaði undir skuldskeytingaryfirlýsinguna og engar spurningar hafi komið fram eða athugasemdir gerðar við efni skjalanna. Það sé í hæsta máta óeðlilegt að ganga út frá því að þó að kvartandi staðfesti skriflega að hann skilji skuldbindingargildi undirritunar sinnar þá skilji hann það í raun ekki og sé því fullyrðingum þess efnis að bankinn hafi villt um fyrir kvartanda til að blekkja hann til undirritunar mótmælt harðlega. Þá sé það sem að framan greini ítrekað, þ.e. að óeðlilegt sé að krefjast þess að bankinn hafi meiri upplýsingaskyldu í þeim tilfellum þar sem um erlenda ríkisborgara sé að ræða.
57. Af hálfu kæranda sé bent á í tengslum við skuldskeytingarskjal, að í því komi fram að skuldabréfið sé verðtryggt og upphaflega hafi verið stuðst við neysliverðsvísitölu sem þá hafi verið 239,7 stig. Í titli veðskuldabréfsins komi skýrt fram að það sé bundið vísitölu neysliverðs. Rétt fyrir neðan tilgreiningu lánsfjárhæðarinnar komi fram hvaða fasteign sé sett að veði til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls, verðbóta, vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar. Þá sé einnig bent á í tengslum við skuldabréfið sjálft að í fyrsta tölulið skilmála bréfsins komi fram að skuldin skuli endurgreiðast með jöfnum greiðslum afborgana, jafngreiðslulán, að viðbættum verðbótum á hverja greiðslu samkvæmt vísitölu neysliverðs. Í öðrum tölulið skilmála bréfsins komi fram að skuldin sé bundin vísitölu neysliverðs samkvæmt framanskráðu og breytist í samræmi við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu bréfs þess til gildandi vísitölu gjalddaga. Í fimmta tölulið skuldabréfsins komi fram að komi til þess að skuldari ákveði að greiða skuldabréfið upp þá skuli sú upphæð standa saman af áföllnum vöxtum, verðbótum og á þeim vaxtagjalddaga þegar vaxtaendurskoðun hafi átt að taka gildi. Í sjötta tölulið sé talað um að verði vanskil á greiðslu afborgana, verðbóta eða vaxta af skuldabréfinu eða aðrar vanefndir af hálfu útgefanda/veðsala, sé heimilt að fella skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust án uppsagnar.
58. Í áttunda tölulið komi fram að útgefanda/veðsala sé skylt að hafa hið veðsetta ávallt vátryggt að fullu. Veðrétturinn nái til vátryggingarfjárhæðar veðsettra eigna og sé veðhafa heimilt, ef til útborgunar vátryggingarfjárins komi, að krefjast þess að vátryggingafélagið greiði beint til sín þann hluta vátryggingarfjárins, sem þurfi til greiðslu skuldarinnar, auk verðbóta, vaxta, dráttarvaxta, innheimtukostnaðar og annars kostnaðar og hafi veðhafi þá jafnframt umboð til þess að taka við vátryggingarfénu og ráðstafa því inn á skuldina. Þá komi í 15. tölulið einnig fram verði skuldin gjaldfelld samkvæmt framangreindu megi gera aðför til fullnustu skuldinni án undangengis dóms eða réttarsáttar skv. 7. tölulið 1. gr. laga nr. 90/1989. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar nái aðfaraheimildin til verðbóta, vaxta, dráttarvaxta, kostnaðar af kröfu innheimtukostnaðar, málskostnaðar og alls annars kostnaðar sem af vanskilum kunni að leiða, endurgjaldskostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustugerðum.

59. Í greiðsluáætlun séu listuð upp gjöld samkvæmt áætluninni auk þess sem fram komi fyrirvari út af efnistöfum skuldabréfsins. Þannig segi: „*Athugið að áætlun þessi er byggð á núgildandi vísitölu og þeim vöxtum og verðskráum sem í gildi eru í Íslandsbanka hf. við gerð áætlunarinnar. Þeir þættir geta tekið breytingum í samræmi við ákvæði lánessamnings. Ef lánsfjárhæð er breytileg og eða lánstími óákveðinn er áætlun byggð í dæmaskyni eingöngu á tilteknum upphæðum og eins árs lánstíma.*“
60. Líkt og áður hafi fram komið sé kvartandi fjárráða einstaklingur og hafi tekið yfir lán sem ljóst hafi verið að var bundið vísitölu neysluverðs, vísitölu sem hafi farið hækkandi í það minnsta frá árinu 2004. Það komi ítrekað fram að heildargreiðslur af láninu myndu standa saman af nokkrum þáttum og einn af þeim þáttum hafi verið vegna breytinga á vísitölu neysluverðs. Það krefjist ekki reiknikunnáttu að gera sér grein fyrir því að afborganir af láni sem bundið sé við vísitölu sem hafi farið stighækkandi undanfarin ár muni væntanlega sveiflast upp á við með þeirri vísitölu, enda komi skýrt fram í skuldabréfinu sjálfu að greiðslurnar muni sveiflast í samræmi við neysluvísitöluna. Skuldabréfið sé sett fram á skýran hátt og telji kærandi að þau skjöl, sem legið hafi fyrir við lánveitinguna og lántaki staðfesti að hafa kynnt sér efnislega, hafi uppfyllt þá upplýsingaskyldu sem lá á herðum bankans þegar lánið hafi verið veitt. Bankinn mótmæli því harðlega að reynt hafi verið að beita blekkingum í fyrra svari þegar greiðslur hafi verið bornar saman enda hafi verið tekið fram að munurinn á fyrstu greiðslu og síðustu greiðslu stafi væntanlega af því að ekki hafi verið greiddur fullur mánuður.
61. Það ítrekist einnig að greiðsluáætlunin hafi eingöngu verið áætlun en áætlun geti eðli málsins samkvæmt ekki verið endanleg staðfesting á því að greiðslur lánsins verði ætíð í samræmi við hana. Megi um þetta einnig vísa til fyrirvara þeirra sem séu neðst á greiðsluáætluninni þess efnis að tölurnar geti tekið breytingum. Tekið sé sérstaklega fram að áætlunin sé byggð á þágildandi vísitölu og að áætlunin sé því eingöngu sett fram í dæmaskyni. Kvartandi telji að framangreindur fyrirvari eigi ekki við þar sem að hlutfallstalan hafi verið sett fram í greiðsluáætluninni og því skyldi sú tala standa en hvergi komi fram í framangreindum fyrirvara að hann eigi ekki við um hlutfallstöluna. Þvert á móti taki fyrirvarinn til útreiknings á hlutfallstölu kostnaðar, enda komi fram í fyrirvaranum að áætlunin sé byggð á þágildandi vísitölu. Sama hversu dramatískum lýsingum kvartandi beiti fyrir sig varðandi ofangreint atriði verði ekki litið fram hjá því að skýrt hafi verið að tölur sem fram kæmu í greiðsluáætluninni væru ekki endanlegar, þar á meðal hlutfallstala kostnaðar, en til þess hafi fyrirvarinn verið settur svo neytendur myndu ekki misskilja efnislegt innihald lánesskjalanna líkt og lántaki geri í máli þessu. Að lokum sé því ítrekað að bankinn hafi uppfyllt allar þær kröfur sem lög nr. 121/1994 lögðu á herðar honum, líkt og fyrirliggjandi gögn og umfjöllun staðfesti.
62. Vegna annars kröfuliðar segir í bréfinu að kvartandi hafi haldið því fram að kærandi hafi vísitandi blekkt kvartanda með því að setja fram ófullnægjandi upplýsingar. Kærandi mótmæli þeirri fullyrðingu enda ljóst að þau skjöl sem kvartandi hafi kynnt sér við skuldskeytinguna hefðu átt að upplýsa hann nægjanlega enda hafi komið fram í þeim skjölum að þáverandi tölur byggðu á þáverandi vísitölu sem myndi taka breytingum. Kvartandi hafi

verið fullupplýstur um þær breytingar sem greiðslur vegna lánsins gætu tekið vegna breytinga á vísitölunni og hafi sú upplýsingagjöf verið í samræmi við þágildandi neytendalöggjöf, enda hafi kvartandi staðfest að hann hafi kynnt sér efni skjalanna. Það að kvartandi hafi misskilið skýr gögn bankans geti ekki verið á ábyrgð bankans, þá sérstaklega í ljósi þess sem margoft hafi verið ítrekað að kvartandi hafi kynnt sér efni skjalanna, staðfest það og engar athugasemdir gert eða komið fram með spurningar. Vísað er til fyrri svara um þriðja kröfulið og ítrekað að þær tölur sem fram hafi komið í upphaflegum skuldaskjölum hafi verið settar fram með fyrirvara um breytingar vegna breytinga á vísitölu neysluverðs. Kærandi hafi fylgt í öllu þeim skyldum sem þágildandi neytendalöggjöf hafi lagt á herðar lánveitanda á þeim tíma er lánið hafi upphaflega verið veitt og síðar skuldskeytt. Að auki komi fram að fyrirvarinn, sem settur hafi verið fram með greiðsluáætluninni, hafi einnig átt við um hlutfallstölu kostnaðar, sbr. ofangreinda umfjöllun, og sé því ljóst að þar komi fram að sú tala myndi taka breytingum skv. breytingum á vísitölu neysluverðs. Þannig komi þar fram við hvaða aðstæður megi breyta hlutfallstölu sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994.

63. Að lokum megi einnig benda á að ákvæði neytendalánalaga og tilskipunarinnar sem lög um neytendalán byggja á tiltaki eingöngu að hlutfallstölu skuli aðeins reikna út í upphafi og geri að auki beinlínis ráð fyrir því að hlutfallstala kostnaðar geti tekið breytingum, sbr. 2. mgr. 6. gr. og 12. gr. laga nr. 121/1994. Vísað er til umfjöllunar um fyrirvara sem fylgdi greiðsluáætlun vegna fimmta kröfuliðar. Þar hafi komið fram að áætlunin sé lögð fram í dæmaskyni og að tölur sem þar komi fram muni taka breytingum til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs. Við upphaflegu lánveitinguna sé gefið til kynna að hlutfallstalan komi til með að taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs og því takmarki 14. gr. laga nr. 121/1994 ekki kostnað sem leiði af þeim breytingum sem fjallað hafi verið skýrlega um við upphaflega lánveitingu.
64. Vegna sjötta kröfuliðar er vísað til umfjöllunar um fyrirvara við breytingar á tölum þeim sem settar hafi verið fram í greiðsluáætlun. Þar að auki komi skýrlega fram í skilmálum skuldabréfsins að lánveitanda sé heimilt að breyta vöxtum lánsins, en fjallað sé um þá heimild bankans í lið nr. 5 í skilmálum bréfsins auk þess sem tekið sé fram í heiti skuldabréfsins að skuldabréfið innihaldi vaxtaendurskoðunarákvæði. Að auki sé fjallað sérstaklega um breytingar á vöxtum í ofangreindum fyrirvara með greiðsluáætluninni en þar segi orðrétt: „Athugið að áætlun þessi er byggð á núgildandi vísitölu og þeim vöxtum og verðskrá sem í gildi eru í Íslandsbanka h.f. við gerð áætlunarinnar. Þeir þættir geta tekið breytingum í samræmi við ákvæði lánsamnings.“
65. Um sjöunda kröfuliðinn segir að ef skilmálar skuldabréfsins séu skoðaðir sé ljóst af þeirri lesningu að fastir vextir gildi til fimm ára í senn en að því tímabili liðnu hafi kærandi heimild til að endurskoða vextina og breyta þeim. Skuldabréfið gæti ekki verið skýrara hvað þetta varði og mótmæli bankinn rangri túlkun kvartanda enda eigi hún ekki við rök að styðjast, sérstaklega ef fimmti töluliður skuldabréfsins sé lesinn. Þá geti texti í haus skuldabréfsins ekki breytt skýrum og skilmerkilegum skilmálum bréfsins sjálfs en fimmti töluliður bréfsins sé skýr og skilmerkilegur og ætti ekki að valda neinum vafa hjá lántaka hvert efni skuldabréfsins sé að þessu leyti, þ.e. hvernig vaxtaendurskoðun sé háttáð. Um áttunda kröfulið segir að tekið

hafi verið fram að þegar hlutfallstala kostnaðar var sett fram í greiðsluáætluninni hafi þar eingöngu verið um áætlun að ræða sem sett hafi verið fram í dæmaskyni og myndi hún því taka breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs. Skýrt hafi verið að hún myndi taka breytingum og gjöld lánsins með.

66. Vegna níunda kröfuliðar segir að kærandi hafi ítarlega farið yfir það hvernig upplýsingaskylda bankans hafi verið uppfyllt og mótmæli því harðlega að honum beri að greiða skaðabætur. Hann hafi í öllu fylgt ákvæðum gildandi laga líkt og fjallað hafi verið um að framan og í upphaflegu svari. Þar að auki hafi lántaki ekki sýnt fram á tjón sem hann hafi orðið fyrir og því ekki uppfyllt þær almennu kröfur sem almennar reglur skaðabótaréttar leggi á þann sem krefjast vilji bóta, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 121/1994. Að lokum er vísað til fyrra svars bankans og ítrekuð þegar framlögð mótmæli.
67. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 8. febrúar 2013, var gerð grein fyrir því að við vinnslu ákvörðunarinnar hafi komið í ljós, vegna kvörtunar yfir því að verðtryggingarákvæði samningsins brytu í bága við ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005, að samningurinn hafi verið gerður fyrir gildistöku laga nr. 50/2008, um breytingu á lögum nr. 57/2005, og því hafi tilvitnað ákvæði 1. mgr. 8. gr. laganna ekki verið í gildi við samningsgerðina. Ákvæði 8. gr., sem og ákvæði 9. gr. sem vísað væri til í síðara bréfi kvartanda, geti því ekki komið til álita við mat á því hvort verðtryggingarákvæði umrædds samnings feli í sér óréttmæta viðskiptahætti þó þau geti komið til álita við almennt mat á því hvort verðtrygging teljist óréttmætir viðskiptahættir eins og haldið sé fram í erindinu. Til álita komi því hvort verðtryggingarákvæði samningsins feli í sér óréttmæta viðskiptahætti skv. 5. eða 6. gr. þágildandi laga nr. 57/2005, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Með vísan til andmælareglu 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 var bankanum gefinn kostur á að koma að athugasemdum við þann þátt erindisins sem varðaði verðtryggingarákvæði samningsins að teknu tilliti til ofangreinds.
68. Svar bankans barst með bréfi, dags. 18. febrúar 2013, þar sem segir að hvað varði 5. gr. þá komi þar skýrt fram að ekki megi aðhafast það sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir séu tíðkaðir. Á þessum tíma hafi framkvæmdin á verðtryggðum lánveitingum alltaf verið með þeim hætti sem ákvæði skuldabréfsins tilgreini auk þess sem lög nr. 121/1994 hafi gilt um lánveitinguna og farið hafi verið að öllum ákvæðum þeirra líkt og fyrri rökstuðningur bankans sýni. Það geti ekki talist annað en góðir viðskiptahættir að fylgja þeim lögum sem gildi um þá löggæringa sem verið sé að framkvæma og telji bankinn því ekki unnt að heimfæra lánveitinguna undir 5. gr. þágildandi laga nr. 57/2005.
69. Hvað varði 6. gr. hafi bankinn nú þegar útskýrt ítarlega að allar þær upplýsingar sem lög nr. 121/1994 kveði á um að liggja skuli fyrir við lánveitingu sem þessa hafi legið fyrir og verið aðgengilegar kvartanda. Ekki hafi verið um rangar upplýsingar að ræða heldur hafi verið settar fram upplýsingar miðað við þáverandi aðstæður og það útskýrt að þær tölur myndu taka breytingum í takt við breytta vísitölu og því væri þess að vænta að afborganir myndu sveiflast með vísitölubreytingum og breytingum á gjaldskrá bankans líkt og áður hafi verið rakið. Bankinn telji að á engan veg sé unnt að heimfæra lánveitingu þá sem um ræði í málinu undir 5. eða 6. gr. þágildandi laga nr. 57/2005 og telji að öllum þeim reglum og lagaákvæðum er

giltu um lánveitinguna hafi verið fylgt og því ekki um óeðlilega eða slæma viðskiptahætti að ræða.

70. Með bréfi, dags. 8. apríl 2013, óskaði Sabrina Casadei eftir að koma að frekari athugasemdum í málinu. Í bréfinu segir að í ljósi ábendinga Neytendastofu um 10. kröfulið kvartanda og í ljósi nýlegs álits framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins um verðtryggða lánsamninga, vilji kvartandi gera athugasemdir við bréf kæranda frá 19. febrúar 2013. Í svari kæranda sé ekki að finna nein lagarök fyrir því að verðtrygging teljist ekki til óréttmætra viðskiptahátta heldur sé einungis fullyrt að bankinn fari að lögum samkvæmt eigin túlkun á þeim. Ennfremur skuli bent á að þar áður hafi bankinn ekki gert neinar efnislegar athugasemdir við 10. kröfulið, aðrar en þær að benda á að lög nr. 121/1994 geri ráð fyrir að verðtrygging sé heimil. Það liggir fyrir að bankinn hafi ekki hug á að halda uppi miklum vörnum fyrir verðtryggingu sem réttmætum viðskiptaháttum.
71. Það megi þó skilja á bréfi Neytendastofu að stofnuninni þyki ekki ljóst hvort kvartandi sé almennt að krefjast þess að stofnunin ákvarði verðtryggingu sem óréttmæta viðskiptahætti, eða eingöngu í tilviki þess skuldabréfs sem erindi kvartanda byggir á. Kvartandi ítreki að með kröfu sinni um að Neytendastofa ákvarði verðtryggingu sem óréttmæta viðskiptahætti, eigi hann við að Neytendastofa skuli taka almenna ákvörðun, en vissulega væri einnig rétt að tiltaka hvernig sú ákvörðun hefði áhrif á þann lánsamning sem mál þetta byggir á. Varðandi komandi ákvörðun Neytendastofu um þennan kröfulið sé einnig rétt að benda á að væntanlega komi til skoðunar hvort ákvarða eigi verðtryggingu á neytendalánum í öllum tilfellum sem óréttmæta viðskiptahætti eða eingöngu tiltekin form hennar. Einnig komi sérstaklega til álita að Neytendastofa ákvarði að þeir aðilar sem beinlínis valdi eða geti mögulega orsakað verðbólgu verði bannað að verðtryggja lán.
72. Í bréfinu er vísað til álits framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á verðtryggðum lánum í tilefni fyrirspurnar dr. Mariu Elviru Mendez-Pinedo, prófessors í Evrópurétti. Í álitinu hafi vissulega komið fram að verðtrygging sem slík væri ekki í andstöðu við tilskipanir sambandsins í neytendamálum að uppfylltum ströngum skilyrðum, en einmitt þessi skilyrði hafi ekki verið uppfyllt eins og kvartandi hafi ítarlega sýnt fram á. Niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar sé því efnislega samhljóða málflutningi kvartanda, þ.e. að upplýsingaskylda lánveitenda varðandi verðtryggingu hafi ekki verið uppfyllt.
73. Kvartandi vilji benda Neytendastofu sérstaklega á að í ljósi þess að álit framkvæmdastjórnarinnar byggir á núgildandi tilskipun um neytendalán nr. 2008/48, sem verði ekki að fullu innleidd hér á landi fyrr en síðar á þessu ári (með gildistöku laga nr. 33/2013) þá séu þær engu að síður samhljóma málflutningi kvartanda sem sé þó fyrst og fremst byggður á lögum nr. 121/1994 þar sem tilskipanir nr. 87/102 og 90/88 séu hafðar til hliðsjónar. Í fylgiskjali með bréfinu séu ákvæði tilskipunar nr. 2008/48 borin saman við ákvæði eldri tilskipananna og laga nr. 121/1994. Á þessum samanburði megi sjá að þótt ákvæði í tilskipun nr. 2008/48 séu að nokkru leyti skýrari, þá feli þau ekki í sér efnislegar viðbætur sem máli skipti frá fyrri tilskipunum. Álitid sé því í ágætu samræmi við fyrri tilskipanir sem þegar hafi verið innleiddar hér á landi. Kvartandi gerir í bréfinu samanburð á áliti framkvæmdastjórnarinnar og fyrri málflutningi sínum og segir að álitid styðji í öllum

meginatriðum málflutning sinn. Í fyrsta lagi segi í álitinu að lánsfjárhæðin, þ.e. sú fjárhæð sem neytandinn fái upphaflega lánaða, sé föst stærð og geti ekki hækkað með vísitölu. Vísitölubinding höfuðstóls geti ekki hækkað upphaflega lánsfjárhæð og sé í því sambandi vísað til 1. liðar 3. gr. tilskipunar 2008/48. Kvartandi bendir á að með þessu sé átt við að lánsfjárhæðin sé föst stærð að nafnvirði og þetta þýði augljóslega að verðtrygging geti eingöngu lagst við lán sem kostnaður sem gera þurfi grein fyrir. Lánveitandi geti einungis notað vísitölubindingu höfuðstóls sem aðferð við að reikna kostnað og þessum lánskostnaði þurfi því að gera sérstaka grein fyrir. Kvartandi hafi lagt ríkulega áherslu á þetta.

74. Í öðru lagi segi í álitinu um árlega hlutfallstölu kostnaðar að hún skuli reiknuð í samræmi við upphaflega vexti og verðbólgu þar sem það eigi við, t.d. við vísitölubindingu höfuðstóls lánsfjárhæðarinnar. Vísað sé til ákvæðis 4. mgr. 19. gr. tilskipunar 2008/48. Kvartandi bendi á að hér fari ekki á milli mála að við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar skuli taka tillit til verðbóta, þ.e. kostnaðar við verðtryggingu. Þetta sé algjörlega í samræmi við það sem kvartandi hafi margítrekað bent á og ítarlega sýnt fram á. Kvartandi hafi sérstaklega útskýrt að þar sem orðið „verðlag“ komi fram í 12. gr. laga nr. 121/1994 sé þar um að ræða kostnaðarlið. Þótt auðvelt geti verið að mistúlka þetta, þá sé samhengið skýrt, enda ættu „önnur gjöld“ að gefa skýrt til kynna að um sé að ræða gjöld sem lántaki þurfi að greiða.
75. Í þriðja lagi segi í álitinu að lánveitandi beri sömu upplýsingaskyldu um áhrif verðtryggingar eins og um vexti. Koma eigi skýrt fram að verðtryggingin sé hluti af vaxtakjörum eða bundin við höfuðstól auk þess að gera grein fyrir áhrifum hennar á heildarlántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar. Vísað hafi verið til ákvæða 4. mgr. 19. gr. og f. liðar 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2008/48. Kvartandi bendi á að með þessu sé upplýsingaskylda lánveitanda um verðtryggingu ítrekuð enn frekar þar sem ætlast sé til að hann geri vel grein fyrir þeim kostnaði sem felist í verðtryggingunni. Þessi kostnaður þurfi bæði að koma fram í heildarlántökukostnaði og árlegri hlutfallstölu kostnaðar.
76. Í fjórða og fimmta lagi segi í álitinu að lánveitanda sé skylt að gera neytanda grein fyrir við hvaða aðstæður breytilegur lánskostnaður geti breyst. Þetta eigi að upplýsa neytandann um bæði áður en samningur sé gerður og við samningsgerð. Kvartandi hafi lagt talsverða áherslu á það í málflutningi sínum að lánveitandi hafi hvergi tekið fram hvernig verðbætur eða kostnaður vegna verðtryggingar tæki breytingum og við hvaða aðstæður þessi kostnaður breyttist. Ennfremur hafi ekki komið fram lýsing á því hvernig verðtrygging kynni að hafa áhrif á skuldina, t.d. með raunhæfri greiðsluáætlun. Eingöngu sé að finna ákvæði um að skuldin taki breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs.
77. Í sjötta lagi segi í álitinu að alveg eins og við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar þar sem miðað sé við upphafsgildi fyrir breytilega kostnaðarliði út lánstímann (þ.m.t. vexti og verðbólgu) eigi í greiðsluáætlun, sem jafnframt eigi að innihalda vísitölubindingu höfuðstóls, að reikna allan vaxtakostnað sem og annan lánskostnað. Heildarlántökukostnaður sé mismunur alls þess sem neytandi greiði og þeirrar fjárhæðar sem hann hafi upphaflega fengið lánaða. Reikna skuli út árlega hlutfallstölu kostnaðar samkvæmt þessum gildum (þ.e. heildarlántökukostnaði og upphaflegri lánsfjárhæð). Kvartandi bendi í þessu sambandi á að árleg hlutfallstala kostnaðar sé reiknuð út frá heildarlántökukostnaði. Fyrir íslenska

lánveitendur verðtryggðra lána, sem snúi út úr ákvæði 12. gr. laga nr. 121/1994, hafi því átt að vera ljóst að þeir hafi ekki átt kost á sama útúrsnúningi við útreikning á heildarlántökukostnaði. Útreikningana þurfi að gera miðað við þær forsendur að breytilegur kostnaður haldist óbreyttur frá upphafsgildi, þ.m.t. verðbætur miðað við verðbólgu í upphafi tímabilsins. Það sé því augljóst misræmi í því að lánveitendur séu skyldugir til þess að taka tillit til verðbóta í heildarlántökukostnaði en ekki í árlegri hlutfallstölu kostnaðar.

78. Í sjöunda lagi sé í álitinu um það fjallað að neytendalöggjöf Evrópusambandsins banni ekki verðtryggingu sem slíka og reyndar sé hún sérstaklega heimiluð. Tilskipun um ósanngjarna samningsskilmála nr. 93/13 veiti ekki tilefni til þess að skilgreina verðtryggingu sem ósanngjarna samningsskilmála. En neytendalöggjöf krefjist þess að neytendur séu vel og tímalega upplýstir um efni lánessamninga. Ákvæði þeirra þurfi að vera á skýru og skiljanlegu máli og lýsa þurfi sérstaklega þeim aðferðum sem notaðar séu við verðtryggingu. Þá komi fram í tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti nr. 2005/29 að seljendur þurfi að upplýsa neytendur í upphafi (þ.e. við markaðssetningu eða við tilboðsgjöf) um kosti og galla, m.a. í tengslum við verðbólgu, sem neytendur megi vænta. Það geti því þurft að meta hvert tilvik fyrir sig þegar komi að því að meta lögmæti einstakra viðskiptahátta. Kvartandi andmæli því ekki að tilskipanir Evrópusambandsins heimili og geri jafnvel ráð fyrir verðtryggingu. Erindi kvartanda gangi þó einmitt út á það að sýna fram á að þau skilyrði fyrir lögmæti verðtryggingar sem minnst hafi verið á í álitinu hafi ekki verið uppfyllt, enda staðfesti álitíð einmitt það. Engu að síður hyggist kvartandi viðhalda þeirri kröfu sinni að Neytendastofa taki ákvörðun um að verðtrygging skuli teljast til óréttmætra viðskiptahátta á öðrum forsendum en lagt hafi verið fyrir framkvæmdastjórnina í fyrirspurn dr. Elviru Mendez.
79. Í áttunda lagi segi í álitinu að lánveitendur séu skyldugir til þess að veita lántökum dæmi um heildarlántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar. Kvartandi bendi á að þessi skylda lánveitenda komi fram í 3. gr. tilskipunar 87/102. Ef greiðsluáætlun sé notuð sem dæmi, þá sé augljóslega afar óraunsað og villandi að miða við 0% verðbólgu í slíku dæmi. Reyndar sé engin viðhlítandi dæmi gefin um heildarlántökukostnað eða árlega hlutfallstölu kostnaðar í þeim lánessamningi sem erindi kvartanda byggir á. Í níunda lagi segi í álitinu að verðtrygging höfuðstóls kunnri að stangast á við evrópska neytendalöggjöf ef reikniðferð fyrir verðtryggingu höfuðstóls sé ekki lýst á fullnægjandi hátt en skoða verði hvert tilvik í því sambandi. Ennfremur gæti það talist til villandi upplýsingagjafar af hálfu lánveitanda að greina ekki frá hugsanlegum áhrifum verðbólgu á lánið með fullnægjandi hætti. Kvartandi hafi einmitt sýnt fram á að kærandi hafi verið langt frá því að uppfylla skilyrði um lögmæti verðtryggingar.
80. Það sé afdráttarlaust í álitinu framkvæmdastjórnarinnar að verðbætur séu hluti af lántökukostnaði sem gera þurfi grein fyrir í heildarlántökukostnaði og árlegri hlutfallstölu kostnaðar, auk þess sem upplýsa þurfi neytendur vel um áhrif verðbólgu og verðtryggingar á lánið. Lánveitendur geti ekki komist upp með að nota vísitölubindingu til þess að uppfæra sjálfkrafa höfuðstól, afborganir, heildarlántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar. Vísitölubindinguna sé einungis hægt að nota sem reikniðferð til þess að reikna út verðbótakostnað sem sé allur óhjákvæmilega hluti af heildarlántökukostnaði. Þótt álit

framkvæmdastjórnarinnar miðist við tilskipun nr. 2008/48 þá sé greinilegt að þau ákvæði sem liggja til grundvallar álitinu hafi verið efnislega til staðar í fyrri tilskipunum sem lög nr. 121/1994 byggja á. Aðalatriðið sé að álitnið staðfesti þau atriði sem kvartandi hafi lagt megináherslu á í kvörtun sinni og byggja á lögum nr. 121/1994 með hliðsjón af þeim tilskipunum sem þau byggja á. Álitnið staðfesti því málflutning og túlkun kvartanda í meginatriðum.

81. Kvartandi vekur athygli á því í bréfi sínu að nýlega hafi verið samþykkt á Alþingi ný lög um neytendalán, nr. 33/2013, sem taki gildi síðar á árinu. Í nefndarálitni meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar með breytingartillögu um frumvarp til laganna, eftir 2. umræðu, segi m.a. um upplýsingar um útlánsvexti að á fundum nefndarinnar hafi verið varpað fram þeirri spurningu hvort verðtrygging teldist kostnaður eða vextir en sjónarmið hafi komið fram um að slík afmörkun geti haft þýðingu við mat á því hvort upplýsingaskylda lánveitenda skv. 13. gr. frumvarpsins vegna breytinga á útlánavöxtum eigi við um breytingar á vísitölu. Í svari Neytendastofu sé bent á það að bæði verðbætur og vextir teljist til kostnaðar vegna lántöku og sé það í samræmi við skilgreiningu á heildarlántökukostnaði sem fram komi í g. lið 5. gr. frumvarpsins. Kvartandi bendi á að það sé reyndar nokkuð skýrt af lögum nr. 33/2013 að verðbætur séu skilgreindar sem hluti af lánskostnaði, enda sé heildarlántökukostnaðar skilgreindur í g. lið 5. gr. sem „*Allur kostnaður, þ.m.t. vextir, verðbætur, þóknun, skattar og önnur gjöld sem neytandi þarf að greiða í tengslum við lánsamning [...]*“. Til samanburðar sé heildarlántökukostnaður skilgreindur svo í d. lið 4. gr. gildandi laga: „*Heildarlántökukostnaður neytanda er allur kostnaður sem hlýst af töku lánsins og neytanda ber að greiða, þar með taldar vaxtagreiðslur.*“
82. Í hinum nýju lögum séu verðbætur meðtaldar í upptalningu á nokkrum kostnaðarliðum. Ekki sé þó um að ræða mikla efnislega breytingu á sjálfri skilgreiningunni á heildarlántökukostnaði og alveg ljóst að þótt verðbætur séu ekki taldar upp í gildandi lögum, ekkert frekar en þóknun og skattar, þá hljóti verðbætur, þóknun og skattar eftir sem áður að teljast til heildarlántökukostnaðar. Það sé a.m.k. ekki nokkur leið að sjá eða álykta að verðbætur falli ekki undir lántökukostnað í gildandi lögum. Ennfremur sé ekki að sjá í g. lið 5. gr. nýrra laga að þar sé á ferðinni grundvallarefnisbreyting sem feli í sér þá meintu nýbreytni að eftirleiðis skuli verðbætur skilgreindar sem hluti lántökukostnaðar. Verðbætur séu í eðli sínu kostnaður fyrir neytandann og hafi ávallt verið það. Þetta mikilvæga atriði sé jafnframt staðfest í álitni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins án þess að í tilskipun 2008/48 sé búið sérstaklega að bæta við verðtryggingu eða verðbótum í upptalningu yfir innifalda kostnaðarliði eða breyta skilgreiningum á þann hátt að skilja megi eldri skilgreiningar á þann hátt að þær undanskilji verðbætur.
83. Í ljósi þess að kærandi virðist gera mikið úr mistúlkun sinni á 12. gr. laga nr. 121/1994 þar sem hann haldi því fram að ekki skuli gera grein fyrir verðbótum í árlegri hlutfallstölu kostnaðar, sé mjög athyglisvert að skoða hvernig þessari lagagrein hafi verið breytt með lögum nr. 33/2013, sbr. 3. mgr. 21. gr. Við samanburð á ákvæði 12. gr. laga nr. 121/1994 og 3. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2013 megi sjá að þótt löggjafinn hafi í hinum nýju lögum bætt við að útreikningur á árlegri hlutfallstölu kostnaðar skuli miðast við ársverðbólgu, breyti hann þó

ekki efnislega orðalaginu „[...] að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt [...]“. Reyndar sé það svo að ákvæði 12. gr. gildandi laga sé tekið upp óbreytt og orðrétt í 3. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2013 og aðeins sé búið að bæta við að lánskostnaður vegna verðlags skuli miðast við ársverðbólgu við upphaf lánstíma. Það blasi því við að orðalagið „*óbreytt verðlag*“ sé ekki í mótsögn við að miða skuli útreikninga við 12 mánaða breytingu á vísitölu neysluverðs. Hins vegar megi sjá á nefndarálitum að löggjafanum hafi verið ljóst að lánveitendur hafi túlkað ákvæði 12. gr. á þann hátt að þeir ættu að miða við 0% verðbólgu allan lánstímamann, en með því að halda þessu ákvæði óbreyttu sé endanlega staðfest að túlkun kvartanda sé rétt, þ.e. að *verðlag* sé hér talið upp sem kostnaðarliður. Í áður nefndu nefndaráliti með breytingartillögu við frumvarp til laga um neytendalán nr. 33/2013 segi um árlega hlutfallstölu kostnaðar:

84. „*Á fundum nefndarinnar voru gerðar athugasemdir við þá breytingartillögu sem meirihlutinn lagði til við 3. mgr. 21. gr. og var samþykkt við 2. umræðu málsins. Tillagan gerir ráð fyrir að við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar skuli miða við ársverðbólgu eins og hún er við töku lánsins samkvæmt nýjustu mælingu Hagstofunnar. Fram kom að orðalag tillögunnar gæti valdið misskilningi af því að í upphafsmálslið málsgreinarinnar er miðað við að í verðtryggðum lánsamningum skuli miða útreikninginn við að verðlag haldist óbreytt. Meirihlutinn leggur til breytingu til að leiðrétta þennan misskilning og til að undirstrika að þegar lánsamningur heimilar verðtryggingu skuli útreikningur árlegrar hlutfallstölu kostnaðar miða við ársverðbólgu samkvæmt tólf mánaða breytingu vísitölu neysluverðs og þá forsendu að ársverðbólga verði óbreytt til loka lánstímans. Í minnisblaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til nefndarinnar frá 6. mars 2013 er talið rétt að taka tillit til verðbólgu við útreikning á heildarlántökukostnaði og árlegri hlutfallstölu kostnaðar og því til stuðnings vísað til svara framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við fyrirspurnum dr. Mariu Elviru Mendez Pinedo.*“

85. Það sé auðvitað mjög til bóta að skýrt sé tekið fram í lögnum að lánveitendur þurfi að taka tillit til verðbólgu í útreikningi sínum á hlutfallstölu. En það verði ekki komist hjá því að álykta að sú skylda hafi ávallt verið fyrir hendi, enda hvergi í sögu laga um neytendalán hægt að benda á neitt ákvæði þar sem verðbætur væru sérstaklega undanskildar frá öðrum lánskostnaði við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar eða heildarlántökukostnaði að frátöldu þessu eina misskilda ákvæði í 12. gr. gildandi laga. Það ætti því að vera nokkuð augljóst að þær breytingar og viðbætur sem hér sé um að ræða geri lögin skýrari og takmarki möguleika lánveitenda á að misskilja tiltekið orðalag. Viðbæturnar feli þó í sér að þar sem lánveitandi sé skyldugur til þess að nota 12 mánaða verðbólguviðmið í stað þess að hafa hugsanlega áður komist upp með að notast eingöngu við eins mánaðar viðmið, sína eigin verðbólguþá eða jafnvel bara verðbólguþá Seðlabankans. Aðalatriðið sé þó að taka þurfi tillit til einhverra verðbólguþá eða jafnvel bara verðbólguþá Seðlabankans. Aðalatriðið sé þó að taka þurfi tillit til einhverra verðbólguþá eða jafnvel bara verðbólguþá Seðlabankans. Aðalatriðið sé þó að taka þurfi tillit til einhverra verðbólguþá eða jafnvel bara verðbólguþá Seðlabankans. Aðalatriðið sé þó að taka þurfi tillit til einhverra verðbólguþá eða jafnvel bara verðbólguþá Seðlabankans.

86. Sú staðreynd að orðalagið sem misskilið var með þeim hætti að lánveitendur hafi ekki tekið tillit til verðbólgu sé ennþá orðrétt áfram til staðar sem undirstriki þá merkingu sem kvartandi hafi áður ítrekað útskýrt sem *kostnaðarlið*, þ.e. að verðlagskostnaðurinn haldist óbreyttur út lánstímamann, enda sé sú merking í fullkomnu samhengi við niðurlag málsgreinarinnar „[...] að

*ársverðbólga verði óbreytt til loka lánstímans [...]“.* Í ljósi þess að fyrri túlkun kæranda sé í algjörrri mótsögn við hina augljósu merkingu sem skýrara samhengi ákvæðis 3. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2013 gefi til kynna sé sjálfsagt að ítreka að sú túlkun sé dauð og hafi heldur ekki átt við í tilfalli 12. gr. laga nr. 121/1994, enda skuli ætla að sú setning sem enn standi óbreytt í 3. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2013 hljóti að hafa sömu merkingu í báðum tilvikum. Misskilningur kæranda sé þó á ábyrgð bankans. Auk þess sé vert að ítreka að kærandi hafi ekki getað í skjóli þessa misskilnings komið sér hjá því að taka tillit til verðbóta við útreikning á heildarlántökukostnaði. Misskilningurinn sé því alfarið á ábyrgð bankans.

87. Að lokum sé vert að benda á að á heimasíðu kæranda sé reiknivél sem gefi lántakendum húsnæðislána kost á að reikna lánakjör sín þar sem þeir geta t.d. borið saman mismunandi kjör á verðtryggðum og óverðtryggðum lánnum. Í báðum tilfellum komi fram útreiknaður heildarlántökukostnaður og árleg hlutfallstala kostnaðar m.t.t. verðbólgu sem notandinn geti slegið inn. Það sé því ljóst að kærandi hafi hér bætt upplýsingaskyldu sína með því að gefa neytendum upp árlega hlutfallstölu kostnaðar sem taki tillit til verðbólgu. Það sé því undarlegt ósamræmi í því að bankinn hafi ástundað það að miða við 0% verðbólgu í útreikningi á heildarlántökukostnaði og árlegri hlutfallstölu kostnaðar við gerð lánsamninga, en bjóði neytendum upp á að fá út allt aðrar tölur miðað við þeirra eigin verðbólguviðmið á heimasíðu sinni. Aðalatriðið sé þó það að með því að láta reiknivél sína reikna árlega hlutfallstölu kostnaðar og heildarlántökukostnað miðað við uppgefna verðbólgu, þá sé bankinn að viðurkenna að verðbólgan eða verðbætur sem séu greiddar vegna hennar sé í raun hluti af lántökukostnaði. Reiknivélin sýni gríðarlegan mun á heildarlántökukostnaði og árlegri hlutfallstölu kostnaðar eftir því hvort verðbólgan sé 0% eða t.d. 5%. Reyndar sýni reiknivélin að verðbólgan sé langstærsti lántökukostnaðarliðurinn. Það sé vissulega ágætt að bankinn skuli á vefsíðu sinni bjóða upp á svo upplýsandi reiknivél. En bankinn ætti þó fyrst og fremst að láta lánsamninga við neytendur innihalda slíkar upplýsingar, eins og lög kveði á um.
88. Í bréfi kvartanda er vakin athygli á afstöðumun kvartanda og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um að verðtrygging teljist til óréttmætra viðskiptahátta. Álitid staðfesti að verðtrygging sem slík sé heimiluð með skilyrðum, eins og áður hafi verið rakið. Þrátt fyrir það standi kvartandi við kröfu sína um að Neytendastofa taki ákvörðun um að verðtrygging skuli teljast til óréttmætra viðskiptahátta, en á öðrum forsendum en framkvæmdastjórnin hafi haft til grundvallar í áliti sínu. Í því felist að kvartandi bendi á að lánveiting viðskiptabanka og sparisjóða sé með þeim hætti að nýju peningamagni sé bætt í umferð sem þannig beinlínis valdi verðbólgu. Viðskiptabankar og sparisjóðir séu því sjálfir að valda verðbólgu sem þeir þó verðtryggi sig fyrir með því að innheimta verðbætur af lántakendum. Það sé ólíðandi að neytendur séu látnir borga kostnað af völdum verðbólgu sem lánveitendur valdi sjálfir með lánastarfsemi sinni. Það sé því lágmarkskrafa að Neytendastofa banni viðskiptabönkum og sparisjóðum alfarið að veita verðtryggð neytendalán. Við mat á því hvort verðtrygging neytendalána skuli í öllum tilfellum teljast til óréttmætra viðskiptahátta beri að horfa til aðstöðumunar lánveitenda og neytenda. Það sé óhugsandi að einstakir neytendur geti haft áhrif á verðbólgu. Það sama eigi hins vegar ekki við um einstaka lánveitendur. Stórir aðilar á fjármálamarkaði geti það, t.d. með breyttri fjárfestingastefnu og breyttum umsvifum á

lánamarkaði. Sérstaklega beri þó að hafa í huga þá aðila á lánamarkaði sem veiti lán með þeirri aðferð að bæta peningamagn í umferð.

89. Ef Neytendastofu þyki ekki augljóst að lánveitendur séu í aðstöðu til þess að valda verðbólgu með því að auka við peningamagn í umferð og a.m.k. tímabundinni verðbólgu, t.d. með stóraukinni útlánastarfsemi, þá sé ástæða til þess að Neytendastofa óski eftir álit frá viðeigandi aðila. Einnig sé við hæfi að óska eftir staðfestum tilfellum þar sem fjármálastofnanir hafi valdið verðbólgu. Ef niðurstaða þess aðila staðfesti að einstakar fjármálastofnanir hafi valdið eða geti mögulega valdið verðbólgu með starfsemi sinni, þá beri að úrskurða að verðtrygging neytendalána skuli teljast til óréttmætra viðskiptahátta í ljósi þess að lánveitendur geti rukkað neytendur um verðbætur vegna verðbólgu sem megi rekja til háttsemi bankanna. Ennfremur beri að líta til þess að verðbólguskot af þessu tagi rýri verðgildi gjaldmiðilsins og þar með kaupmátt neytenda sem ekki geti treyst á skjótar kjara- og kaupmáttarleiðréttingar. Það sé sjálfsagt að gera þá kröfu að þeim lánveitendum sem beinlínis valdi verðbólgu með lánastarfsemi verði bannað að verðtryggja neytendalán. Það ætti þó að koma til skoðunar að jafnvel þótt aðrar lánastofnanir bæti ekki peningamagn í umferð með sinni lánastarfsemi sem valdi verðbólgu sé þó vel mögulegt að þessir aðilar valdi verðbólguveiflum þar sem lánastarfsemi þeirra og önnur fjárfestingastarfsemi geti verið mjög umsvifamikil og tengd lánastarfsemi banka.
90. Það sem veiti þó enn meira tilefni til þess að ákvarða verðtryggingu almennt sem óréttmæta viðskiptahætti séu keðjuverkandi áhrif hennar sem felist í því að hún hafi tilhneigingu til þess að ýta enn frekar undir verðbólgu eða hindra hjöðnun hennar. Bendi kvartandi í þessu sambandi á rannsókn sem unnin hafi verið af Jacky Mallet, doktor í tölvunarfræði. Niðurstöður rannsóknarinnar sýni að það sé ekkert sem bendi til þess að verðtrygging dragi úr eða hamli verðbólgu, heldur þvert á móti hafi hún þau keðjuverkandi áhrif að auka verðbólgu. Rannsóknin gefi enn frekar tilefni til þess að skilgreina verðtryggingu almennt sem óréttmæta viðskiptahætti, enda skaði hún alla neytendur en ekki einungis þá sem séu með verðtryggð lán.
91. Ef Neytendastofa sjái af einhverjum ástæðum ekki tilefni til þess að úrskurða öll form verðtryggingar sem óréttmæta viðskiptahætti út frá áðurgreindum ástæðum, beri þó að kanna hvort verðtrygging þurfi að uppfylla enn strangari skilyrði en nú séu fyrir hendi og þá hvort tiltekin form verðtryggingar verði úrskurðuð sem óréttmætir viðskiptahættir. Neytendastofa ætti auk þess að kanna sérstaklega hvort hún hafi heimild og ástæðu til þess að banna alfarið lánastarfsemi sem byggir á því að auka við peningamagn í umferð sem valdi verðbólgu sem augljóslega sé mjög skaðleg fyrir neytendur almennt. Það hljóti a.m.k. að vera mögulegt fyrir Neytendastofu að banna öll verðbólguvaldandi neytendalán, þ.e. öll neytendalán sem byggir á því að bæta peningamagn í umferð.
92. Í bréfinu er einnig komið að ábendingu til Neytendastofu um að stofnunin skoði nánar lánafyrirkomulag allra banka með það að markmiði að stöðva lánastarfsemi sem stuðli að aukinni verðbólgu. Neytendastofa eigi að taka til alvarlegrar skoðunar hvaða heimildir og leiðir stofnunin hafi til þess að grípa til aðgerða sem gætu dregið úr hættunni á verðbólguvaldandi neytendalán, þ.e. öll neytendalán sem byggir á því að bæta peningamagn í umferð.

ákvörðun um að verðtrygging skuli teljast til óréttmætra viðskiptahátta muni sjálfsagt hafa umtalsverðar afleiðingar og jafnvel valda gríðarlegu uppnámi innan fjármálaheimsins og á vettvangi stjórn mála. Það sé þó ástæða til þess að áréttta að Neytendastofa eigi að fella sínar ákvarðanir út frá þeim lögum sem um hana gilda og heyri undir hennar verksvið, en láti önnur stjórnvöld um það að bregðast með viðeigandi hætti við afleiðingum réttmætra ákvarðana. Ákvörðun Neytendastofu eigi ekki að litast að pólitískum eða sérhagsmunatengdum þrýstingi og treysti kvartandi því að Neytendastofa notist eingöngu við lögin, lögskýringargögn, lagarök, álit og almennt vandaðan málflytning við málsmeðferð.

93. Bréf kvartanda var sent kæranda til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 23. apríl 2013, og honum boðið að koma að athugasemdum sínum við það. Ekkert svar barst frá kæranda. Með bréfi Neytendastofu, dags. 10. maí 2013, var aðilum málsins tilkynnt að gagnaöflun málsins væri lokið og að það yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

### ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

94. Þann 27. febrúar 2014 tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun nr. 8/2014. Var þar komist var að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði brotið gegn ákvæðum 12. gr. laga nr. 121/1994, um neytendalán og 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, með því að taka ekki tillit til verðbóta við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar og setja inn 0% sem verðbótaforsendu við útreikning hlutfallstölunnar og framlagningu upplýsinga við lánveitinguna til Sabrinu Casadei. Þá hefði kærandi brotið gegn 4. tölulið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994, um neytendalán og 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, með því að taka ekki tillit til verðbóta við útreikning á heildarlántökukostnaði. Loks hefði kærandi brotið gegn síðargreinda ákvæðinu og 7. tölulið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994, um neytendalán með því að taka ekki tillit til verðbóta við framsetningu greiðsluáætlunar.
95. Í niðurstöðukafla ákvörðunarinnar er rakið að verðtrygging fjárskuldbindinga hafi verið heimilud hér á landi með lögum nr. 13/1979. Í fyrstu hafi verið heimilað að tengja lán við lánskjaravísitölu en frá árinu 1995 hafi slík lán verið bundin vísitölu neysluverðs. Verðtrygging byggir nú á ákvæðum laga nr. 38/2001. Tilgangur verðtryggingar sé að draga úr neikvæðum áhrifum verðbólgu. Markmið hennar sé að veita lánveitanda tryggingu þannig að hann fái sömu upphæð í raunkrónum, auk umsaminna vaxta. Frá upphafi hafi verið gert ráð fyrir því í framangreindum lögum að Hagstofa Íslands reikni og birti umrædda vísitölu mánaðarlega í Lögbirtingarblaði. Almennt hafi því vextir af slíkum lánum verið lægri en af óverðtryggðum lánum enda feli þetta fyrirkomulag við lánveitingu í sér að lánveitandi fái tryggingu fyrir því að greiðslur og höfuðstóll lánsins fylgi ávallt raunverðspróun á hverjum tíma. Verðtrygging sé því í eðli sínu bæði kostnaður og vextir sem lánþegi greiði á lánstímanum. Þegar lög nr. 121/1994 um neytendalán hafi verið lögfest hér á landi hafi gilt ákvæði vaxtalaga nr. 25/1987 svo og ákvæði áðurgreindra laga frá 1979 sem leggi grundvöll að lögmati verðtryggðra fjárskuldbindinga. Til þess að undanskilja slíkar upplýsingar og takmarka upplýsingagjöf til neytenda hefði því þurft að kveða sérstaklega á um það í lögum nr. 121/1994 um neytendalán að mati Neytendastofu. Svo hafi ekki verið gert.

96. Neytendastofa telji að hvorki af lögum nr. 121/1994 um neytendalán, tilskipunum ESB, sem sé grundvöllur að framangreindum lögum, og reglum settum samkvæmt þeim, sé unnt að álykta sem svo að lánveitanda hafi verið rétt að færa inn tölu sem væri 0% við gerð greiðsluáætlunar fyrir verðtryggð lán. Þá verði ekki séð að neinar sérreglur, ákvörðun lögmætra stjórnvalda eða lögskýringargögn bendi til þess að það hafi verið vilji löggjafans að undanskilja þetta atriði við upplýsingagjöf til neytenda. Ljóst sé að ítarlegar reglur hafi gilt um verðtryggingu fjárskuldbindinga allt frá árinu 1979 og áhrif þeirra á neytendalán því orðin vel þekkt þegar lög um neytendalán voru samþykkt á Alþingi árið 1994. Tilskipun 87/102/EBE, með síðari breytingum, hafi haft í för með sér að hér á landi hafi verið kveðið á um ítarlega upplýsingaskyldu lánveitanda til neytenda þegar veitt séu neytendalán. Það hafi því alfarið verið í höndum og á ábyrgð löggjafans að veita skýra undanþágu frá upplýsingaskyldu að þessu leyti ef það hefði verið talið nauðsynlegt. Það hafi á hinn bóginn ekki verið gert og þvert á móti megi ráða af greinargerð með frumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 121/1994 um neytendalán að tilgangur laganna hafi verið að innleiða að fullu og án undanþágu ákvæði tilskipunarinnar.
97. Í hinni kærðu ákvörðun kemur og fram að Neytendastofa telji lánveitanda sérfróðan aðila sem hafi þekkt vel verðbólgu og áhrif hennar á vaxtakjör og endurgreiðslu verðtryggðra lána. Hann hafi árið 2005, þegar lán þetta var veitt, haft mikla reynslu af fyrirkomulagi verðtryggðra lánskuldbindinga og yfirburða þekkingu á hvaða áhrif þær hefðu þegar neytendum væru kynnt mismunandi lánaform og greiðslubyrði lántakenda eftir því hvort valið væri verðtryggt eða óverðtryggt lánsform. Hafi það verið álit kæranda frá gildistöku laga um neytendalán að það væri almennur ómöguleiki að geta um gildandi verðbólguþing við gerð greiðsluáætlunar hefði verið rík ástæða til þess að óska eftir skýrri undanþágu frá lögunum að þessu leyti. Það hafi hins vegar ekki verið gert og ekki verði séð með hvaða hætti eigi að túlka gildandi tilskipanir sem og lög og reglugerðir sem innleiða þær með þeim hætti sem kærandi geri. Af þeirri ástæðu hafi kæranda verið skylt að færa inn áætlaðar verðbætur við gerð greiðsluáætlunar. Í reiknivélum fjármálafyrirtækja sé einnig gert ráð fyrir þessum lið þegar neytendur reikni sjálfir út árlega hlutfallstölu kostnaðar. Með því að færa inn 0% fyrir þennan kostnaðarþátt við útreikninga sína hafi kærandi ekki uppfyllt upplýsingaskyldu sína og þannig brotið gegn lögum nr. 121/1994 um upplýsingagjöf til neytanda við gerð greiðsluáætlunar.
98. Í hinni kærðu ákvörðun er tekið fram að hafa verði í huga að þegar lög nr. 121/1994 um neytendalán voru lögfest hafi verið í gildi ákvæði vaxtalaga nr. 25/1987 svo og lög nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o.fl. og með þeim lögum hafi verðtrygging fjárskuldbindinga verið lögleyfð hér á landi, þ.m.t. í lánsamningum til neytenda. Núgildandi lög um vexti og verðtryggingu séu lög nr. 38/2001 og þar sé engin takmörkun gerð á verðtryggingu lánsamninga til neytenda. Verðtrygging á lánsamningum til neytenda hafi því verið þekkt hér á landi og leyfð með lögum allt frá árinu 1979. Af framangreindu sé því ljóst að sem slík sé verðtrygging í samningum við neytendur um lánsfé ekki andstæð lögum. Viðskiptahættir, s.s. lánveitingar til neytenda, verði þó ávallt á hverjum tíma að taka fullt tillit til almennra réttareglna sem gilda um viðskiptahætti hér á landi svo og ákvæði sérлага sem kunna að setja sérstakar skorður að þessu leyti vegna neytendaverndar. Viðskiptahættir þar sem lán til neytenda séu bundin vísitölu neysluverðs séu lögleg á Íslandi. Af framangreindum ástæðum

geti því Neytendastofa ekki fallist á að verðtrygging lánessamninga til neytenda sem slík feli í sér brot á lögum nr. 57/2005 með síðari breytingum.

99. Í niðurstöðukafla ákvörðunarinnar kemur síðan fram að árlegri hlutfallstölu kostnaðar sé ætlað að auðvelda neytendum að meta hve mikill kostnaður fylgi mismunandi lánnum og bera saman mismunandi lánstilboð áður en tekin er ákvörðun um lántöku. Í 10. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán segi að árleg hlutfallstala kostnaðar sé það vaxtaígildi sem jafni núvirðið af greiðsluskuldbindingum lánveitanda annars vegar og neytanda hins vegar samkvæmt lánessamningi þeirra. Árlegri hlutfallstölu kostnaðar skuli lýst sem árlegri prósentu af upphæð höfuðstóls lánsins. Þannig lýsi árleg hlutfallstala kostnaðar heildarlántökukostnaði lánessamnings, þ.e. öllum kostnaði af láninu, og sé hún gefin upp sem árleg prósentu af upphæð lánsins. Í lögnum segi enn fremur að árleg hlutfallstala kostnaðar skuli reiknuð út á þeim tíma sem lánessamningur sé gerður og skuli við útreikning ganga út frá því að lánessamningur gildi umsaminn tíma og að neytandi standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.
100. Þá er rakið að samkvæmt 12. gr. laga nr. 121/1994 skuli við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar miða við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld haldist óbreytt til loka lánstímabilsins, ef um er að ræða lánessamning sem heimilar verðtryggingu eða breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum. Í lögnum eða lögskýringargögnum sé ekki um það fjallað með hvaða hætti tekið skuli tillit til verðbóta í útreikningi á hlutfallstölunni, heildarlántökukostnaði eða í greiðsluáætlun. Tilskipanir 87/102/EBE og 90/88/EBE, sem innleiddar hafi verið hér á landi með lögum nr. 121/1994, banni ekki verðtryggingu neytendalána en ákvæði þeirra fjalli þó ekki sérstaklega um verðtryggingu. Því sé þar hvorki að finna upplýsingar um það með hvaða hætti skuli tekið tillit til verðbóta við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar eða heildarlántökukostnaði né hvernig gera skuli grein fyrir henni í greiðsluáætlun. Verðtrygging fjárskuldbindinga á lánnum hafi á hinn bóginn verið lögleidd á Íslandi árið 1979 og leyfð að lögum allt frá þeim tíma. Verðtrygging hafi því verið vel þekkt þegar lög nr. 121/1994 um neytendalán voru samþykkt á Alþingi sem og síðari breytingar á lögnum. Auk þess hafi þá eins og nú verið alþekkt að vextir gætu tekið breytingum á lánstíma. Í lögum og tilskipunum um neytendalán sé kveðið á um að undir þeim kringumstæðum verði lánveitandi að kveða skýrt á um við hvaða aðstæður vextir, gjöld eða annar kostnaður geti tekið breytingum á lánstímanum.
101. Í ákvörðuninni er síðan rakið að Sabrina Casadei haldi því fram að kærandi hafi átt að taka mið af verðbólgu eins og hún var við gerð samningsins eða t.d. verðbólguhorfum samkvæmt spá Seðlabanka Íslands. Með vísan til 21. gr. nýrra laga nr. 33/2013 um neytendalán hafi hún einnig bent á að þegar gera skuli ráð fyrir áframhaldandi sömu verðbólgu eigi að miða við ársverðbólgu síðustu 12 mánaða. Ákvæði laga nr. 33/2013 um neytendalán og tilskipunar nr. 2008/48/EB um sama efni geti samkvæmt lögskýringarreglum ekki komið til túlkunar eða fyllingar á ákvæðum laga nr. 121/1994 enda verði túlkun á lögnum ekki byggð á síðar tilkomnum lögum eða tilskipunum. Þá hafi orðalagi ákvæðis 21. gr. laga nr. 33/2013 verið breytt frá orðalagi 12. gr. laga nr. 121/1994 og því verði ákvæði 21. gr. laga nr. 33/2013 eða umfjöllun í greinargerð með ákvæðinu ekki beitt til túlkunar á því hvað teljist óbreytt verðlag

skv. 12. gr. laga nr. 121/1994. Þegar litið sé til orðlags 6., 7. og 12. gr. laga nr. 121/1994, sem og þess megintilgangs laganna að neytendum séu veittar allar nauðsynlegar upplýsingar um kostnað við samninginn, telji Neytendastofa ljóst að það hafi ekki verið vilji löggjafans að upplýsingum um verðbólgu eða verðtryggingu væri haldið utan upplýsingagjafarinnar. Þó skorti viðhlítandi eða nákvæmar upplýsingar í lögnum um það hvernig verðbólga skuli fram sett í útreikningum á árlegri hlutfallstölu kostnaðar og heildarlántökukostnaði.

102.Úr þessum annmörkum hafi verið bætt fyrir lánssamninga sem gerðir séu við neytendur eftir gildistöku laga nr. 33/2013 með ákvæði 21. gr. þeirra, þar sem kveðið sé á um að miða skuli við ársverðbólgu samkvæmt vísitölu neysluverðs í þeim mánuði sem samningurinn var gerður. Orðalag laga nr. 121/1994 verði ekki túlkað eftir ákvæðum laga nr. 33/2013. Ljóst sé þó að megintilgangur laga nr. 121/1994 og tilskipunar nr. 87/102/EBE, með síðari breytingum, hafi verið að tryggja neytendum upplýsingar varðandi öll atriði er varði lántökuna með sama hætti og ný tilskipun nr. 2008/48/EB kveði á um. Í eldri tilskipunum sem og núverandi tilskipun sem hafi verið lögleidd séu allar grunnreglur EB réttarins um útreikning á heildarlántökukostnaði og hvernig birta eigi upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar hinar sömu.

103.Þá geti Neytendastofa ekki fallist á að orðalag 12. gr. áðurgildandi laga nr. 121/1994, um að miða skuli við óbreytt verðlag, leiði ótvírætt af sér að taka eigi mið af ársverðbólgu síðastliðinna 12 mánaða fyrir samningsgerð. Að sama skapi telji stofnunin það ekki samræmast orðalagi ákvæðisins að ótvírætt hafi átt að taka mið af verðbólguþá Seðlabanka Íslands. Hins vegar sé ótvírætt að orðalag 12. gr. undanþiggi ekki lánveitanda frá því að upplýsa um og reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar á þeirri forsendu að „vextir og annar kostnaður verði óbreyttur til loka lánstímabilsins“. Lögskýringargögn sem og ákvæði tilskipunar 87/102/EBE með síðari breytingum styðji einnig þá niðurstöðu. Taka verði afstöðu til þess með hvaða hætti lánveitanda hafi verið skylt að uppfylla umrædda upplýsingaskyldu þegar lánveiting fór fram. Í því sambandi telji Neytendastofa rétt að líta til þess að Hagstofa Íslands hafi gefið út vísitölu neysluverðs fyrir hvern mánuð allt frá upphafi þess að verðtrygging lánsskuldbindinga hafi verið lögleyfð á Íslandi. Neytendastofa telji miðað við orðalag 12. gr. laga nr. 121/1994 að taka eigi mið af vísitölu þess mánaðar þegar lánveitandi leggi fram upplýsingar til neytanda í samræmi við ákvæði laganna. Í tilviki þessa samnings hafi hún verið 0,2%. Verðbótaþáttur verðtryggingar teljist að mati Neytendastofu bæði vextir og kostnaður. Neytendastofa telji rétt að túlka ákvæði 12. gr. laga nr. 121/1994 þannig að verðbóta hefði a.m.k. átt að geta eins og um kostnað væri að ræða miðað við punktstöðu þess mánaðar, þ.e. 0,2%.

104.Framangreind niðurstaða sé jafnframt að mati stofnunarinnar í samræmi við meðalhófsreglu stjórnisýslulaga og taki tillit til hagsmuna beggja aðila vegna óskýrleika laganna. Þessa hlutfallstölu (prósentu) hafi lánveitanda borið að færa inn í útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar, auk gildandi ársvaxta á lántökudegi, svo og annan kostnað sem ekki sé sérstaklega undanskilinn í lögum nr. 121/1994 um neytendalán. Þess megi hins vegar geta að unnt sé að sjá nú að hækkun vísitölu ársins 2005 var alls 4,4% sem í reynd hefði gefið hærri niðurstöðu í þessu tiltekna tilviki hefði hún legið fyrir á lántökudegi á fyrri hluta ársins 2005. Í þeim

tilvikum sem mánaðarleg punktstaða á árinu 2005 væri hærrí hefði upplýsingagjöfin orðið nákvæmari en þegar tekið er mið af mánuði þar sem punktstaða var óvenju lág. Það sé eðli jafnt vaxta og verðbólgu að vera breytileg frá einu tímamarki til þess næsta og gert ráð fyrir að svo sé í lögum og tilskipunum um neytendalán. Þetta breyti þó ekki á neinn hátt skyldu lánveitanda til að upplýsa um þann væntanlega kostnað sem fylgi láni vegna vísitölubindingar.

105.Í ákvörðuninni segir síðan að kærandi hafi brotið gegn 12. gr. laga nr. 121/1994 með því að setja inn 0% við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar við upplýsingagjöf til neytanda samkvæmt ákvæðum laganna. Upplýsingar um áætlaða vexti og verðbólgu á ársgrundvelli hafi kæranda borið að upplýsa um samkvæmt ákvæðum laga nr. 121/1994 um neytendalán. Þá er rakið að Sabrina Casadei hafi byggt á því að í lögnum sé ekki að finna heimild til hækkunar á árlegri hlutfallstölu kostnaðar á samningstímanum auk þess sem í lánssamningi skuli felast yfirlýsing um það við hvaða aðstæður breyta megi árlegri hlutfallstölu kostnaðar samkvæmt b. lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar nr. 87/102/EBE. Að þessu tilefni er í ákvörðun Neytendastofu rakið að ákvæði 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 geri ráð fyrir að vextir, verðbætur og annar kostnaður geti tekið breytingum. Auk þess sem orðalag 1. mgr. 12. gr. geri ráð fyrir að árleg hlutfallstala kostnaðar geti tekið breytingum. Tilskipun 87/102/EBE geri ráð fyrir hinu sama, sbr. ákvæði b. liðar 2. mgr. 4. gr., sem Sabrina hafi vísað til. Við þær aðstæður þurfi í lánssamningi að gera skýrlega grein fyrir því að kostnaðarforsendur séu breytilegar, hvernig og við hvaða aðstæður þær geti breyst. Í tilviki breytilegra vaxta skuli því koma fram að vextir geti breyst, með hvaða hætti og við hvaða aðstæður þeir breytist auk þess að tilgreina þá vexti sem í gildi séu við samningsgerðina. Þegar um verðtryggðan samning sé að ræða verði allar forsendur að koma fram í skilmálum, þ.e. að samningurinn sé verðtryggður, hvaða vísitölu miðað sé við og hver grunnvísitala samningsins sé.

106.Að teknu tilliti til þessa telji Neytendastofa það ekki hafa verið vilja löggjafans að lánveitanda væri óheimilt að krefjast breytilegs kostnaðar af láninu. Slíkt bann væri einnig í andstöðu við ákvæði tilskipunar 87/102/EBE sem geri ráð fyrir að neytendalán geti borið breytilega vexti eða breytilegan lánskostnað, að uppfylltum skilyrðum um upplýsingagjöf til neytenda. Í þeim samningi sem málið varði sé kveðið á um að samningurinn sé verðtryggður og að breyting á vísitölu neysluverðs komi til með að hafa áhrif á endurgreiðslu lánsins, auk þess sem grunnvísitala hans sé tilgreind. Auk þess séu upplýsingar í skilmálum samningsins um breytingar á vöxtum. Neytendastofa telji að tilvísun til grunnvísitölu í lánssamningi með viðeigandi tölustöfum sé afar einföld leið og lítt gagnsæ fyrir neytendur. Á það beri þó að líta að verðtrygging lánsskuldbindinga hafi þekkt hér á landi allt frá árinu 1979 og löng viðskiptavenja fyrir því að færa inn grunnvísitölu, tilgreina að um „verðtryggt“ lán sé að ræða og almennt vísað til lagaheimildar um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Neytendastofa telji því með hliðsjón af framangreindu og eins og atvikum sé háttað í máli þessu að kærandi hafi ekki brotið gegn 2. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 að því er verðtryggingarákvæði samningsins varðar.

107.Í ákvörðuninni er næst rakið að Sabrina Casadei hafi bent á að jafnvel þótt til greina komi að kæranda hafi verið heimilt að uppfæra árlega hlutfallstölu kostnaðar hljóti bankanum að hafa

verið skylt að birta uppfærða árlega hlutfallstölu kostnaðar, t.d. með hverjum greiðsluseðli. Neytendastofa bendi á í þessu samhengi að árleg hlutfallstala kostnaðar skuli reiknuð út á þeim tíma sem samningur sé gerður, skv. 11. gr. laganna, og komi ákvæði laganna ekki í veg fyrir að kostnaðarliðir sem að baki árlegri hlutfallstölu kostnaðar standa geti tekið breytingum. Þá leggi lögin ekki þá skyldu á lánveitanda að reikna árlega hlutfallstölu kostnaðar að nýju þó kostnaðarforsendur hennar breytist eða tilkynna neytandanum breytta árlega hlutfallstölu kostnaðar. Í þessu samhengi er ítrekað að árlegri hlutfallstölu kostnaðar er ætlað að auðvelda neytendum að meta kostnað við lán og bera saman mismunandi lánstilboð áður en tekin sé ákvörðun um lántöku í upphafi samningsambands neytenda og lánveitanda.

108. Þá er rakið að samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 skuli í lánssamningi tilgreina heildarlántökukostnað sem reiknaður sé út samkvæmt 7. gr. laganna auk þess sem gefa skuli upplýsingar um fjölda einstakra greiðslna, fjárhæð þeirra og gjalddaga, þ.e. greiðsluáætlun, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. sömu laga. Í kvörtun sé réttilega bent á að í 2. mgr. 7. gr. séu taldir upp kostnaðarliðir sem ekki skuli taka tillit til við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar og þar séu verðbætur ekki tilgreindar. Í 7. gr. sé engar leiðbeiningar að finna um hvernig tekið skuli tillit til verðbóta við útreikning á heildarlántökukostnaði. Þá sé ekki í 4. tölul. 1. mgr. 6. gr., eða öðru ákvæði laganna, að finna skýringar eða leiðbeiningar um hvernig verðbætur skuli tilgreindar eða hvernig skuli taka tillit til þeirra í greiðsluáætlun. Í 12. gr. sé tilgreint að gera skuli ráð fyrir óbreyttu verðlagi við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar í þeim lánssamningnum sem heimili verðtryggingu. Neytendastofa telji að beita verði sömu aðferðum við útreikning á heildarlántökukostnaði og gerð greiðsluáætlunar eins og við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, þ.e. að taka mið af mánaðarlegri breytingu vísitölu neysluverðs þegar samningur sé gerður. Kærandi hafi því brotið gegn ákvæðum 4. og 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 með því að gera ekki ráð fyrir kostnaði vegna verðbóta við útreikning á heildarlántökukostnaði og við gerð greiðsluáætlunar.

109. Þá er rakið að lánveitanda sé óheimilt að krefjast greiðslu hærrí lánökukostnaðar en tilgreindur sé í samningi. Sé árleg hlutfallstala of lágt reiknuð sé lánveitanda óheimilt að krefjast greiðslu kostnaðar sem gæfi hærrí árlega hlutfallstölu kostnaðar, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 121/1994. Bannið eigi þó ekki við ef lánveitandi geti sannað að neytanda hefði mátt vera ljóst hver lánökukostnaðurinn átti að vera. Eins og að fram sé komið telji Neytendastofa að kærandi hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 121/1994 við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar og heildarlánökukostnaðar og við framsetningu greiðsluáætlunar þar sem ekki hafi verið tekið tillit til breytingar á vísitölu neysluverðs eins og hún stóð í þeim mánuði sem samningurinn var gerður, sem í þessi tilfelli hafi verið 0,2%. Á það beri þó að líta að í skilmálum samningsins komi fram allar forsendur verðtryggingarinnar og hver grunnvísitala samningsins sé.

110. Eftirlit Neytendastofu með ákvæðum laga nr. 121/1994 sé allsherjarréttarlegs eðlis og leysi stofnunin ekki úr einkaréttarlegum ágreiningi, s.s. um uppgjör á kröfum eða skuldbindingum aðila. Það falli því utan valdsviðs Neytendastofu að taka ákvörðun er varði einkaréttarlegt uppgjör milli kvartanda og kæranda vegna innheimtu verðbóta af umræddum samningi vegna annmarka við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar og heildarlánökukostnaðar og við

framsetningu greiðsluáætlunar. Aðilar málsins verði þar af leiðandi að semja um það sín í milli, leggja málið fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki eða fá leyst úr þeim ágreiningi fyrir dómstólum. Þá telji stofnunin ekki unnt að leggja bann við því að árleg hlutfallstala kostnaðar og heildarlántökukostnaður verði reiknuð út með þeim hætti sem verið hefur eða greiðsluáætlun sett fram með sama hætti enda hafi lög nr. 121/1994 verið felld úr gildi og ljóst að kærandi sé ekki að veita ný lán á grundvelli þeirra laga. Að lokum er tekið fram að Neytendastofa telji að ekki skipti máli hvort kærandi reikni verðbætur á höfuðstól lánsins í stað einstaka greiðslna þess, sbr. ákvæði laga nr. 38/2001. Sú niðurstaða byggir á því að hvor leiðin sem notuð sé leiði til sömu niðurstöðu og styðjist einnig við álit Seðlabanka Íslands.

111. Þá er í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar rakið að kvartandi geri kröfu um að kæranda verði bannað að breyta vöxtum lánsins þar sem í hægri haus skuldabréfsins segi: „*FASTIR VEXTIR*“. Í ákvörðuninni kemur að þessu leyti fram að eins og bent hafi verið á af hálfu kæranda sé heiti skjalsins: „*VEÐSKULDABRÉF*“ og undirtitill þess: „*JAFNGREIÐSLULÁN (ANNUITET) BUNDIÐ VÍSITÖLU NEYSLUVERÐS MEÐ VAXTA- ENDURSKOÐUNARÁKVÆÐI*“. Þá sé í 5. lið skilmála bréfsins fjallað um vaxtaendurskoðun. Að mati Neytendastofu sé mikilvægt að lánveitendur vandi til skjalagerðar við gerð lánessamninga til neytenda. Í málinu hafi verið bent á að í veðskuldabréfinu sem málið lúti að sé tilgreint að um sé að ræða fasta vexti en nánari ákvæði og skilmálar sýni að svo sé þó ekki. Þegar litið sé heildstætt til þeirra upplýsinga sem fram komi á veðskuldabréfinu geti Neytendastofa ekki fallist á að tilgreining þess að vextir séu fastir í hægri haus bréfsins leiði til þess að kærandi geti ekki stuðst við vaxtaendurskoðunarákvæði í samræmi við nánari skilmála veðskuldabréfsins. Bæði í undirtitli bréfsins sem og í skilmálum þess sé gerð grein fyrir að bankanum sé heimilt að endurskoða vexti lánsins á fimm ára fresti.

112. Í ákvörðuninni er næst vikið að kröfu Sabrinu Casadei um að Neytendastofa taki ákvörðun um að verðtrygging neytendalána teljist til óréttmætra viðskiptahátta enda sé afar óréttmætt að lánveitandi innheimti verðbætur þegar hann geti, í vissum aðstæðum, verið valdur að aukinni verðbólgu. Í lögum nr. 57/2005 séu sett ákveðin viðmið við það hvað geri það að verkum að viðskiptahættir teljist óréttmætir. Þá sé í reglugerð nr. 160/2009 að finna lista yfir þá viðskiptahætti sem teljist undir öllum kringumstæðum óréttmætir og þar með bannaðir. Verðtrygging neytendalána sé ekki talin upp með viðskiptaháttum sem undir öllum kringumstæðum teljast óréttmætir í reglugerð nr. 160/2009 og geti Neytendastofa því ekki kveðið á um að verðtrygging sem slík og ótengt tiltekinni lánveitingu teljist undir öllum kringumstæðum óréttmætir viðskiptahættir. Þvert á móti sé samkvæmt lögum nr. 38/2001 heimilt að veita neytendum verðtryggt lán. Stofnunin geti hins vegar metið hvort verðtrygging einstakra lánveitinga sé með þeim hætti að brotið hafi verið gegn góðum viðskiptaháttum. Verði þá að meta aðstæður og upplýsingagjöf í hverju tilviki fyrir sig. Umræddur samningur, sem og skuldskeyting hans þegar Sabrina var gerð að nýjum skuldara, hafi verið gerð í gildistíð laga nr. 57/2005 eins og þau stóðu við samningsgerð og skuldskeytingu, þ.e. fyrir gildistöku breytingalaga nr. 50/2008. Við mat á því hvort í umræddu tilviki sé um óréttmæta viðskiptahætti að ræða verði því að taka ákvörðun út frá þeim lögum. Í lánessamningnum komi fram að um verðtryggðan samning sé að ræða og að skuldin breytist í samræmi við breytingu

á vísitölu neysluverðs, auk þess sem grunnvísitala samningsins sé tilgreind. Sabrinu hafi á hinn bóginn ekki verið veittar réttar upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar, heildarlántökukostnað eða einstaka greiðslur. Slíkt telji Neytendastofa óhæfilegt gagnvart kvartanda og í andstöðu við 5. gr. laga nr. 57/2005, eins og það stóð fyrir gildistöku breytingalaga nr. 50/2008.

113. Í ákvörðuninni er síðan vikið að ósk Sabrinu um það hvort opinbert eftirlit sé með ákvæði 36. gr. a.-d. laga nr. 7/1936 með það fyrir augum hvort ákvæði 2. mgr. 36. gr. b. laga nr. 7/1936 sé ekki virkt og að ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 36. gr. b. sömu laga sé virkt. Að mati Neytendastofu sé með erindinu leitast eftir upplýsingum um hvort neytendur geti nýtt sjálfstæðan rétt sinn fyrir dómstólum um að skilmála staðlaðra samninga skuli túlka neytendum í hag. Í lögskýringargögnum með 36. gr. b. laga nr. 7/1936 sé til þess vísað að samkeppnisyfirvöldum sem á þeim tíma fóru með eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum sem nú er á verk- og valdsviði Neytendastofu, auk dómstóla, sé ætlað að tryggja framkvæmd ákvæða 36. gr. a.-d. sem séu allsherjarréttarlegs eðlis. Ákvæði þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993 um óréttmæta viðskiptahætti og eftirlit með þeim hafi verið felld úr gildi og efnislega færð yfir í ný lög nr. 57/2005, eins og þau voru fyrir gildistöku breytingarlaga nr. 50/2008. Það hafi verið mat Neytendastofu að með hliðsjón af lagaskilreglum væri henni falið þetta eftirlit með ákvæðum 36. gr. a.-d. laga nr. 7/1936. Á þá niðurstöðu Neytendastofu hafi áfrýjunarnefnd neytendamála ekki fallist, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 15/2009. Nauðsynlegt sé því með breytingu á lögum nr. 57/2005 að endurinnleiða umrætt ákvæði tilskipunar 93/13/EBE og fela Neytendastofu eftirlit með ákvæðum 36. gr. a.-d. laga nr. 7/1936. Neytendastofa bendi þó jafnframt á að þrátt fyrir að í tilskipuninni sé mælt fyrir um eftirlit að allsherjarrétti, sbr. orðalag lögskýringargagna, þá sé ekki á neinn hátt komið í veg fyrir að neytendur geti borið fyrir sig í einstökum málum 2. málslíð 1. mgr. 36. gr. b. laga nr. 7/1936, um að ákvæði staðlaðra samningsskilmála skuli túlkað neytendum í hag.

114. Loks er rakið í ákvörðuninni að Sabrina hafi bent Neytendastofu á að stofnunin ætti að skoða nánar lánafyrirkomulag allra banka með það að markmiði að stöðva lánastarfsemi sem stuðli að aukinni verðbólgu. Í ákvörðuninni kemur fram að Neytendastofa telji ekki forsendur til að taka ábendinguna til meðferðar í málinu. Muni stofnunin því taka ábendinguna til skoðunar á eigin forsendum og eftir atvikum hefja eigið frumkvæðismál til slíkrar skoðunar, telji hún ástæðu til eftir forskoðun málsins.

## **RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU OG SABRINU CASADEI**

115. Í kæru, dags. 26. mars 2014, kemur fram að kærandi telji þá lánveitingu og síðan skuldskeytingu sem málið lúti að öllu leyti í samræmi við lög og reglur. Því sé nauðsynlegt að skjóta ákvörðun Neytendastofu til áfrýjunarnefndarinnar og gera þá kröfu að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Í kærinni er í fyrsta lagi vikið að verðtryggingu og lögmæti hennar. Fjallað er um þau rök sem búa að baki verðtryggingu lánsfjár og sögu hennar hér á landi. Ljóst sé að ákvæði sem heimili verðtryggingu hafi verið í íslenskum lögum í meira en 30 ár. Þá sé einnig ljóst að í mars 2005, þegar skuldabréfið sem málið lúti að var gefið út og í

febrúar 2006 þegar skuldskeyting fór fram, hafi verið skýr heimild í lögum fyrir því að binda lánsfé við vísitölu neysluverðs. Áhrif vísitölubindingar hafi verið vel þekkt.

116.Í öðru lagi er í kærinni vikið að upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum nr. 121/1994 og upplýsingagjöf kæranda. Er því vísað á bug að upplýsingagjöf við útgáfu og skuldskeytingu hins umdeilda veðskuldabréfs hafi ekki verið í samræmi við ákvæði laga um neytendalán nr. 121/1994. Þvert á móti telji kærandi að ákvæða laganna hafi verið gætt í hvívetna. Er efni 6. 7. 9. 10., 11. og 12. gr. laganna auk efnis veðskuldabréfsins rakið í þessu samhengi. Kærandi hafnar því að samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 sé gerð sú krafa að fjárhæð verðbótaþáttar vísitölubundins láns vegna framtíðarverðbóta eigi að liggja fyrir og koma fram í lánssamningi eða sem upplýsingar við gerð lánssamnings. Verðbætur vegna breytinga á verðlagi frá gildistöku samnings til loka samningstímabils, sem eðli málsins samkvæmt séu óþekktar og óvissar og því ekki mælanleg stærð, geti því aldrei talist hluti af fyrirfram útreiknuðum heildarlántökukostnaði í skilningi 1. mgr. 7. gr. laganna eða komið fram sem mælanlegur kostnaðarþáttur til hækkunar við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar frekar en önnur breytileg lánakjör.

117.Í 12. gr. laga nr. 121/1994 sé tekið af skarið um að slíkur óviss breytilegur kostnaður sé ekki hluti af upplýsingagjöf sem varði árlega hlutfallstölu kostnaðar við samningsgerð, enda segi í ákvæðinu að ef lánssamningur heimili verðtryggingu eða breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum sem teljist hluti árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, en ekki sé unnt að meta á þeim tíma sem útreikningur sé gerður, skuli reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstíma. Ljóst sé af ákvæðum 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 að ekki sé gerð krafa um útreikning fjárhæða eða hlutfallstölu við gerð lánssamnings er skuldbundið gæti kröfuhafa að lögum sé um að ræða breytileg lánskjör. Í 2. mgr. 6. gr. sé þannig glögglega tekið fram að ef breyta megi lánskostnaði, afborgunum eða öðrum atriðum lánskjara skuli lánveitandi greina neytanda frá því við hvaða aðstæður breytingar geti orðið. Sé ekki unnt að reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar skuli lánveitandi þess í stað skýra neytanda frá því hverjir vextir séu, hvaða gjöld falli á lánið og við hvaða aðstæður breytingar geti orðið. Þá segi í 9. gr. laganna að þó í þeim sé kveðið á um að neytandi skuli fá upplýsingar um vexti eða fjárhæðir þar sem vextir séu meðtaldir, sbr. 6. gr., komi það ekki í veg fyrir að aðilar geti samið um að vextir séu að nokkru eða öllu leyti breytilegir. Skuli þá greint frá vöxtum eins og þeir séu á þeim tíma sem upplýsingar séu gefnar, tilgreint með hvaða hætti vextirnir séu breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytist.

118.Í kærinni kemur síðan fram að kærandi hafi veitt lántaka allar þær upplýsingar við töku lánsins sem lánveitanda bar að veita samkvæmt lögum. Þannig sé þar tilgreindur höfuðstóll, vextir, fjöldi greiðslna, lengd lánssamnings auk skilyrða fyrir uppsögn hans og heimild til að greiða fyrir lokagjalddaga. Upplýsingar um önnur atriði, sem lögin kveði á um að skuli upplýsa um, hafi komið fram í greiðsluáætlun, sem sé fylgiskjal með skuldabréfinu. Þar komi fram fjárhæð útborgunar, þ.e. höfuðstóll að frádregnum lánskostnaði, heildarlántökukostnaður í krónum, árleg hlutfallstala kostnaðar, heildarupphæð til greiðslu og upplýsingar um fjölda afborgana, fjárhæð þeirra og gjalddaga. Einnig komi skýrlega fram, bæði í veðskuldabréfinu

og greiðsluáætlun, að lánið sé bundið vísitölu neysluverðs og breytist í samræmi við breytingar á vísitölu frá grunnvísitölu.

119. Þá er bent á að veðskuldabréfið sé jafngreiðslulán sem feli í sér að greiðslubyrði lánsins á hverjum gjalddaga, þ.e. samanlögð fjárhæð vaxta og afborgana, sé alltaf sama fjárhæðin allan lánstímann, sé verðlag stöðugt. Þetta byggir á því að reikniregla jafngreiðsluláns geri ráð fyrir því miðað við stöðugt verðlag, að lántakandi greiði alltaf sömu fjárhæð til lánveitanda hverju sinni. Samsetning greiðslunnar á milli afborgana og vaxta breytist hins vegar. Í fyrstu vegi vaxtagreiðslur þyngst en afborganir af höfuðstól lítið en smám saman eftir því sem líði á lánstímann og höfuðstól lánsins minnki dragi úr vægi vaxtagreiðslna en vægi afborgana af höfuðstól vaxi. Í greiðsluáætlun komi fram að mánaðarlegar greiðslur nemi 49.778 krónum miðað við þágildandi vísitölu og vexti. Hafi sú fjárhæð fyllilega staðist miðað við þær forsendur. Það komi hins vegar skýrt fram í 1. tölulíð í meginmáli skuldabréfsins að skuldin endurgreiðist með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana „að viðbættum verðbótum á hverja greiðslu samkvæmt vísitölu neysluverðs“. Fyrir liggir staðfesting lántaka á því að hún hafi kynnt sér skilmála bréfsins við skuldskeytinguna og hlyti hún því að hafa gert sér grein fyrir því að lánið og þar með einstakar greiðslur myndu hækka samhliða vísitölu neysluverðs. Þá beri að hafa í huga að um sé að ræða skuldabréf og þar með viðskiptabréf en samkvæmt þeim meginreglum sem gildi um viðskiptabréf sé viðskiptabréfið þess efnis sem það hljóði um.

120. Því er næst mótmælt að bankinn hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 121/1994 með því að taka ekki tillit til verðbóta við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar og setja inn 0% sem verðbótaforsendu við útreikning hlutfallstölunnar og framlagningu upplýsinga við lánveitinguna. Telur bankinn rökstuðning Neytendastofu ekki standast, enda hafi upplýsingagjöf bankans verið í samræmi við ákvæði laganna. Í þessu samhengi er bent á að hin kærða ákvörðun sé íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun. Í ákvörðuninni beiti stofnunin mati og fylli í eyður þeirra réttarheimilda sem við eigi. Þegar stjórnvöld beiti slíku mati séu þau bundin af bæði jafnræðisreglunni og meðalhófsreglunni. Þá leiði það m.a. af lögmatísreglunni að ákvörðun verði að vera í samræmi við lög og eiga sér viðhlítandi stoð í þeim. Einnig sé mikilvægt að ákvörðun byggist á málefnalegum sjónarmiðum, en greining á því hvaða sjónarmið teljist málefnaleg sé af sama toga og hefðbundin lögskýring. Við slíka greiningu sé því byggt á öllum réttarheimildum sem þýðingu hafa í málinu, lögskýringargögnum og viðurkenndum lögskýringarsjónarmiðum. Þá sé einnig rétt að ítreka það megin sjónarmið, sem liggja að baki meðalhófsreglunni, að stjórnvaldi sé ekki aðeins skylt að líta til þess markmiðs sem starf þess stefni að, heldur beri því einnig að taka tillit til hagsmuna og réttinda þeirra aðila sem athafnir stjórnvaldsins og valdbeiting beinist að. Ekki verði séð að ákvörðun Neytendastofu sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar séu til ákvarðanatöku stjórnvalda í stjórnsýslulögum.

121. Þá er í kærinni fjallað um tilvísanir Neytendastofu til tilskipunar 87/102/EBE. Telur kærandi nauðsynlegt að taka fram að Neytendastofa geti ekki farið eftir öðru en íslenskum lögum, eftir atvikum túlkuðum með hliðsjón af EES-rétti. Stofnunin geti því aldrei byggt ákvörðun á Evróputilskipun. Þá er bent á að það sé skýrt af gildissviði tilskipunarinnar að hún nái ekki til fasteignaveðlána og hafi engin tilskipun Evrópusambandsins um fasteignaveðlán verið

innleidd í íslenskan rétt. Alþingi hafi á hinn bóginn ákveðið á árinu 2000 að íslensk lög um neytendalán skyldu einnig ná til fasteignaveðlana. Þessi breyting á gildissviði íslenskra laga geti þó aldrei þýtt að ákvæði tilskipunar 87/102/EBE gildi um íslensk fasteignaveðlán og beri því alfarið að leysa úr álitamálum er varði fasteignaveðlán á grundvelli íslenskra laga en ekki EES-réttar.

122.Í kæru er síðan vikið að umfjöllun Neytendastofu um upplýsingagjöf til neytenda um verðtryggð lán. Neytendastofa hafi metið það svo að löggjafinn hefði þurft að undanskilja verðtryggingu sérstaklega frá upplýsingagjöf samkvæmt lögum um neytendalán ef ætlunin hefði verið að takmarka upplýsingagjöf til neytenda. Einnig komi fram það mat Neytendastofu að slíkt hafi ekki verið gert. Kærandi vill í þessu samhengi benda á ákvæði 12. gr. laga nr. 121/1994, en þar sé tekið af skarið um að heimili lánsamningur verðtryggingu eða breytingu á vöxtum, en ekki sé unnt að meta hverju hún nemi á þeim tíma sem útreikningur sé gerður, skuli miða við að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans. Þannig sé í 12. gr. laganna lögfest sérstök regla um upplýsingagjöf til neytenda þegar veitt séu verðtryggð lán. Aðalatriðið sé að „óbreytt“ í þessum skilningi geti ekki þýtt neitt annað en að miðað sé við sömu vísitölu og í gildi sé á þeim tíma sem lán sé tekið, enda mæli vísitala „verðlag“. Þannig svari lagagreinin algjörlega þeim spurningum sem séu uppi í málinu. Hafi ætlunin verið að lánveitendur spáðu fyrir um þróun verðlags hefði þurft að taka það fram. Slík löggjafarstefna hefði þó verið fullkomlega óraunhæf því fasteignaveðlán séu veitt til langs tíma, oft áratuga, en verðlagsþróun sé einfaldlega ekki unnt að sjá fyrir. Það sem vegi á móti þessari óvissu sé að kaupmáttur haldist sögulega í hendur verið verðlagsþróun.

123.Í framhaldi af þessu er í kæru rakið að lögskýringargögn um 12. gr. laga nr. 121/1994 séu mjög rýr, enda sé ákvæðið skýrt. Ákvæðið hafi fyrst verið lögfest með lögum nr. 30/1993 um neytendalán. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/1993 hafi verið lagt til að ákvæðið næði aðeins til lánsamninga sem heimiluðu breytingu á vaxtagjöldum. Er efni lögskýringargagna síðan rakið og gerð athugasemd við óskýra framsetningu og mótsagnir í ákvörðun Neytendastofu að þessu leyti. Þegar texti lagaákvæðis sé jafn skýr og að framan greini, þ.e. um að miða eigi við óbreytt verðlag, þurfi ekki að fást um aðra lögskýringarkosti. Lögskýringargögn breyti ekki þeirri stöðu, né heldur áðurnefnd tilskipun, sem eigi ekki við um fasteignaveðlán. Texti ákvæðisins hafi verið túlkaður svo af kæranda og öðrum fjármálafyrirtækjum, sem og lántakendum, í meira en tuttugu ár, að með orðinu „óbreytt“ í textanum sé átt við að í útreikningi eigi að miða við óbreytta vísitölu frá grunnvísitölu lánsins og því eigi ekki að sýna neinar breytingar á verðlagi í upplýsingum sem neytendum séu veittar. Sé því gert ráð fyrir óbreyttri vísitölu út lánstímann, en að auki sé athygli lántaka vakin á því að áætlunin miði við óbreytta vísitölu, en að breytingar geti orðið á henni í samræmi við ákvæði samnings aðila. Hversu miklar þær breytingar gæti orðið viti einfaldlega enginn.

124.Í þessu sambandi árétti kærandi að breytingar sem verði á endurgreiðslum verðtryggðra lána vegna tengingar láns við vísitölu neysliverðs séu ekki einhliða breytingar fjármálafyrirtækisins á skilmálum lánsins, heldur sé um að ræða lögbundið kerfi sem samningsaðilar semji í upphafi um að miða endurgreiðslur við. Í ljósi alls þessa verði ekki séð

að neinn fótur sé í lögskýringargögnum fyrir niðurstöðu Neytendastofu um að ekki hafi verið „rétt að færa inn tölu sem væri 0% við gerð greiðsluáætlunar fyrir verðtryggð lán“. Virðist rökstuðningurinn byggja á því að krafa um lagaáskilnað sé fyrir hendi. Þá virðist rökstuðningurinn að einhverju leyti byggja á gagnályktun, sem felist í því að ef löggjafinn hafi ætlað að undanþiggja lánveitendur frá upplýsingagjöf um verðtryggingu hafi þurft að taka það sérstaklega fram í lögum nr. 121/1994. Allar þessar forsendur séu rangar og óskiljanlegt að stofnunin horfi ekki einfaldlega á lagaákvæðið og áralanga framkvæmd þess, svo ekki sé minnst á þann veruleika að engin fyrirmæli séu í lögum um hvernig eigi þá að áætla þennan óvissa kostnað sem falli til á áratugabili eftir að lán hafi verið veitt.

125. Löggjafinn hafi mælt fyrir um það í 12. gr. laga nr. 121/1994 hvernig haga skyldi upplýsingagjöf um verðtryggð lán. Þótt slíkt ákvæði væri ekki í lögum, og lögin kvæðu þannig ekki sérstaklega á um hvernig haga ætti upplýsingagjöf um verðtryggð lán, verði ekki fallist á þá túlkun Neytendastofu að í lögum þurfi að kveða á um allar mögulegar útfærslur upplýsingagjafar. Þess síður sé hægt á þessum grundvelli að vísa til þess að lánveitandi hafi átt að óska eftir skýrari undanþágu frá lögum að þessu leyti. Standist slíkur rökstuðningur ekki, enda sé hvergi í lögum kveðið á um að sú útfærsla sem notuð var við upplýsingagjöf hafi verið óheimil og enginn lagaáskilnaður fyrir hendi hvað það varði. Þá telji kærandi ekki nein rök fyrir því að beita gagnályktun með þeim hætti sem gert sé í hinni kærðu ákvörðun. Ljóst sé að í 6. gr. laga nr. 121/1994 séu taldar upp upplýsingar sem veita eigi neytanda við gerð lánsamnings. Almennu sé talið að gagnályktun verði einna helst beitt þegar um tæmandi talningu sé að ræða. Þegar atriði séu talin með tæmandi hætti í lagaákvæðum hafi verið talið að beita megi gagnályktun á þann veg að þau sem ekki hafi verið talin upp í viðkomandi lagaákvæði falli ekki undir sömu reglu og þau atriði sem talin séu upp heldur gagnstæða reglu.

126. Hvorki í 6. gr. laga nr. 121/1994 né í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/1993 eða 121/1994 komi fram að í ákvæðinu sé tæmandi talið hvaða upplýsingar eigi að veita eða hvernig eigi að veita þær þannig að hægt sé að gagnálykta frá því. Þá geti slík gagnályktun varla talist í samræmi við markmið laganna um að lánveitandi veiti eins skýrar upplýsingar og unnt sé til að gera lántaka auðveldara að meta hvort að hann vilji taka lánið eða ekki. Sú útfærsla á veitingu upplýsinga sem kveðið sé á um í lögum ætti því ekki að útiloka að veittar séu aðrar eða ítarlegri upplýsingar en þar sé kveðið á um, ef uppfyllt sé það skilyrði að upplýsa lántakanda nægjanlega um það að hann þurfi að vita um kostnað við lánsamninginn. Sé ekki kveðið á um neina útfærslu í lögum ætti það enn síður að útiloka upplýsingagjöf í öðru formi en talið sé upp í ákvæðinu. Þá sé ekki fallist á að gagnályktað verði frá heilum lagabálki með þeim hætti sem Neytendastofa geri í ákvörðun sinni. Upplýsingagjöf bankans við veitingu umrædds láns og síðar við skuldskeytingu hafi að öllu leyti verið í samræmi við ákvæði laga nr. 121/1994 og því beri að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi hvað varði 12. gr. laganna.

127. Þá er í kæru vikið að þeirri aðferð sem Neytendastofa telji að eigi að beita við upplýsingagjöf um verðtryggingu. Í ákvörðuninni hafi stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að lánveitendum hafi á grundvelli 12. gr. laga nr. 121/1994 borið að taka mið af vísitölu þess mánaðar þegar

lánveitandi lagði fram upplýsingar til neytanda í samræmi við ákvæði laganna. Verðbóta hafi átt að geta a.m.k. eins og um kostnað væri að ræða miðað við punktstöðu þess mánaðar, þ.e.a.s. 0,2%. Að mati kæranda hafi Neytendastofa með þessu tekið sér á hendur lagasetningarvald á sviði sem þegar sé búið að setja lög um. Verði ekki betur séð en þessi niðurstaða Neytendastofu sé í ósamræmi við lög og eigi sér ekki stoð í lögum. Þá sé hún algjörlega órökrétt. Ákvæði 12. gr. laga nr. 121/1994 sé skýrt um það að þegar um verðtryggða lánsamninga sé að ræða skuli miða upplýsingagjöf við „þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans“. Þær forsendur verðlags sem fram komi í umræddu veðskuldabréfi, og verðtryggðum lánsamningum almennt, felist í grunnvísitölu þeirri sem miðað sé við. Þannig breytist skuld neytanda í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs frá grunnvísitölu þeirri sem fram kemur í lánsamningnum. Engin önnur viðmið um verðlag komi fram í lánsamningi og hvergi sé kveðið á um það í lögum að veita eigi upplýsingar um breytingar sem orðið hafi á vísitölu mánuðinn áður en lánið var veitt. Ef vilji löggjafans hafi staðið til þess að lögfesta slíkt ákvæði hefði verið einfalt að orða slíkt með skýrum hætti eins og t.d. sé gert í 9. gr. laga nr. 121/1994 varðandi vexti.

128. Þá sé upplýsingagjöf sem miði við „punktstöðu“ þess mánaðar þegar lán var veitt mjög villandi eins og raunar komi fram á tilteknum stað í hinni kærðu ákvörðun og rökstutt sé nánar með dæmum í kæru. Sem fjármálafyrirtæki þekki kærandi vel eðli verðlagsbreytinga og áhrif þeirra á verðtryggð lán og viti því sem er, að ómögulegt sé að spá fyrir um þróun verðlags. Því sé ekki unnt að gefa lántökum upplýsingar um það hvernig greiðslubyrði verðtryggðra lána muni breytast til framtíðar. Vegna verðtryggðra lána hafi kærandi því miðað upplýsingagjöf við að grunnvísitala lánsins yrði óbreytt út lánstímann í samræmi við ákvæði 12. gr. laga nr. 121/1994.

129. Í kæru er síðan vikið að ákvæðum 4. og 7. töluliða 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 og bent á að í hinni kærðu ákvörðun hafi Neytendastofa komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hafi brotið gegn nefndum ákvæðum með því að gera ekki ráð fyrir kostnaði vegna verðbóta við útreikning á heildarlántökukostnaði og við gerð greiðsluáætlunar. Ákvörðunin sé rökstudd með því að Neytendastofa telji að beita verði sömu aðferðum við útreikning á heildarlántökukostnaði og gerð greiðsluáætlunar eins og við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, þ.e. að taka mið af mánaðarlegri breytingu vísitölu neysliverðs þegar samningur sé gerður. Í þessu sambandi telji kærandi nauðsynlegt að benda á að í framangreindum ákvæðum sé ekki fjallað um skyldu til að gera ráð fyrir kostnaði vegna verðbóta við útreikninga. Þannig segi í 4. tölulið 1. mgr. 6. gr. að lánveitandi skuli veita neytanda upplýsingar um heildarlántökukostnað í krónum, reiknaðan út samkvæmt 7. gr. Ekki sé heldur að finna neina leiðbeiningu í 7. gr. þar sem kveðið sé um að heildarlántökukostnaður feli í sér allan kostnað af láninu, þar með talda vexti og önnur gjöld sem neytandi skuli greiða af því, með þeim undantekningum sem greini í 3. mgr. Í 7. tölulið 1. mgr. 6. gr. sé kveðið á um að lánveitandi skuli veita neytanda upplýsingar um fjölda einstakra greiðslna, fjárhæð þeirra og gjalddaga. Verði því ekki séð að nokkur lagastoð sé fyrir niðurstöðu Neytendastofu. Lögskýringargögn veiti engar leiðbeiningar hvað varðar upplýsingagjöf samkvæmt 4. og 7. tölulið 1. mgr. 6. gr. og geti Neytendastofa því ekki stutt niðurstöðu sína við túlkun lögskýringargagna. Verði því

ekki séð að hin kærða ákvörðun sé í samræmi við lög eða eigi sér viðhlítandi stoð í þeim. Í ljósi þessa telji kærandi að fella eigi ákvörðun Neytendastofu úr gildi varðandi 4. og 7. töluliði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán.

130. Þá er í kæru vikið að þeim hluta ákvörðunar Neytendastofu er lýtur að því hvort viðskiptahættir kæranda hafi verið eðlilegir og réttmætir og tekið fram að kærandi mótmæli því að hafa brotið ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins við veitingu hins umdeilda láns, enda hafi bankinn í öllu farið að ákvæðum laga sem gildi um lánveitingar til neytenda. Verði að telja að veiting verðtryggðra lána geti ekki talist til villandi markaðssetningar ef vísað sé með skýrum hætti til þess að umrætt lán sé verðtryggt eins og gert hafi verið í hinu umdeilda veðskuldabréfi. Í því sambandi verði að líta til þess að verðtrygging hafi verið lögbundin í áratugi á Íslandi og ættu allir sem komnir séu til vits og ára að hafa a.m.k. lágmarksþekkingu á því hvað felist í verðtryggingu. Því megi gera ráð fyrir að lántakar viti að hverju þeir gangi þegar þeir taki lán sem skýrlega sé sagt vera verðtryggt. Upplýsingagjöf bankans hafi verið í samræmi við viðtekna túlkun á ákvæðum laga nr. 121/1994 og í fullu samræmi við þá framkvæmd sem tíðkaðist hjá lánveitendum í þau tuttugu ár sem lögin voru í gildi. Verði ekki séð að háttsemi kæranda geti talist fara í bága við þágildandi 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Ekki verði heldur séð að upplýsingagjöf bankans hafi verið óhæfileg gagnvart hagsmunum neytenda en eins og sýnt hafi verið fram á sé sú aðferð við upplýsingagjöf um verðtryggt lán sem kærandi hafi beitt skýr og einföld og í fullu samræmi við ákvæði 12. gr. laga nr. 121/1994.

131. Þá verði að skoða hagsmuni neytenda í því ljósi að verðlagsbreytingar hreyfi ekki einvörðungu við fjárhæð lána og greiðslubyrði, heldur einnig við tekjum og fasteignaverði. Hagsmunum greiðanda að skuld sé ekki raskað nema að því leyti sem síðarnefndu tveir þættirnir dragist aftur úr þeim fyrstnefndu. Alkunna sé að til lengri tíma sé fylgni þessara þátta mjög mikil. Spá með innbyggðum vísitölubreytingum segi því ekkert til um greiðslubyrði neytandans til framtíðar sem hlutfall af tekjum eða verðmæti húsnæðis. Til þess að upplýsingagjöf geti talist óhæfileg verði að miða við að sá sem upplýsingar skyldi veita hafi haft möguleika á því að veita betri upplýsingar sem hefðu verið til þess fallnar að gera neytandanum kleift að taka rétta ákvörðun. Með hliðsjón af takmörkuðu gildi þeirra upplýsinga sem Neytendastofa telji að bankanum hafi borið að veita telji kærandi að alls ekki hafi verið vegið að hagsmunum neytenda með þeirri upplýsingagjöf sem almennt tíðkaðist. Í þessu ljósi eigi að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi hvað varði 5. gr. laga nr. 57/2005.

132. Neytendastofa skilaði áfrýjunarnefndinni greinargerð, dags. 14. apríl 2014, vegna kærunnar. Að því er varðar upplýsingar um verðbótapátt í neytendalánum telur Neytendastofa að kærandi misskilji í grundvallaratriðum hvert sé markmið og tilgangur með upplýsingagjöf samkvæmt ákvæðum laga nr. 121/1994 um neytendalán. Í þessu samhengi er bent á að vísitölur sem nota megi hér á landi séu mældar, reiknaðar út og birtar mánaðarlega af Hagstofu Íslands, og að svo hafi verið allt frá upphafi þess að verðtrygging lánaskuldbindinga var lögleyfð hér á landi. Þessar upplýsingar liggja fyrir við gerð lánsamnings með sama hætti og upplýsingar um gildandi vexti á þeim tíma sem lán sé veitt. Engin krafa sé gerð um það,

hvorki í tilskipun né lögum sem innleiða hana, að lánveitandi þurfi að spá um þróun vaxta, vísitölu eða annars kostnaðar sem tengist lánveitingu. Gerð sé krafa um að lánveitandi dragi saman og upplýsi um allan kostnað sem þekktur sé þegar hann uppfylli upplýsingaskyldu sína. Jafnframt sé tekið fram að hann skuli geta um með hvaða hætti t.d. vextir og annar kostnaður, þ.m.t. vísitala geti tekið breytingum.

133. Af málsatvikum sé ljóst að kærandi hafi brugðist þeirri skyldu sinni samkvæmt lögnum að upplýsa við gerð lánsammansins um vísitölupátt lánsins eins og hann var við gerð greiðsluáætlunar og afhendingu á upplýsingum til neytanda á lántökudegi. Í því sambandi telji Neytendastofa ekki fullnægjandi að í skuldabréfinu hafi verið settar inn viðeigandi tölur um vísitölu eða geta um vísitölubindingu lánsins í yfirskrift þess. Augljóst sé af lögum nr. 121/1994 og þeirri formúlu sem upplýsingaskylda lánveitanda skuli byggjast á að færa verði inn alla vexti og kostnað sem vitað sé um á þeim degi sem lánveitandi uppfylli framangreinda upplýsingaskyldu. Tilgangur laganna, reglugerða og tilskipunarinnar sé ótvíræður og skýr. Kærandi hafi ekki veitt lántaka allar þær upplýsingar við töku lánsins sem lánveitanda bar að veita samkvæmt lögum. Það sé því ljóst að mati Neytendastofu að kæranda hafi verið óheimilt að setja 0% þegar fyllt var inn í þann hluta samevrópsku formúlunnar sem gildi um kostnað og vexti sem tiltaka verði þegar upplýsingar eru veittar til neytanda á grundvelli laganna.

134. Í hinni kærðu ákvörðun komi einnig fram að mánaðarlega séu birtar upplýsingar um þróun vísitölu sem nærri undantekningarlaust fari stighækkandi. Í ljósi meðalhöfsreglu stjórnisýsluréttarins hafi Neytendastofa talið að upplýsingagjöf væri að lágmarki að geta um mánaðarlega hækkun sem orðið hafi samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu á þeim degi sem lánveitandi fullnægi upplýsingagjöf sinni. Hér komi einnig til álita að gera kröfur um að það mánaðarlega hlutfall verði margfaldað með tólf þannig að umræddur kostnaður sé þá gefinn upp og tiltekinn sem árlegur kostnaður, en það sé tilgangurinn með upplýsingagjöf laganna. Það myndi veita neytendum mun betra viðmið þegar þeir beri saman reiknað núvirði skuldbindinga á annars vegar vísitölutryggðu láni og hins vegar láni sem sé óverðtryggt þar sem verðbótapáttur sé einmitt innifalinn í vaxtaþróun lánsins.

135. Í ljósi þess að um sé að ræða íþyngjandi ákvörðun hafi þó verið valin sú leið að gera aðeins kröfu um að kærandi miðaði við svonefnda punktstöðu sem vissulega geti falið í sér ófullnægjandi upplýsingagjöf til neytenda í einstaka tilvikum. Það breyti því þó ekki að áskilnaður laganna sé alveg skýr, þ.e. að lánveitanda standi ekki til boða að hafa framangreint hlutfall 0% þegar fyrir liggir að hann við afhendingu upplýsinga til neytenda viti að framangreint hlutfall sé hærra. Til greina gæti komið að nota núllpunkt í þeim fáeinu tilvikum þar sem slík mánaðarleg staða sé neikvæð, en yfirlit um þróun þessa kostnaðarþáttar á undanförunum áratugum sýni glögg að á ársgrundvelli sé ávallt hækkun mun meiri en nemur punktstöðu, eða að margfalda punktstöðu með tólf og gefa hana upp á ársgrundvelli. Lánveitandi þekki öll framangreind atriði, á honum hvíli skylda lögum samkvæmt að upplýsa lántaka um þau og geti ekki án lagaheimildar undanskilið þessar upplýsingar og veitt minni upplýsingar en lögin og tilskipunin geri skýra kröfu um að sé gert. Framfylgja verði þeim lögum og reglum sem séu í gildi hverju sinni og lánveitendur á markaði geti ekki tekið túlkun

og framkvæmd gildandi laga í sínar eigin hendur og ákveðið þannig hvernig þeir uppfylli reglur sem settar hafi verið hér á landi og á evrópska efnahagssvæðinu.

136. Þá er í greinargerðinni rakið að Alþingi hafi tekið sérstaka ákvörðun um að fella fasteignaveðlán undir þær almennu reglur sem gildi um neytendalán samkvæmt ákvæðum laganna án þess að gera nokkra sérstaka fyrirvara um birtingu upplýsinga vegna slíkra lánveitinga. Auk þess er bent á að verðtrygging neytendalána hafi frá upphafi verið tíðkuð við lánveitingar hér á landi án tillits til þess hvort trygging lánsins sé fasteignaveð, sjálfsskuldarábyrgð ábyrgðarmanna eða annars konar trygging fyrir endurgreiðslu lánsins. Neytendastofa hafi því alfarið leyst úr máli þessu á grundvelli íslenskra laga sem innleiði EES-rétt. Neytendastofa mótmæli þeirri túlkun kæranda að með orðinu „óbreytt“ hafi verið lögfest sérstök regla hér á landi sem heimili þá einhliða túlkun lánveitanda að með því eigi að setja inn 0% í reiknilíkan sitt þegar hann reikni út árlegan hlutfallskostnað og veiti neytanda upplýsingar í samræmi við ákvæði laganna. Á það sé bent að öll reiknilíkon hafi þennan reit til útfyllingar sem kærandi taki ákvörðun um að líta framhjá við lögbundna upplýsingaskyldu sína gagnvart lántakendum. Í ákvörðun Neytendastofu komi skýrt fram að miða verði að lágmarki við þá gildandi vísitölu á þeim degi sem upplýsingar séu veittar. Ákvæði tilskipunar 87/102/EBE sem séu innleidd hér á landi séu alveg skýr hvað þetta varði. Engin frávik hafi verið gerð af hálfu löggjafans og tekið fram í athugasemdum við frumvarp það sem síðar varð að lögum nr. 121/1994 að umrædd ákvæði skýrðu sig sjálf. Lánveitendur hafi yfirburðapekkingu á aðstæðum á fjármálamarkaði og þekki jafnt vexti, vísitölur og annan kostnað sem fylgi lánveitingum þeirra. Kærandi geti því ekki borið fyrir sig óskýrleika gildandi reglna eða vanþekkingu á því hvað umrædd upplýsingaskylda feli í sér.

137. Þá mótmæli Neytendastofa því að það gæti mótsagna í umfjöllun hennar um málið. Orðalag laganna undanþiggi á engan hátt lánveitanda frá skyldu til að upplýsa um verðbótaþátt svo sem kærandi hafi haldið fram, heldur sé þar aðeins bent á að nákvæma umfjöllun sé ekki að finna í athugasemdum við frumvarp er síðar varð að lögum um neytendalán um með hvaða hætti eigi að taka tillit til verðbótaþáttar við upplýsingagjöf til neytenda samkvæmt lögnum. Ljóst sé að engin undanþága sé frá þeirri reglu að geta eigi um það atriði. Lögin leyfi á engan hátt að lánveitandi hafi frjálst val um útfærslu að þessu leyti og geti því ákveðið að fylla aldrei inn neinar upplýsingar varðandi verðbólguþáttinn. Ráða megi af kærðu að kærandi telji að lög um neytendalán hafi ekki neina tæmandi talningu á þeim atriðum sem um sé að ræða. Neytendastofa bendi þó á að í 7. gr. laganna sé kveðið skýrt á um þetta atriði. Þá sé bent á að tilskipun nr. 87/102/EBE hafi verið breytt m.a. með tilskipun 90/88/EBE í þeim tilgangi að tryggja að aðeins ein samræmd stærðfræðiformúla væri notuð til útreikninga við upplýsingagjöf til neytenda. Framangreind tilskipun hafi verið innleidd hér á landi með reglugerð nr. 236/2000. Í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um framkvæmd tilskipunar 90/88/EBE sé fjallað ítarlega um skyldur lánveitanda á EES-svæðinu til að tilgreina vexti og allan kostnað við gerð útreikninga á grundvelli stærðfræðiformúlu í tilskipun ESB þegar þeir núvirði skuldbindingar neytenda og setji fram í einni tölu, þ.e. árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Það sé því alveg ljóst að reglur Evrópuréttarins séu að öllu leyti samræmdar og þar tæmandi talið hvaða liðir eigi að koma til útreiknings og skoðunar hjá lánveitanda þegar hann sinni upplýsingaskyldu sinni samkvæmt lögnum.

138. Af greinargerð kæranda virðist sem bankinn gæti ekki að því að ákvæði sem varða réttarreglur sem gildi um upplýsingaskyldu við veitingu neytendalána séu ekki aðeins í lögum frá Alþingi heldur einnig í reglugerðum sem settar séu á grundvelli laganna. Það sé því óskiljanlegt ef kærandi telji að unnt sé með einfaldri útfærslu að undanskilja atriði sem tilskipunin, lög um neytendalán og reglugerðir settar samkvæmt þeim beinlínis kveði á um að skuli gera. Í Evrópurétti sé lögð mikil áhersla á samræmingu að þessu leyti og önnur niðurstaða því ótæk og myndi gera upplýsingaskyldu lánveitenda og samanburð á milli þeirra algjörlega ómarktækan. Sú niðurstaða væri einnig í ósamræmi við áður nefnda skýrslu ESB um framkvæmd þessara ákvæða. Hafi það verið ætlun löggjafans að veita undanþágur frá samræmdum reglum á EES-markaði hefði verið eðlilegt að gera þá kröfu að sett væri undanþága að þessu leyti sem hefði þá getað stutt við þá útfærslu kæranda að gefa engar upplýsingar um kostnað sem sannanlega væri hluti af lánskjörum sem um ræddi. Það hafi á hinn bóginn ekki verið gert og væri því vafamál hvort slík undanþága hefði yfirhöfuð verið möguleg gagnvart samræmdum og ófrávíkjanlegum reglum Evrópuréttarins. Neytendastofa hafi því á engan hátt tekið sér lagasetningarvald heldur virðist þvert á móti sem kærandi telji sig geta sett eigin reglur um framkvæmd upplýsingagjafarinnar og litið framhjá samræmdum EES réttarreglum á þessu sviði sem innleiddar voru hér á landi með lögum nr. 121/1994 og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Neytendastofa fallist á það með kæranda að hafi vilji löggjafans staðið til þess að lögfesta slík ákvæði hefði væntanlega verið auðvelt að orða slíkt með skýrum hætti. Mál þetta sýni þó glögg að slíkur vilji hafi ekki verið fyrir hendi og sem fyrr segir fullur vafi hvort slíkt hefði verið heimilt, enda full samræming á reglunum staðreynd og svigrúm aðildarríkja því ekki fyrir hendi til að breyta frá þeim.
139. Neytendastofa telji að hafi verulegur vafi verið um framkvæmd laga nr. 121/1994 hafi verið full ástæða fyrir kæranda að gera hlutaðeigandi stjórnvöldum viðvart og óska eftir nánari upplýsingum. Neytendastofa geti ekki fallist á það að viðskiptavenja geti vikið til hliðar lögfestum rétti neytenda eins og skilja megi málatilbúnað kæranda. Að því er varði tilvísanir kæranda til þess að málið varði viðskiptabréf bendi stofnunin á að það hafi verið á ábyrgð útgefanda bréfsins að fylgja eftir þeim lögfestu reglum sem gildi um upplýsingaskylduna. Verði kærandi því að bera ábyrgð á því gagnvart þeim sem hann kunni að hafa framselt bréfið til. Þær almennu reglur séu ekki til umfjöllunar í máli þessu. Að því er varðar þann þátt málsins sem lýtur að villandi viðskiptaháttum segir í greinargerð Neytendastofu að ekki verði fallist á það með kæranda að umræddar upplýsingar hafi takmarkað gildi fyrir neytendur, enda sé um að ræða upplýsingar sem löggjafi Evrópusambandsins og Alþingi hafi ákveðið með lögum að skuli veita áður en lánsamningur sé gerður við neytendur.
140. Þá segir í greinargerðinni að því sé hafnað að með hinni kærðu ákvörðun hafi verið brotið gegn lögum um lögmatísreglu eða að ákvörðunin sé ekki byggð á málefnalegum sjónarmiðum. Ákvörðunin kveði á um brot kæranda gegn lögum nr. 121/1994 og lögum nr. 57/2005. Neytendastofa telji að í þessu hafi hún gætt meðalhófs. Þá fái stofnunin ekki séð með hvaða hætti brotið hafi verið gegn jafnræðisreglu. Málið hafi verið tekið upp á grundvelli mjög ítarlegrar kvörtunar. Sambærilegt mál hafi ekki komið til álita hjá Neytendastofu áður. Ekki hafi verið beitt annarri túlkun en í öðrum málum og ekki séu gerðar meiri kröfur eða gengið harðar að kæranda en öðrum aðilum sem veittu neytendalán í gildistíð laga nr. 121/1994.

141. Með bréfi, dags. 21. maí 2014, gerði kærandi athugasemdir við greinargerð Neytendastofu. Þar er ítrekað að ekki sé kveðið á um það í lögum nr. 121/1994 að verðbætur teljist til kostnaðar í skilningi laganna. Neytendastofa virðist í ákvörðun sinni og greinargerð ganga út frá því að verðbætur teljist til kostnaðar, án þess að sú niðurstaða sé rökstudd sérstaklega. Frumforsenda ákvörðunarinnar hafi því verið röng og þar af leiðandi skýringar á einstökum ákvæðum laganna. Í 6. gr. laga nr. 121/1994 sé ekki mælt fyrir um að lánveitandi skuli gefa neytanda upplýsingar um fjárhæð verðbótaþáttar vísitölubundins láns vegna framtíðar verðbóta. Þá sé í 7. gr. ekki kveðið á um að heildarlántökukostnaður feli í sér verðbótaþátt vísitölubundins láns. Í 12. gr. laganna sé svo allur vafi tekinn af og mælt fyrir um að óviss breytilegur kostnaður, líkt og verðbótaþáttur vísitölubundins láns, sé ekki hluti af upplýsingagjöf um árlega hlutfallstölu kostnaðar við sammingsgerð og því eigi að gera ráð fyrir að slíkur kostnaður sé óbreyttur til loka lánstímans. Hæstiréttur hafi staðfest þennan skilning kæranda. Þá telji kærandi að lögin séu skýr. Engin leið sé að spá fyrir um langtímaþróun vísitalna. Verðtrygging sé ákveðin leið til að semja um lægri vexti en að axla á móti áhættuna af þróun verðbólgu. Spá eða áætlun um verðbætur hafi því enga þýðingu í átt til aukinnar neytendaverndar. Bent sé á að í dómi Hæstaréttar Íslands 10. febrúar 2014 í máli nr. 805/2013 hafi rétturinn staðfest að verðbætur séu ekki hluti þess kostnaðar sem lánveitanda beri að upplýsa lántaka um við lánveitingu.

142. Kærandi bendi á að ekki sé kveðið á um það í lögum nr. 121/1994 að lánveitanda beri skylda til að veita upplýsingar um fjárhæð verðbótaþáttar vísitölubundins láns vegna framtíðarverðbóta, enda teljist verðbætur ekki kostnaður í skilningi laganna. Svo virðist sem Neytendastofa telji að lánveitendur eigi að veita upplýsingar um breytingar á nafnvirði láns. Þessu sé mótmælt af hálfu kæranda enda veiti hvorki lög né almenn skynsemi þessu sjónarmiði nokkra stoð. Þá geti breytingar á nafnvirði höfuðstóls láns eða afborgana af því aldrei talist til kostnaðar. Þá sé hvergi kveðið á um hvort reikna eigi árlega hlutfallstölu kostnaðar út miðað við raunvirði eða nafnvirði, en þau hugtök séu í sjálfu sér ekki notuð í lögnum. Nauðsynlegt sé að gera skýran mun á nafnvirði og raunvirði. Nafnvirði sé virði eignar eða skuldar í peningum. Raunvirði sé hins vegar virði eignar eða skuldar samanborið við virði annarra hluta. Nafnvirði aukist í verðbólgu í samræmi við hækkun verðbólguþéttis. Raunvirði haldist á hinn bóginn stöðugt. Þótt nafnvirði skulda hækki þá hækki raunvirði þeirra ekki. Breytingar á raunvirði láns geti bæði verið til hækkunar og lækkunar og séu þess eðlis að þær geti ekki talist kostnaður.

143. Þá árétti kærandi að framtíðarbreytingar á verðlagi séu óvissar. Þegar lántaki taki verðtryggt lán lofi hann að endurgreiða lánveitanda raunvirði lánsins. Á lántökudegi sé á hinn bóginn algjörlega ómögulegt að segja til um það hver nafnvirðishækkun lánsins verði á lánstímanum. Vegna þessarar óvissu sé mælt fyrir um það í 12. gr. laga nr. 121/1994 að ekki eigi að veita upplýsingar um fjárhæð verðbótaþáttar vísitölubundins láns vegna framtíðarverðbóta, heldur eigi að miða við að grunnvísitala haldist óbreytt til loka lánstímans. Kærandi telji þá afstöðu Neytendastofu, að geta hafi átt verðbóta a.m.k. eins og um kostnað væri að ræða miðað við punktstöðu þess mánaðar, eiga sér enga stoð í lögum, lögskýringargögnum eða tilskipun 87/102/EBE. Eins væri unnt að nota verðbólguþéttis, verðbólguþéttis Seðlabanka Íslands eða meðalþróun verðbólgu síðustu ára til að spá fyrir um nafnvirðishækkun lánsins. Séu

Íslenskar aðstæður hafðar í huga sé ljóst að spár um framtíðarþróun vísitölu neysluverðs séu marklausar og verulega villandi fyrir neytendur. Verði ekki séð að það geti verið hagur neytenda að fá upplýsingar um framtíðarþróun verðbótaþáttar vísitölubundins láns miðað við breytingu vísitölu neysluverðs milli fyrri mánaðar og þess mánaðar þegar upplýsingarnar eru veittar. Í sögulegu samhengi sé ljóst að slíkar upplýsingar gefi í öllum tilvikum ranga mynd af þróun vísitölu til lengri tíma og geti leitt til þess að neytendur treysti því að raunhækkun lánsins verði mun lægri en hún verði í reynd.

144. Þá sé ekki rétt hjá Neytendastofu að tala um punktstöðu þess mánaðar þegar lán sé veitt. Upplýsingar um vísitölu neysluverðs séu eðli málsins samkvæmt birtar eftir á og því sé sú punktstaða sem Neytendastofa vilji miða við í málinu, 0,2% hækkun á milli janúar og febrúar 2005, en lánið hafi verið veitt í mars 2005. Hækkun vísitölu neysluverðs milli febrúar og mars hafi verið 0,8%. Því væri réttara hjá Neytendastofu að miða við punktstöðu næsta mánaðar á undan þeim mánuði er lán var veitt. Kærandi minni loks á að helsti tilgangur með setningu laga um neytendalán hafi verið að bæta möguleika lántakenda á að bera saman mismunandi tilboð lánveitenda. Ekki verði séð að möguleikar um punktstöðu verðbóta geti hjálpað neytendum við þennan samanburð. Þvert á móti geti slíkar upplýsingar skekkt mjög samanburðinn. Séu upplýsingar um lánveitingar fengnar frá tveimur lánveitendum á sitt hvorum mánuðinum, og miði þar af leiðandi við sitt hvora punktstöðuna, geti þær gefið til kynna að hækkun lánanna verði með ólíkum hætti. Verði að telja slíkt mjög óheppilegt og villandi fyrir neytendur. Styðji það enn frekar það að upplýsingar um verðbótaþátt verðtryggðs lán teljist ekki til kostnaðar.

145. Kærandi geri einnig athugasemdir við nokkur einstök atriði í greinargerð Neytendastofu. Megi þar nefna ummæli í greinargerðinni er lúti að því að lánveitandi skuli geta um með hvaða hætti t.d. vextir og annar kostnaður, þ.m.t. vísitala geti tekið breytingum. Í þessu samhengi bendi kærandi á að í lögum um neytendalán sé hvergi tekið fram að lánveitendur skuli gera grein fyrir breytingum á vísitölu og hugtakið vísitala komi hvergi fram í lögnum. Þá sé mikilvægt að hafa í huga að lánveitanda beri að veita upplýsingar um allan kostnað sem þekktur sé. Framtíðarbreytingar á vísitölu séu alls ekki þekktar og alls kostar ómögulegt að spá fyrir um þær. Loks verði að gera athugasemd við þá ályktun sem Neytendastofa virðist draga af ákvæðum laganna að hækkun á höfuðstól og afborgunum lána vegna verðtryggingar þeirra teljist til kostnaðar.

146. Kærandi veki einnig athygli á ummælum í greinargerð Neytendastofu þar sem segi að til álita komi að gera kröfur um að það mánaðarlega hlutfall verði margfaldað með tólf þannig að umræddur kostnaður sé þá gefinn upp og tiltekinn sem árlegur kostnaður, en þar sem um íþyngjandi ákvörðun hafi verið að ræða hafi verið valin sú leið að gera aðeins kröfu um að kærandi að lágmarki gæti um svonefnda punktstöðu. Þetta stangist á við ummæli Neytendastofu í hinni kærðu ákvörðun um að orðalag 12. gr. um óbreytt verðlag leiði ekki ótvírætt af sér að taka eigi mið af ársverðbólgu síðastliðinna tólf mánaða fyrir samningsgerð. Þá séu ummæli um tilvik þar sem til greina kæmi að nota núllpunkt fyllilega órökstudd og eigi sér enga stoð í ákvæðum laga nr. 121/1994. Loks sé það rangt sem fram komi í greinargerð Neytendastofu að tilskipun 87/102/EBE kveði á um hvort eða hvernig veita eigi upplýsingar

um verðtryggingu eða vísitölu, enda komi hvorki hugtökin verðtrygging né vísitala fyrir í tilskipuninni.

147. Af hálfu Sabrinu Casadei var áfrýjunarnefndinni send greinargerð, dags. 3. ágúst 2014, vegna kærunnar. Voru þar áréttuð fyrri sjónarmið hennar og gerðar athugasemdir við ýmis atriði í kæru og athugasemdum kæranda. Að því er varðar túlkun á 12. gr. laga nr. 121/1994 kemur fram í erindi hennar að kærandi geti ekki borið fyrir sig að túlkun bankans á ákvæðinu leiði einnig til þess að honum sé ekki skylt að gefa upp verðbætur í greiðsluáætlun og heildarlántökukostnaði samkvæmt 6. og 7. gr. laganna. Þar eigi kærandi enga undankomuleið, enda sé í 7. gr. með tæmandi hætti greint frá því hvaða kostnaðarliði skuli ekki taka tillit til og þannig ljóst að engan veginn sé mögulegt að undanskilja verðbótakostnað. Það sé augljóst ósamræmi í því að lánveitandi beri að taka fram verðbætur í heildarlántökukostnaði og greiðsluáætlun en ekki í árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Lánveitandi með sína sérþekkingu ætti auðveldlega að hafa áttað sig á þessu misræmi og beri því ábyrgð á að hafa túlkað 12. gr. laga nr. 121/1994 með þeim hætti svo sem gert var. Þá eru í greinargerðinni áréttuð fyrri sjónarmið um skýringu orðsins „verðlag“ í umræddu lagaákvæði.

148. Um verðbótakostnað er ítrekað að um sé að ræða kostnað í skilningi laga nr. 121/1994. Í reglugerð um reikningsskil lánastofnana komi fram að verðbætur skuli færa undir rekstrarliðinn „vaxtatekjur o.fl.“ Þá sé fjármagnstekjuskattur lagður á verðbætur með sama hætti og vaxtatekjur. Það sé því fáránlegt af kæranda að ætlast til þess að litið sé svo á að sá verðbótakostnaður sem neytendur greiði honum teljist ekki vera kostnaður þótt kæranda sé skylt að bókfæra greiðslur þessara verðbóta sem tekjur. Sérstaklega sé þó ámælisvert af kæranda að líta svo á að þegar neytendur greiði verðbætur sé ekki um gjöld eða kostnað að ræða, en þegar hann greiði sjálfur verðbætur séu þær bókfærðar sem gjöld, þ.e. kostnaður með sama hætti og vaxtagjöld. Kærandi væri því að brjóta bókhaldsreglur ef hann hafnaði því að verðbætur sem hann greiði séu ekki kostnaður sem beri að bókfæra sem gjöld. Þá geti neytandi sem haldi bókhald engan veginn komist hjá því að skilgreina þær verðbætur sem hann greiði sem eitthvað annað en „gjöld“ og „kostnað“, enda sé hann ekki með neinar verðtryggðar tekjur til þess að veða á móti greiddum verðbótum. Neytendur gætu nýtt sér yfirlýsta afneitun kæranda um hvort verðbætur teljist til kostnaðar til að krefjast þess að verðbótapáttur vaxta og afborgana verði dreginn frá þeirri heildarupphæð sem þeim sé ætlað að greiða hverju sinni, enda sé þá þáttur upphæðarinnar ekki gjald sem neytendum beri að greiða. Í nýjum neytendalánalögum sé sérstaklega tekið fram að verðbætur séu kostnaður.

149. Í greinargerðinni kemur fram að það sé óboðlegur málflutningur af hálfu kæranda að ómögulegt sé að spá fyrir um verðbólgu og þar með áætla verðbótakostnað, enda geri lögin og tilskipun ráð fyrir að gefa eigi upp breytilega kostnaðarliði eins og þeir standi í upphafi lánsins en ekki áætla breytilegan heildarkostnað yfir allan lánstímann. Þá kemur fram að draga megí í efa þá afstöðu Neytendastofu að kæranda hafi borið að miða við 0,2% verðbólgu við útreikning árlegrar hlutfallstölu, enda myndi það leiða til þess að verðbótakostnaðurinn yrði 0% fyrir aðra mánuði ársins. Það væri lykilatriði að gefa upp breytilega kostnaðarliði eins og þeir væru þekktir í upphafi og gera ráð fyrir að þeir héldust óbreyttir út lánstímann.

150. Þá er áréttað að verðbætur teljist til kostnaðar í skilningi laga um neytendalán, enda vísi kærandi sjálfur til þess í málflutningi sínum að um sé að ræða kostnað. Þetta blasi einnig við ef litið sé til þess hvernig kærandi hagi upplýsingagjöf sinni eftir gildistöku laga nr. 33/2013. Aldrei hafi verið gerð sú krafa til kæranda að gerð yrði nákvæm spá fyrir langtímaþróun vísitalna. Í eldri lögum hafi kæranda einfaldlega verið veitt mikið frelsi til þess að meta þann kostnað sem kynni að falla til vegna verðtryggingu lánsins. Þá skipti hugleiðingar kæranda um muninn á raunvirði og nafnvirði ekki máli, enda snúist málið fyrst og fremst um það hvernig lánveitendur sem hyggist innheimta lánskostnað samkvæmt meintu raunvirði skulda þurfi að gera grein fyrir verðbótakostnaði í samræmi við neytendalöggjöf. Ennfremur sé bent á að kærandi hafi sjálfur verðmetið raunvirði fasteignaveðlana sem u.þ.b. helming af eftirstöðvum þeirra vegna uppgjors við forvera bankans á þeim eignatilfærslum sem urðu í kjölfar bankahrunsins.

## NIÐURSTAÐA

151. Í máli þessu er deilt um þá niðurstöðu Neytendastofu að kærandi hafi brotið gegn 12. gr. þágildandi laga nr. 121/1994 um neytendalán og 5. gr. þágildandi laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins með því að taka ekki tillit til verðbóta við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar og setja inn 0% sem verðbótaforsendu við útreikning hlutfallstölunnar og framlagningu upplýsinga vegna fyrrgreindrar lánveitingar 9. mars 2005. Í hinni kærðu ákvörðun var ennfremur talið að kærandi hefði brotið gegn 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 og 5. gr. laga nr. 57/2005 með því að taka ekki tillit til verðbóta við útreikning á heildarlántökukostnaði og síðastgreinda ákvæðinu, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994, með því að taka ekki tillit til verðbóta við framsetningu greiðsluáætlunar.

152. Eins og að framan er rakið tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun í tilefni af kvörtun Sabrinu Casadei vegna verðtryggðs húsnæðisláns hennar hjá kæranda. Forveri kæranda, sem bar þá sama nafn og kærandi, veitti Stefáni H. Ófeigssyni lánið í mars árið 2005 í formi veðskuldabréfs að fjárhæð 10.200.000 krónur. Í skilmálum veðskuldabréfsins sagði að skuldin skyldi endurgreiddast „með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana, jafngreiðslulán, að viðbættum verðbótum á hverja greiðslu samkvæmt vísitölu neysluverðs“. Þá sagði einnig í skilmálunum að skuldin væri „bundin vísitölu neysluverðs samkvæmt framansögðu og breytist í samræmi við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu bréfs þessa til gildandi vísitölu á gjalddaga“. Í gögnum málsins kemur fram að Sabrina mun í febrúar 2006 hafa orðið nýr skuldari lánsins með skuldskeytingu. Þá verður af gögnum málsins ráðið að í kjölfar ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins 14. október 2008 hafi kærandi tekið við réttindum og skyldum lánveitanda samkvæmt veðskuldabréfinu.

153. Í kvörtun Sabrinu til Neytendastofu voru gerðar kröfur í átta tölulíðum en með ákvörðun Neytendastofu var fallist á þær að því leyti sem greinir í ákvörðunarorði hinnar kærðu ákvörðunar og vísað hefur verið til. Á hinn bóginn var hvorki fallist á það með Sabrinu að kærandi hefði brotið gegn 2. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 að því er verðtryggingarákvæði samningsins varðaði né að verðtrygging lánsfjár almennt væri í andstöðu við lög. Þá var því hafnað að tilgreining í veðskuldabréfi, á því að vextir skyldu vera „fastir“, stæðu því í vegi að

kærandi gæti endurskoðað vexti á grundvelli ákvæðis lánsamningsins þar að lútandi. Loks tók Neytendastofa ekki afstöðu til þess hvernig fara skyldi með einkaréttarlegt uppgjör milli Sabrinu og kæranda vegna innheimtu verðbóta af umræddum samningi. Sabrina hefur ekki kært ákvörðunina til áfrýjunarnefndarinnar fyrir sitt leyti. Til úrlausnar fyrir áfrýjunarnefndinni er því hvort fella eigi ákvörðunina úr gildi eins og krafist er af hálfu kæranda. Reisir kærandi kröfur sínar á því að upplýsingagjöf við lánveitinguna hafi samrýmst orðalagi 12. gr. laga nr. 121/1994 og að afstaða Neytendastofu til þess hvernig reikna hafi átt út árlega hlutfallstölu kostnaðar skorti lagastoð. Upplýsingagjöf kæranda hafi af sömu ástæðum hvorki brotið gegn 4. og 7. töluliðum 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 né ákvæðum laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

154. Lánsamningur sá er mál þetta lýtur að var gerður í mars 2005. Með honum veitti forveri kæranda lán í atvinnuskyni til neytanda og tóku því þágildandi lög nr. 121/1994 um neytendalán til samningsins. Með þeim lögum voru endurútgefin lög nr. 30/1993 um neytendalán, en með síðarnefndu lögunum var meðal annars innleidd tilskipun ráðs Evrópubandalaganna nr. 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnisýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán. Í II. kafla laga nr. 121/1994 var fjallað um upplýsingaskyldu lánveitanda. Þar var meðal annars kveðið á um í 4. tölulið 6. gr. að við gerð lánsamnings skyldi lánveitandi gefa neytanda upplýsingar um heildarlántökukostnað í krónum. Að sama skapi skyldi lánveitandi samkvæmt 7. tölulið veita upplýsingar um fjölda einstakra greiðslna, fjárhæð þeirra og gjalddaga. Heildarlántökukostnaður í skilningi 4. töluliðar 6. gr. laga nr. 121/1994 var nánar skilgreindur í 7. gr. laganna. Í 1. mgr. greinarinnar kom fram að heildarlántökukostnaður fæli í sér allan kostnað af láninu, þar með talda vexti og önnur gjöld sem neytandi skyldi greiða af því.

155. Samkvæmt 5. tölulið 6. gr. laga nr. 121/1994 var lánveitandi einnig skylt að veita neytanda upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar, „þ.e. heildarlántökukostnað, lýst sem árlegri prósentu af upphæð höfuðstólsins og reiknaðri út skv. 10.-12.gr.“ Þá voru í 2. mgr. 7. gr. laganna voru taldir upp kostnaðarliðir sem ekki skyldi taka tillit til við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, en kostnaður lánveitanda vegna verðtryggingar lánsfjár var ekki talinn upp í ákvæðinu. Í 10. gr. laganna var fjallað um útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Þar sagði að umrædd hlutfallstala væri það vaxtaígildi sem jafnaði núvirðið af greiðsluskuldbindingum lánveitanda annars vegar og neytanda hins vegar samkvæmt lánsamningi þeirra. Árlegri hlutfallstölu kostnaðar skyldi lýst sem árlegri prósentu af höfuðstól lánsins eins og nánar skyldi mælt fyrir um í reglugerð. Hugtakið „heildarlántökukostnaður neytanda“ var einnig skilgreint í d. lið 4. gr. laganna sem „allur kostnaður sem hlýst af töku lánsins og neytanda ber að greiða, þar með talda vaxtagreiðslur“ en hugtakið „árleg hlutfallstala kostnaðar“ í e. lið sömu greinar sem „heildarlántökukostnaður sem hlýst af gerð lánsamnings, lýst sem árlegri prósentu af upphæð láns þess sem veitt er og reiknað út í samræmi við 10. – 12. gr.“

156. Í II. kafla laga nr. 121/1994 var gert ráð fyrir að lánsamningar gætu kveðið á um kostnaður lántaka væri breytilegur. Þá var að vissu marki kveðið á um hvaða þýðingu slíkt hefði við útreikning heildarlántökukostnaðar og árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Í 2. mgr. 6. gr. laganna.

var þannig fjallað um upplýsingaskyldu lánveitanda í tilvikum þar samningur kvæði á um að breyta mætti lánskostnaði, afborgunum eða öðrum atriðum lánskjara á samningstímanum. Skyldi lánveitandi þá greina neytanda frá því við hvaða aðstæður breytingarnar gætu orðið. Ef ekki væri unnt að reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar skyldi lánveitandi þess í stað skýra neytanda frá því hverjir vextir væru, hvaða gjöld féllu á lánið og við hvaða aðstæður breytingar gætu orðið. Í 9. gr. laganna, undir yfirskriftinni „breytilegur lántökukostnaður“, var og gert ráð fyrir að lántökukostnaður gæti verið breytilegur. Í ákvæðinu kom fram að aðilar gætu samið um að vextir væru að nokkru eða öllu leyti breytilegir og skyldi þá greint frá vöxtum eins og þeir væru á þeim tíma sem upplýsingarnar væru gefnar, tilgreint með hvaða hætti vextirnir væru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breyttust. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 121/1994 var upphaflega lagt til í 2. mgr. 9. gr. að framangreind regla 9. gr. gildi á sama hátt um aðra liði lánskostnaðar en vexti. Skyldi lánveitandi þá tilkynna lántakanda allar breytingar sem yrðu á árlegum nafnvöxtum eða öðrum kostnaðarliðum þegar breytingarnar yrðu. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi var 2. mgr. 9. gr. felld brott með þeim rökum að með henni væri lögð mjög rík tilkynningarskylda á lánveitendur sem erfitt gæti reynst að uppfylla. Telja yrði nægilegt að neytendur fengju skýrar og ótvíræðar upplýsingar við samningsgerðina, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Auk framangreinds var í 12. gr. laga nr. 121/1994 fjallað um hvernig reikna skyldi árlega hlutfallstölu kostnaðar í þeim tilvikum sem lásssamningur heimilaði verðtryggingu eða breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum. Sagði svo í ákvæðinu: „Ef lásssamningur heimilar verðtryggingu eða breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum sem teljast hluti árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður, skal reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans“.

157. Ljóst er af framangreindu að forvera kæranda var skylt samkvæmt 4. tölulið 6. gr. laga nr. 121/1994 að upplýsa lántakendur um heildarlántökukostnað vegna neytendalána og að til þess kostnaðar teldist allur kostnaður af lánum í samræmi við 7. gr. laganna. Á hinn bóginn voru ákvæði laganna ekki fyllilega skýr um það hvernig haga skyldi upplýsingagjöf þegar kveðið var á um breytilegan lántökukostnað, en ljóst er að heimilt var að semja um lán með slíkum kostnaðarliðum. Þannig var í 1. málslíð 2. mgr. 6. gr. einungis kveðið á um að greina skyldi frá því við hvaða aðstæður breytingar gætu orðið á lánskostnaði og sú regla var ítrekuð í 2. málslíð 9. gr. að því er varðaði vexti, auk þess sem tekið var fram að skylt væri að gefa upp vexti eins og þeir væru á þeim tíma sem lán væri tekið. Hvorki í 2. mgr. 6. gr. né 9. gr. laganna, sem þó fjölluðu um og gerðu ráð fyrir breytilegum lántökukostnaði samkvæmt framangreindu, var tekin bein afstaða til þess hvort eða hvernig ætti að upplýsa um fjárhæð annars mögulegs breytilegs lántökukostnaðar en vaxta.

158. Á hinn bóginn var í 12. gr. laganna kveðið á um að við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar skyldi við þessar aðstæður miða við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld yrðu óbreytt til loka lánstímans. Samkvæmt e. lið 4. gr. laganna var árleg hlutfallstala kostnaðar í raun heildarlántökukostnaður lýst með árlegri prósentu af fjárhæð láns. Af þessum sökum er ljóst að við ákvörðun heildarlántökukostnaðar, og upplýsingagjöf til lántakanda um þann kostnað greint sinn, bar að taka mið af þeim forsendum sem löggjafinn kvað á um að

taka bæri mið af við ákvörðun árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Við mat á því hvort upplýsingagjöf forvera kæranda hafi verið fullnægjandi um þann heildarlántökukostnað sem myndi hljótast af verðtryggingu lánsammansins er mál þetta lýtur að kemur því einkum til skoðunar hvort upplýsingagjöf um árlega hlutfallstölu kostnaðar hafi verið í samræmi við 12. gr. laga nr. 121/1994.

159. Eins og að framan greinir var í umræddri grein kveðið á um að ef lánsamningur heimilaði verðtryggingu skyldi reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld væru óbreytt til loka lánstímans. Í forvera ákvæðisins, 12. gr. laga nr. 30/1993, var á hinn bóginn ekki minnst á að miða skyldi við að verðlag héldist óbreytt heldur aðeins að vextir og annar kostnaður yrði óbreyttur til loka lánstímabils. Breytingin á orðalagi ákvæðisins var gerð með lögum nr. 101/1994, en í athugasemdum um breytinguna sagði aðeins að með henni væri orðalag ákvæðisins gert skýrara og að hugtakið verðtrygging væri notað í víðtækri merkingu þannig að það næði til hvers konar verðtryggingar sem væri heimilud hér á landi. Þá er ljóst af athugasemdum við 12. gr. í frumvarpi til laga nr. 30/1993 að ætlun löggjafans var að greinin svaraði til 6. og 7. töluliða a. 1. gr. a tilskipunar 87/102 EBE, þótt tilskipuninni væri ætlað þrengra gildissvið en lög nr. 30/1993 og síðar lög nr. 121/1994. Í þessu samhengi sagði einkum eftirfarandi í umræddum 6. tölulið a. lið 1. gr. tilskipunarinnar 87/102/EBE, sbr. tilskipun ráðsins 90/88/EBE: „Þegar um er að ræða lánssamninga, sem í eru ákvæði er heimila breytingar á vaxtagjöldum og upphæð eða stigi annars kostnaðar er fellur undir árlega hlutfallstölu kostnaðar en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður, skal reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar á þeirri forsendu að vextir og annar kostnaður verði óbreytanlegur og gildi fram til loka lánsammans.“

160. Íslenska ríkið hefur fullgilt og lögfest samninginn um Evrópska efnahagssvæðið milli aðildarríkja Evrópusambandsins annars vegar og EFTA-ríkjanna Íslands, Noregs og Liechtenstein hins vegar, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt 7. gr. sammansins skulu aðildarríki hans taka gerðir sem vísað er til eða finna má í samningnum upp í landsrétt sinn eins og nánar greinir í lagaákvæðinu. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 2/1993 skal skýra lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja. Er reglan meðal annars reist á meginreglu 1. gr. EES-sammansins um einsleitni og markmið hans um að ná fram samræmdri túlkun og beitingu sammansins og þeirra ákvæða í löggjöf Evrópusambandsins sem tekin eru efnislega upp í samninginn og tryggja þannig jafnrétti einstaklinga og aðila í atvinnurekstri að því er varðar fjórfrelsið og samkeppnisskilyrði. Af athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 2/1993 um 3. gr. verður ráðið að henni hafi verið ætlað að fullnægja skuldbindingu sammansaðila í bókun 35 við EES-samninginn, en í umræddri bókun segir meðal annars að komi til árekstra á milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmda og annarra settra laga skuldbindi EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefji, lagaákvæði þess efnis að EES-reglur gildi í þeim tilvikum. Í dómaframkvæmd hefur Hæstiréttur Íslands miðað við að 3. gr. laga nr. 2/1993 mæli svo fyrir um að skýra skuli lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur, sem á honum byggja. Slík lögskýring taki eðli máls samkvæmt til þess að orðum í íslenskum lögum verði svo sem framast sé unnt gefin merking, sem rúmast

innan þeirra og næst kemst því að svara til sameiginlegra reglna sem gilda eiga á Evrópskra efnahagssvæðinu, en hún geti á hinn bóginn ekki leitt til þess að litið verði fram hjá orðum íslenskra laga. Vísast um þetta meðal annars til dóms Hæstaréttar Íslands frá 9. desember 2010 í máli nr. 79/2010.

161.Í 3. kafla EES-samningsins er fjallað um einsleitni, tilhögun eftirlits og lausn deilumála. Þar segir í 108. gr. að EFTA-ríkin skuli koma á fót sérstökum EFTA-dómstóli. Með sérstökum samningi EFTA ríkjanna Íslands, Liechtenstein og Noregs komu umrædd ríki EFTA-dómstólnum á fót. Í samningnum kemur fram að markmið samningsríkjanna með samningsgerðinni sé að ná fram og halda samræmdri túlkun og beitingu EES-samningsins og þeirra ákvæða í löggjöf Evrópusambandsins sem tekin séu efnislega upp í þann samning, svo og að koma sér saman um jafnræði við málsmeðferð gagnvart einstaklingum og aðilum í atvinnurekstri að því er varðar fjórþætta frelsið og samkeppnisskilyrði. Í 34. gr. samningsins er kveðið á um lögsögu EFTA-dómstólsins til þess að gefa ráðgefandi álit um skýringu EES-samningsins. Segir þar að komi álitæfni upp í þessu sambandi við rekstur máls fyrir dómstóli í EFTA-ríki geti hann leitað eftir slíku ráðgefandi áliti enda telji hann nauðsynlegt að afla þess til að geta leyst úr máli. Með lögum nr. 21/1994 um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið var íslenskum dómstólum veitt heimild til að leita slíks ráðgefandi álits. Þótt álit dómstólsins séu ekki bindandi að íslenskum rétti hefur Hæstiréttur Íslands slegið því föstu að í samræmi við markmið EES-samningsins um samkvæmni og einsleitni í skýringu á ákvæðum EES-samningsins, skuli hafa hliðsjón af ráðgefandi álitum EFTA-dómstólsins við skýringar á efni ákvæða samningsins, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands 18. nóvember 1999 í máli nr. 169/1998.

162.Vegna tengsla 12. gr. laga nr. 121/1994 við 6. tölulið 1. gr. a tilskipunar 87/102/EBE reynir í máli þessu á hvernig skýra ber síðarnefnda ákvæðið að því er varðar útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar þegar lánessamningur kveður á um að höfuðstóll láns breytist í samræmi við tiltekna vísitölu á þann hátt að lántaki greiði sérstakar verðbætur í samræmi við breytingar vísitölnunnar. Nánar tiltekið lýtur úrlausn málsins að því hvort lánveitanda sé við slíkar aðstæður heimilt að miða við þá forsendu að vísitalan haldist óbreytt. Á þetta álitamál reyndi í dómi EFTA dómstólsins 24. nóvember 2014 í máli E-27/13. Dómstóllinn veitti umrætt álit sitt í kjölfar þess að Héraðsdómur Reykjavíkur óskaði ráðgefandi álits um það meðal annars hvort það samræmdist umræddri tilskipun að við gerð lánessamnings, sem bundinn væri vísitölu neysluverðs samkvæmt heimild í settum lögum og tæki því breytingum í samræmi við verðbólgu, væri við útreikning á heildarlántökukostnaði og árlegri hlutfallstölu kostnaðar, sem birtur væri lántaka við samningsgerðina, miðað við 0% verðbólgu en ekki þekkt verðbólguálag á lántökudegi. Í áliti sínu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að lánessamningur sem gerði ráð fyrir að verðbólguálag haldið væri í 0% á tímabili þar sem „raunveruleg verðbólga“ væri töluvert hærri, gæfi ekki rétta mynd af þeim kostnaði sem leiddi af verðtryggingu og þar með heildarlántökukostnaði í skilningi tilskipunarinnar. Slík yfirlýsing veitti því ekki raunhæfa mynd af árlegri hlutfallstölu kostnaðar eins og hún væri skilgreind í tilskipuninni.

163. Þegar forveri kæranda veitti lán það er mál þetta lýtur að, og hvers höfuðstóll var bundinn vísitölu neysluverðs, var sérstaklega tekið fram í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 121/1994 að við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar skyldi miða við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans. Orðalag ákvæðisins í þessari mynd, um að miða skyldi við óbreytt verðlag, studdi því að vissu marki þá aðferð forvera kæranda við útreikning hlutfallstölunnar, að miða við að verðbólga á lánstíma yrði engin. Við skýringu 1. mgr. 12. gr. laga nr. 121/1994 ber á hinn bóginn að gefa orðalagi lagaákvæðisins, svo framast er unnt, þá merkingu sem rúmast innan þess og næst kemst því að svara til 6. töluliðar 1. gr. a tilskipunarinnar 87/102/EBE eins og það ákvæði hefur verið skýrt af EFTA-dómstólnum. Að þessu virtu og sérstaklega með hliðsjón af 3. gr. laga nr. 2/1993 og dómi EFTA dómstólsins 24. nóvember 2014 í máli nr. E-27/13, þar sem leyst var úr sambærilegu álitaefni og hér um ræðir, verður að skýra 1. mgr. 12. gr. laga nr. 121/1994 á þá leið að við útreikning árlegrar hlutfallstölu hafi verið skylt að miða við að verðlagsþróun yrði óbreytt út lánstímann. Hafi það verið ósamrýmanlegt þeirri kröfu að miða greiðsluáætlun lántaka við að verðbólguþing yrði 0% svo sem gert var.
164. Í ljósi þessa verður staðfest sú niðurstaða Neytendastofu að kærandi hafi brotið gegn 1. mgr. 12. gr. laga nr. 121/1994 með því að taka ekki tillit til verðbóta við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar og miða við 0% verðbólgu við útreikning hennar. Vegna þess sem að framan er rakið um tengsl árlegrar hlutfallstölu kostnaðar og heildarlántökukostnaðar verður með sömu rökum staðfest sú niðurstaða Neytendastofu að af hálfu kæranda hafi verið brotið gegn 4. tölulið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 með því að taka ekki tillit til verðbóta við útreikning á heildarlántökukostnaði. Í 7. tölulið sömu lagagreinar er lögð sú skylda á lánveitanda að gefa neytanda upplýsingar um fjölda einstakra greiðslna, fjárhæð þeirra og gjalddaga. Með vísan til þess að forvera kæranda bar að taka tillit til verðlagsbreytinga þegar lántakandi var upplýstur um heildarlántökukostnað verður og að álíta að hið sama hafi átt við þegar upplýsingar voru veittar um einstakar greiðslur. Verður því staðfest sú niðurstaða Neytendastofu að af hálfu kæranda hafi verið brotið gegn umræddu lagaákvæði.
165. Samningur sá er mál þetta lýtur að var gerður þegar í gildi var ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins sem var svohljóðandi: „Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“ Fyrir liggur að upplýsingagjöf forvera kæranda til lántaka var ekki í samræmi við ákvæði laga nr. 121/1994 en markmið laganna var að þessu leyti að neytandi hefði réttar upplýsingar um þær skuldbindingar sem hann hygðist takast á hendur, enda gætu slíkar upplýsingar skipt máli við ákvörðun hans um lántökuna. Þótt lántaka hafi ekki getað dulist að höfuðstóll lánsins væri bundinn vísitölu neysluverðs og að slík verðtrygging telst efnislega ekki ósanngjörn í skilningi laga verður ekki framhjá því litið að upplýsingagjöfin var ekki í samræmi við ákvæði laga og þar af leiðandi villandi. Verður því staðfest sú ákvörðun Neytendastofu að af hálfu kæranda hafi verið brotið gegn 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum, eins og ákvæðið var þegar atvik málsins áttu sér stað, með því að taka ekki tillit til verðbóta við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar.

166.Í hinni kærðu ákvörðun tók Neytendastofa afstöðu til þess hvernig forvera kæranda var skylt að uppfylla upplýsingaskyldu sína til lántakanda að því er varðaði verðtryggingu láns. Komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að rétt væri að túlka 1. mgr. 12. gr. laga nr. 121/1994 þannig að verðbóta hefði „a.m.k. átt að geta eins og um kostnað væri að ræða miðað við punktstöðu þess mánaðar“ sem lántaka voru veittar upplýsingar um kostnað vegna lántökunnar. Í tilviki lánsins er málið lýtur að var síðasta mánaðarlega hækkun vísitölu neysluverðs áður en lántaka voru veittar upplýsingar um lántökuna 0,2%. Af þessu tilefni tekur áfrýjunarnefndin fram að lánveitanda bar, eins og 1. mgr. 12. gr. laga nr. 121/1994 verður skýrð með hliðsjón af dómi EFTA dómstólsins 24. nóvember 2014 í máli nr. E-27/13, að reikna árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við þá forsendu að verlagsþróun yrði óbreytt til loka lánstímans. Ólíkt núgildandi lögum nr. 33/2013 um neytendalán var í lögum nr. 121/1994 ekki tekin afstaða til þess hvernig lánveitandi skyldi uppfylla þessa skyldu sína. Hafði forveri kæranda því nokkuð svigrúm til að leggja mat á það hvernig ætla mætti að verðlagsþróun yrði háttáð út lánstímann.

167.Í framangreindum dómi EFTA-dómstólsins segir eftirfarandi: „Lánssamningur sem gerir ráð fyrir að verðbólgestig haldist í 0%, á tímapunkti þar sem raunveruleg verðbólga er töluvert hærri, gefur ekki rétta mynd af þeim kostnaði sem leiðir af verðtryggingu og þar með heildarlántökukostnaði [...] Slík yfirlýsing veitir því ekki raunhæfa mynd af árlegri hlutfallstölu kostnaðar“. Af þessum ummælum verður annars vegar ráðið að lánveitanda bar að leggja mat á þann óvissa kostnað sem kveðið var á um í lánssamningi að lántaki þyrfti líklega í framtíðinni að greiða vegna verðtryggingar sammingsins. Hins vegar verður af tilvísun EFTA-dómstólsins til „raunverulegrar verðbólgu“ ráðið að við þetta mat hafi lánveitanda borið að taka mið af verðlagsþróun í aðdraganda lánveitingarinnar. Á hinn bóginn verður ekki betur séð en að í ákvörðun Neytendastofu hafi verið gengið út frá að verðbólga á ársgrundvelli kynni til framtíðar að verða sú sama og á einum mánuði í aðdraganda lánveitingarinnar. Með hliðsjón af þessu og þeim upplýsingum sem fyrir liggja um verðlagsþróun í aðdraganda þeirrar lánveitingar er mál þetta lýtur að, sem var til þrjátíu ára, verður talið að lánveitanda hafi hvorki verið heimilt, við ákvörðun árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, að miða við 0% verðbólgu, eins og lánveitandi gerði, né 0,2% verðbólgu milli tveggja síðustu mánaðanna í aðdraganda lántökunnar, eins og gert í ákvörðun Neytendastofu, enda gaf hvorug hlutfallstalnanna „rétt mynd“ af þeim kostnaði sem líklegt var, með hliðsjón af verðlagsþróun, að lántaki myndi þurfa að bera vegna lántökunnar.

168.Að þessu virtu verður niðurstaða hinnar kærðu ákvörðunar staðfest.

**ÚRSKURÐARORÐ:**

Hin kærða ákvörðun er staðfest

Hildur Dungal

Egill Heiðar Gíslason

Halldóra Þorsteinsdóttir